


skoðun 12

2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Allt
Veiði








# FRÉTTABLAÐIÐ

Þriðjudagur
17. maí 2011
113. tölublað 11. árgangur
Sími: 512 5000

10 ÁRA
2001 - 2011
MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*
*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar – mars 2011




## Listrænt flöskuskeyti

*Flöskuskeyti Listasafns Reykjavíkur fannst við Noregsstrendur.*

**tímamót** 14

## Harpa rokkar

*Rokkið hljómaði frábærlega í Eldborgarsal Hörpu, að mati Jónasar Sen.*

**menning** 24



## KR-ingar á góðu skriði

*KR er með tveggja stiga forskot á toppnum en FH-ingar hiksta áfram.*

**sport** 26

## veðrið í dag




**VAXANDI A-ÁTT** með vætu S-lands í dag. Þurrt að mestu N-til en fer að rigna NA- og A-lands í kvöld. Hiti 2-12 stig, mildast V-til.

**VEÐUR** 4

# Ákærður fyrir að fótbrjóta ökuníðing

**Ungur maður vill bætur frá lögregluvarðstjóra eftir að hraðakstri lauk með beinbroti. Í ákæru er varðstjórinn talinn hafa ekið ógætilega. Hann neitar sök.**

**DÓMSMÁL** Ríkissaksóknari hefur ákært lögreglumann fyrir líkamsmeiðingar af gáleysi og umferðarlagabrot. Meint brot áttu sér stað þegar lögreglumaðurinn veitti ökumanni eftirför úr Reykjavík í Mosfellsbæ.

Lögreglumaðurinn er rúmlega fimmtugur og starfar sem varðstjóri hjá lögreglunni á höfuðborgarsvæðinu. Ákæran á hendur honum var þingfest í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær og neitaði hann sök.

Í ágúst í fyrra var hann undir stýri lögreglubíls og mældi ungan ökumann á of miklum hraða í Reykjavík. Hann gaf honum í kjölfarið merki um að stöðva bílinn en sá virti það að vettugi, ók greitt um götur borgarinnar og síðan áleiðis í Mosfellsbæ. Maðurinn ók að lokum inn í öngstræti í Leirvogstungu og neyddist til að stöðva bílinn. Hann stökk síðan út úr honum.

> Það er ansi napurlegt að lögreglumenn sem eru að vinna vinnuna sína eigi á hættu að vera gerðir persónulega ábyrgir
>
> **SNORRI MAGNÚSSON**
> FORMAÐUR LANDSSAMBANDS LÖGREGLUMANNA

Lögregluvarðstjórinn kom aðvífandi á bíl sínum, en tókst ekki að stöðva hann í tæka tíð og ók á unga manninn sem hlaut opið beinbrot á vinstra fæti. Í ákæru er því haldið fram að varðstjórinn hafi ekið ógætilega að bílnum og of hratt miðað við aðstæður og þannig orðið valdur að slysinu. Ungi maðurinn fer fram á ríflega tvær og hálfa milljón króna í bætur frá lögreglumanninum.

Snorri Magnússon, formaður Landssambands lögreglumanna, segir í samtali við Fréttablaðið að þó að hann geti ekki tjáð sig um þetta einstaka mál að svo stöddu, þyki honum mál af þessum toga almennt orka tvímælis.

„Það er ansi napurlegt að lögreglumenn sem eru að vinna vinnuna sína eigi á hættu að vera gerðir persónulega ábyrgir í svona málum. Við veltum því fyrir okkur hver ábyrgð vinnuveitanda sé í þessum tilfellum.“ Snorri bætir því við að málarekstur hafi í för með sér mikil fjárútlát og komi illa við þá sem þurfa að standa í slíku. Því séu þessi vinnubrögð ámælisverð. **- sh, þj**



**SPÁÐ Í VERÐLAUNIN** Stórsöngvarinn Kristinn Sigmundsson hlaut í gær viðurkenningu fyrir framlag sitt til að auka hróður Íslands á erlendri grundu. Hér sjást Kristinn og Ásgerður Þórisdóttir, kona hans, virða fyrir sér verðlaunagripinn ásamt Dorrit Moussaieff forsetafrú. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Dalmatíuhundur réðst á póstburðarkonu í Mosfellsbæ:

# Stórslösuð eftir árás hunds

**MOSFELLSBÆR** Kona á fertugsaldri hlaut opið beinbrot á legg og sár á kviði þegar hún varð fyrir tilefnislausri árás dalmatíuhunds í gærmorgun.

Að sögn föður konunnar var hún að störfum við að bera út póst í íbúðahverfi í Mosfellsbæ þegar hún kom að húsi þar sem hundurinn var úti í garði ásamt eiganda sínum.

Faðir konunnar segir að þá skipti engum togum að hundurinn hafi rifið sig lausan og stokkið umsvifalaust á konuna og bitið hana í kviðinn. Við það hafi konan hrasað illa og fótbrotnað eins og áður sagði.

Eigandi hundsins var fljótur á vettvang og losaði hundinn af konunni, að því er faðir hennar segir. Voru sjúkrabíll og lögregla kvödd á svæðið. Faðir konunnar segir ljóst að hún muni verða frá vinnu í sumar hið minnsta. **- þj**



**BALTASAR KORMÁKUR** Breskt fyrirtæki hefur keypt víkingamynd Baltasars.

Víkingar í faðm Breta:

# Working Title kaupir víkingamynd Baltasars

**FÓLK** Breska framleiðslufyrirtækið Working Title Films hefur fest kaup á kvikmyndaréttinum að víkingamynd Baltasars Kormáks. Working Title Films er virt fyrirtæki en leiðir þess og Baltasars lágu saman við gerð kvikmyndarinnar Contraband sem er endurgerð íslensku spennumyndarinnar Reykjavík-Rotterdam.

Working Title Films gerir margar kvikmynda sinna í samstarfi við Universal og Baltasar Kormákur er hóflega bjartsýnn á framhaldið. „Þeir koma hingað á miðvikudag til að skoða aðstæður.“ **- fgg /** **sjá síðu 30**

Látnir í umferðarslysum:

# Fjörutíu prósent beltislaus

**SAMGÖNGUR** Á tímabilinu 2000 til 2009 létust 225 manns í 190 umferðarslysum á Íslandi.

Algengustu dánarorsakir voru lífshættulegir áverkar á höfði og brjóstholi. fjórðungur á aldrinum 16 til 25 ára.

Fjórðungur látinna var á aldrinum 16 til 25 ára. Sextíu og átta prósent þeirra sem létust voru karlmenn og nítján prósent voru undir áhrifum vímuefna. Tæp fjörutíu prósent af þeim sem létust í umferðarslysum voru beltislaus.

Þetta kemur fram í rannsókn Kára E. Þórðarsonar, þriðja árs læknanema, sem unnin var úr gögnum rannsóknarnefndar umferðarslysa. **- sg /** **sjá Allt í miðju blaðsins**









## SPURNING DAGSINS



*Elín, munt þú ekki vita smáaura þinna tal eftir sumarið?*

„Jú, og ég hlakka til að leggja afraksturinn inn í Gleðibankann í sumarlok.“

Tónlistarkonan Elín Ey vinnur fyrir sér með því að „böska“ í miðbæ Reykjavíkur í sumar og treystir á að vegfarendur láti fé af hendi rakna fyrir tónlistarflutninginn.

Unir varðhaldsúrskurði vegna ætlaðrar manndrápstilraunar í Grafarholti:

# Eiginkonan enn í öndunarvél

**LÖGREGLUMÁL** Konan sem varð fyrir árás eiginmanns síns á heimili þeirra í Grafarholti á sunnudagsmorgun var enn þungt haldin í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítalans í gærkvöldi. Maðurinn var á sunnudagskvöld úrskurðaður í gæsluvarðhald til 30. maí grunaður um manndrápstilraun.

Maðurinn, sem er 61 árs, undi gæsluvarðhaldsúrskurðinum. Hann var ekki yfirheyrður frekar vegna málsins í gær.

Maðurinn er talinn hafa tekið konuna kverkataki og skert með því súrefnisflæðið að heila hennar þar til hún missti meðvitund.



**Á LEIÐ Í VARÐHALD** Maðurinn var leiddur fyrir dómara á sunnudagskvöld og úrskurðaður í varðhald.

Hann hringdi sjálfur á sjúkrabíl. Þegar sjúkraflutningamenn komu á vettvang var konan ekki með lífsmarki. Þeir endurlífguðu hana og fluttu á spítala. Konan er 43 ára.

Hjónin voru ein á heimilinu þegar árásin átti sér stað. Ekki hafa fengist upplýsingar um aðdraganda hennar. Maðurinn var í annarlegu ástandi þegar hann var handtekinn.

Hjónin hafa verið í nokkurri óreglu samkvæmt heimildum Fréttablaðsins. Maðurinn hlaut um miðjan níunda áratuginn tveggja ára fangelsisdóm í fíkniefnamáli sem þá var hið stærsta sem upp hafði komið hérlendis. **- sh**

Kólnandi veður í lok vikunnar:

# Um 5 stiga frost á Akureyri

**VEÐUR** Veðurstofan spáir kólnandi veðri þegar líða tekur á vikuna.

Í hádeginu á fimmtudag verður hitinn við frostmark á Akureyri en hlýrra verður annars staðar á landinu. Á föstudag verður hitinn kominn undir frostmark og í hádeginu er spáð 4 stiga frosti á Akureyri og úrkomu.

Ekki tekur betra við þegar helgin gengur í garð því á laugardag og sunnudag spáir Veðurstofan 5 stiga frosti á Akureyri en 4 til 5 stiga hita í Reykjavík.

Uppboð örvar fjárfestingar:

# Aflandskrónum komið í vinnu

**EFNAHAGSMÁL** Seðlabankinn áformar að efna til uppboðs á erlendum gjaldeyri fyrir eigendur aflandskróna. Um tilraunaverkefni er að ræða og verða lágar fjárhæðir boðnar upp, að sögn Más Guðmundssonar seðlabankastjóra.



**MÁR GUÐMUNDSSON**

Már fjallaði um bankakreppuna, gjaldeyrishöftin og afnám þeirra í erindi á ráðstefnu evrópskrar rannsóknarmiðstöðvar í Brussel í gær. Bloomberg-fréttastofan hefur eftir seðlabankastjóranum að uppboðið sé hluti af afnámi haftanna og vonist hann til að þær leiði til þess að örva hér fjárfestingu.

Már sagðist vona að fyrsta uppboðið verði auglýst innan tveggja vikna en útilokaði ekki að það yrði gert á föstudag. **- jab**

Flugslys fyrir tveimur árum:

# Upptökur flugrita skoðaðar

**FRAKKLAND, AP Allt efni af flugritum Air France vélarinnar, sem fórst í Atlantshafi fyrir tæpum tveimur árum, hefur verið afritað. Rannsakendur hafa hafist handa við að skoða efnið. Frá þessu var greint í gær.**

**Margar vikur mun taka að greina efni flugritanna, sem vélmenni náðu af hafsbotni fyrr í mánuðinum.**

**Vél Air France fórst með 228 manns um borð árið 2009. Ekki er vitað hvað olli slysinu. Aukin áhersla hefur verið lögð á að komast að því eftir að flugfélagið og Airbus, framleiðandi vélarinnar, voru ákærð fyrir manndráp vegna slyssins í mars.** **- þeb**

# Blá lömb spígspora um Steingrímsfjörð

**Bóndinn á Bassastöðum sneri á tvær ær sem höfnuðu lömbum sínum með því að sprauta þau með efni sem blekkir lyktarskyn. Hann valdi lömbunum bláan lit af pólitískum ástæðum en segir litinn verða horfinn í göngum næsta haust,**

**LANDBÚNAÐUR** „Gamlir og þrjóskir bændur eru búnir að finna upp alls konar brellur,“ segir Guðbrandur Sverrisson, bóndi á Bassastöðum í Steingrímsfirði, sem heilsprautaði í vor fjögur nýborin lömb með bláum merkjalit.

Guðbrandur segir að tvær ær sem voru tvílembdar hafi báðar hafnað öðru lamba sinna. Sjálfar séu kindurnar litblindar en þekki lömbin á lyktinni. Hann hafi hins vegar séð við lyktarskyni þeirra.

„Ég hef fundið það út að ein af fljótlegustu lausnunum þegar ær afneita lömbum, sem eru orðin þurr og kannski tveggja daga gömul, er að úða einhverju yfir þau sem eyðir lyktinni. Síðan gera gamlir og grónir framsóknarmenn rollunni það til háðungar að hafa lömbin blá,“ segir Guðbrandur og hlær.

Guðbrandur útskýrir að aðferðin virki ekki ef ær sem sé tvílembd afneitar báðum lömbunum. „Þær vita að þær eiga annað lambið og þetta er gert til þess að þær finni ekki muninn á lömbunum,“ segir fjárbóndinn og undirstrikar að vanda verði vel til verksins og gæta að að liturinn fari á allt lambið. „Ef þær finna einhvern smá blett þar sem þær ná þessari eðlilegu lykt af lambinu þá þekkja þær það eins og skot.“

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem Guðbrandur beitir litaúðunar-brellunni. „Í fyrra var farið að sleppa á fjall þegar einn gamall kom til mín og spurði hvort það væri virkilega farið að vera með nýtt litaafbrigði á fénu. Þá hafði hann farið langt fram á dal og fann þar kind með græn lömb. Það var ekki alveg það sem hann hafði séð í Selárdalnum áður,“ segir hann.



**BLÁA FJÖLSKYLDAN Á BASSASTÖÐUM** Tvílembd ær vildi ekki annað lambið sitt þannig að bóndinn gerði henni ómögulegt að þekkja þau í sundur svo nú fá bæði lömbin að njóta móðurlegrar umhyggju ærinnar. Eins er ástatt um aðra tvílembda kind á Bassastöðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

> Síðan gera gamlir og grónir framsóknarmenn rollunni það til háðungar að hafa lömbin blá.
>
> GUÐBRANDUR SVERRISSON
> FJÁRBÓNDI Á BASSASTÖÐUM

Guðbrandur segir litinn engu breyta um eiginleika ullarinnar sem haldi áfram hita á lömbunum á eðlilegan hátt. Þá muni liturinn skolast af í sumar. „Liturinn verður nánast horfinn í haust svo þetta truflar smalana ekki mikið. Þeir ættu ekki að lenda í því að halda að þetta sé huldufé,“ lofar bóndinn á Bassastöðum. **gar@frettabladid.is**

Kínverjar til Noregs:

# Íhuga opnun bankaútibús

**NOREGUR Kínverski risabankinn Industrial and Commercial Bank of China, sem er í eigu kínverska ríkisins, íhugar nú möguleikana á að hefja starfsemi í Noregi. Greint er frá þessu á vefsíðu norska blaðsins Aftenposten.**

**Samkvæmt skjölum frá norska utanríkisráðuneytinu bað bankinn um fund með sendiherra Noregs í Kína vegna málsins.**

**Norskir fjölmiðlar velta því nú fyrir sér hvort tengsl geti verið milli áhuga Kínverjanna og úthlutunar friðarverðlauna Nóbels til kínverska andófsmannsins Liu Xiaobo. Norska friðarverðlaunanefndin úthlutar verðlaununum.** **- ibs**

Skagfirðingur á Wembley:

# Leiðir leikmann inn á völlinn

**FÓLK** Steinar Óli Sigfússon, sjö ára strákur úr Varmahlíð í Skagafirði, leiðir leikmann inn á Wembley-leikvanginn í úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu 28. maí. Steinar var hlutskarpastur í keppni sem Kreditkort efndi til.



**STEINAR ÓLI SIGFÚSSON**

Steinar Óli er í 1. bekk í Varmahlíðarskóla og mikill aðdáandi Manchester United, sem leikur úrslitaleikinn við Barcelona. Hann vonast til þess að fá að leiða Ryan Giggs inn á völlinn. Steinar spilar með fótboltafélagi Varmahlíðar.

Um þúsund börn voru skráð í keppni Kreditkorta og var Steinar Óli valinn úr þeirra hópi. MasterCard er aðalstyrktaraðili Meistaradeildarinnar og hefur áður boðið börnum og fylgdarfólki á knattspyrnuleiki ásamt Kreditkorti. **- þeb**




Matsfyrirtækið Fitch færir lánshorfur ríkissjóðs úr neikvæðum í stöðugar:

# Hefði viljað sjá hærra mat

**EFNAHAGSMÁL** „Þetta er ákveðinn varnarsigur og jákvætt svo langt sem það nær. Það hefði verið betra að hækka okkur. En þetta styður við það mat manna að Ísland sé að rétta úr kútnum,“ segir Steingrímur J. Sigfússon fjármálaráðherra um nýtt mat Fitch um lánshæfishorfur ríkissjóðs sem birt var í gær.

Í matinu er lánshæfishorfum breytt úr neikvæðum í stöðugar. Lánshæfismat til langs tíma er enn óbreytt í ruslflokki.

Í mati Fitch kemur fram að niðurstaðan í þjóðaratkvæðagreiðslunni um Icesave-samkomulagið fyrir rúmum mánuði muni ekki hafa neikvæð áhrif á efnahagsáætlun Alþjóðagjaldeyrissjóðsins og stjórnvalda. Þá er talið til tekna að stjórnvöld eru fullviss um að þrotabú gamla Landsbankans geti staðið undir í það minnsta níutíu prósentum af Icesave-kröfunum.

Fulltrúar stjórnvalda og Seðlabankans funduðu með matsfyrirtækjunum í kringum vorfund Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í síðasta mánuði.

Steingrímur segir þá vinnu vera að skila sér nú. „Þetta er ákveðin uppskera af því puði.“

Þetta er annað matið á lánshæfi ríkissjóðs eftir að Icesave-samkomulagið var fellt fyrir rúmum mánuði. Moody's birti sitt mat seint í síðasta mánuði en Standard & Poor's á enn eftir að birta sitt. Ekki liggur fyrir hvenær von er á því, að sögn Steingríms. **- jab**



**JÁKVÆTT SKREF** Mat Fitch er viðurkenning á að Ísland sé að rétta úr kútnum, segir Steingrímur sem á myndinni er í húsakynnum AGS. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓKÁ




NJÓTTU ÞESS AÐ VERA **AÐ HEIMAN**

Fólk er sjaldnast heima hjá sér þegar innbrot á sér stað. Með Heimavörn Securitas
er heimilið verndað allan sólarhringinn, allt árið um kring.

Hafðu samband í síma 580 7000 og fáðu heimsókn frá öryggisráðgjafa.
Nánari upplýsingar er einnig að finna á vefsíðu okkar, www.securitas.is.

SECURITAS
HEIMAVÖRN

**GENGIÐ 16.05.2011**

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 115,28 | 115,84 |
| Sterlingspund | 186,58 | 187,48 |
| Evra | 162,73 | 163,65 |
| Dönsk króna | 21,825 | 21,953 |
| Norsk króna | 20,685 | 20,807 |
| Sænsk króna | 18,044 | 18,150 |
| Japanskt jen | 1,4268 | 1,4352 |
| SDR | 182,83 | 183,91 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
218,3872

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Lunga manns féll saman við árás dæmds ofbeldismanns og félaga hans:

# Ákærðir fyrir lífshættulega árás

**DÓMSMÁL** Tveir menn, 37 og 43 ára, hafa verið ákærðir fyrir húsbrot, ólögmæta nauðung og stórfellda líkamsárás sem framin var í Reykjanesbæ á síðustu nýársnótt.

Mönnunum er gefið að sök að hafa ruðst inn í íbúðarhús í bænum og beitt húsráðandann, 37 ára mann, hrottafengnu ofbeldi.

Mennirnir létu högg og spörk dynja á höfði og líkama fórnarlambs síns og tóku það hálstaki.

Þolandi árásarinnar hlaut lífshættuleg áverka af atlögunni. Lunga hans féll saman auk þess sem hann marðist og skarst í andliti og rifbein hans brotnuðu. Hann krefst tæplega tveggja milljóna króna í bætur.

Annar ákærðu er Ólafur Gottskálksson, fyrrverandi landsliðsmarkvörður í fótbolta, sem í fyrra var dæmdur eins árs fangelsi fyrir sambærilega árás. Þá ruddist hann í félagi við annan mann inn á heimili í Reykjanesbæ, misþyrmdi húsráðanda og rændi af honum tölvu.

Ólafur mætti fyrir dóminn í gær og neitaði sök. Hinn mætti ekki. - sh




**LÖGREGLAN Í REYKJANESBÆ** Hefur áður þurft að hafa afskipti af Ólafi Gottskálkssyni. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Utanríkisráðherra á þingi:

# Bauð Ashtiani hæli hér á landi

**ALÞINGI** Össur Skarphéðinsson utanríkisráðherra hefur boðist fyrir hönd íslenska ríkisins til að veita írönsku konunni Sakineh Mohammadi Ashtiani hæli hér á landi. Þetta kom fram í upphafi máls utanríkisráðherra á Alþingi í dag þar sem hann flutti skýrslu um utanríkis- og alþjóðamál.

Ashtiani var í heimalandi sínu dæmd til þess að verða grýtt til dauða eftir að dómstóll sakfelldi hana fyrir hórdóm. Refsingunni hefur verið fresta um óákveðinn tíma en hún er enn í fangelsi.



**DONALD TRUMP** Viðskiptajöfurinn hefur nú ákveðið að fara ekki í forsetaframboð. NORDICPHOTOS/AFP

Yfirlýsing frá Donald Trump:

# Ætlar ekki í forsetaframboð

**BANDARÍKIN Viðskiptajöfurinn Donald Trump tilkynnti í gær að hann ætli ekki að bjóða sig fram til forseta Bandaríkjanna í forsetakosningunum á næsta ári.**

**Í yfirlýsingu segir Trump að ástæðan fyrir því að hann ætli ekki að bjóða sig fram sé sú að hann sé ekki tilbúinn að yfirgefa einkageirann enda séu viðskipti hans helsta ástríða. Trump þakkaði stuðningsmönnum sínum fyrir stuðninginn og sagðist lofa þeim að halda gagnrýnisrödd sinni á lofti á komandi árum.**

Hætt við kauphallartilboð:

# Nasdaq OMX dregur sig í hlé

**VIÐSKIPTI** Kauphallarsamstæðan Nasdaq OMX og evrópski hrávörumarkaðurinn Intercontinental drógu í gær til baka óvinveitt tilboð sitt í keppinautinn NYSE Euronext.

Tilboðið hljóðaði upp á 11,3 milljarða Bandaríkjadali, jafnvirði 1.300 milljarða íslenskra króna. Það var sett til höfuðs tilboði frá þýsku kauphöllinni.

Bandaríska dagblaðið Washington Post segir dómsmálaráðuneyti Bandaríkjanna mótfallið tilboðinu enda líklegt að væntanlegur samruni kauphallanna geti komið niður á samkeppni. - jab

# Stærsta heræfing hér á landi frá brotthvarfi varnarliðsins

**Heræfingin Norður Víkingur verður haldin í júní. Áhersla verður lögð á æfingar á sjó, en ekkert íslenskt varðskip tekur þátt. Mestur kostnaður fellur á þátttökuríkin en kostnaður Íslands er tæpar 30 milljónir.**

**VARNARMÁL** Stærsta heræfing sem haldin hefur verið hér á landi um langt árabil verður haldin snemma í júní. Um 450 erlendir hermenn taka þátt í æfingunni, mun fleiri en hafa tekið þátt í þeim æfingum sem haldnar hafa verið frá því að varnarliðið fór árið 2006.

Æfingin Norður Víkingur 2011 verður haldin dagana 3. til 10. júní á öryggissvæðinu á Keflavíkurflugvelli. Æfingin fer fram undir stjórn Evrópuherstjórnar Bandaríkjanna, og er í samræmi við varnarsamning Íslands og Bandaríkjanna frá árinu 2006.

Landhelgisgæslan hefur umsjón með framkvæmd æfingarinnar. Framkvæmd slíkra æfinga var áður á hendi Varnarmálastofnunar, sem nú hefur verið lögð niður.

Samkvæmt upplýsingum frá utanríkisráðuneytinu hljóðar kostnaðaráætlun upp á ríflega 30 milljónir króna. Hún miðaði hins vegar við rúmlega 500 þátttakendur en þeir verða um 450 og því mun kostnaðurinn verða eitthvað minni.

Samkvæmt upplýsingum frá Landhelgisgæslunni verður lögð áhersla á að æfa liðsflutninga til og frá landinu, auk æfinga í lofti og sjó við landið. Þá mun hluti æfingarinnar snúa að samþættingu liðsafla og fjölþjóðlegri aðgerðastjórnun.

Stór hluti æfingarinnar mun snúa að björgun fólks af landi yfir í skip, segir Hrafnhildur Stefánsdóttir, upplýsingafulltrúi Landhelgisgæslunnar. Þar verði líkt eftir viðbrögðum við til dæmis mengunarslysi eða eldgosi.

Auk Landhelgisgæslunnar taka þátt í æfingunni starfsmenn Ríkislögreglustjóra, Geislavarnir ríkisins og Isavia. Í tengslum við æfinguna koma bandarískar, ítalskar og norskar flugsveitir til landsins.

Alls koma sextán orrustuþotur, þrjár eldsneytisvélar og tvær fjarskiptaflugvélar til landsins til að taka þátt í æfingunni. Þá tekur danskt varðskip ásamt björgunarþyrlu þátt í æfingunni, auk tveggja norskra varðskipa.

Ekkert íslenskt varðskip verður til taks til að taka þátt í æfingunni. Minni bátar gæslunnar verða notaðir, auk þess sem Slysavarnafélagið Landsbjörg mun taka þátt í æfingum á sjó, segir Hrafnhildur.

Þetta er þriðja Norður Víkings heræfingin sem haldin hefur verið hér á landi frá árinu 2006, þegar bandaríska varnarliðið yfirgaf landið. Samhliða heræfingunni verður norska flugsveitin sem hingað kemur með loftrýmisgæslu frá 27. maí til 17. júní. **brjann@frettabladid.is**

**Heræfingin Norður Víkingur**

| 2007 | 2008 | 2011 |
|---|---|---|
| 4 dagar | 5 dagar | 8 dagar |
| 300 manns | 400 manns | 450 manns |
| 5 orrustuþotur | 15 orrustuþotur | 16 orrustuþotur |
| 2 eldsneytisvélar | 3 eldsneytisvélar | 3 eldsneytisvélar |
| 2 fjarskiptaflugvélar | 2 fjarskiptaflugvélar | 2 fjarskiptaflugvélar |
| 1 kafbátaleitarvél | 2 kafbátaleitarvélar | 0 kafbátaleitarvélar |
| 1 þyrla | 0 þyrlur | 1 þyrla |
| 1 herskip | 1 herskip | 3 herskip |






**VEÐURSPÁ**



**Elísabet Margeirsdóttir** veður-fréttamaður

**LÍTIÐ SUMARLEGT**
Engin sumarblíða verður í vikunni, allra síst á norðan og austanverðu landinu. Frá og með fimmtudag kólnar talsvert norðanlands en þar gæti snjóað seint á fimmtudag. Hins vegar batnar veðrið syðra en ekki er hægt að tala um mikil hlýindi.




**Á MORGUN**
8-15 m/s, hægari syðra.

**FIMMTUDAGUR**
10-18 m/s NV-til, annars víða 5-10.

**HEIMURINN**

| | |
|---|---|
| Alicante | 22° |
| Basel | 21° |
| Berlín | 17° |
| Billund | 14° |
| Frankfurt | 21° |
| Friedrichshafen | 20° |
| Gautaborg | 14° |
| Kaupmannahöfn | 14° |
| Las Palmas | 21° |
| London | 18° |
| Mallorca | 25° |
| New York | 21° |
| Orlando | 27° |
| Ósló | 16° |
| París | 20° |
| San Francisco | 16° |
| Stokkhólmur | 12° |

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS – AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Hendrik Sigurðsson *hendrik@frettabladid.is*, Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is* **ALLT SÍMI 512-5402:** Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Þórdís Hermannsdóttir *thordish@365.is* **SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5016:** Sigríður Hallgrímsdóttir *sigridurh@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynurs@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Sigurlaug Aðalsteinsdóttir *sigurlaug@365.is*, Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is,* Guðný Gunnlaugsdóttir *gunny@365.is* **KYNNINGARSTJÓRI:** Einar Skúlason *einar.skulason@365.is*




## Bodrum

31. maí
11. júní
21. júní
2. júlí

## Korfu

7. júní
18. júní*

## Flugsæti

**Korfu 7. júní**
**Verð frá 85.400 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**
Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.
* Verð án Vildarpunkta 95.400 kr.

**Bodrum 31. maí**
**Verð frá 95.750 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**
Innifalið: Flug fram og til baka og skattar.
* Verð án Vildarpunkta 105.750 kr.







## Þú getur notað Vildarpunktana hjá okkur

Vildarklúbbur

Hjá VITA getur þú lækkað verðið á ferðinni þinni um 10.000 kr. með 15.000 Vildarpunktum. Auk þess eru veittir 2.500 Vildarpunktar fyrir allar keyptar ferðir í leiguflugi með VITA. Þannig öðlast þú stöðugt fleiri tækifæri til þess að njóta lífsins.

## Tropicana Beach

Lítið en fjörugt íbúðahótel á mjög góðum stað við ströndina í Gumbet sem hentar yngra fólki sérstaklega vel.

**Verð frá 109.550 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**
á mann m.v. 2 fullorðna og 2 börn (2-12) í íbúð í 11 nætur 31. maí. Verð á mann m.v. 2 í stúdíó 113.200 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+2 119.550 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 123.200 kr.

## Ipsos Beach

Ipsos Beach hótel er snyrtilegt þriggja stjörnu hótel, einungis 50 til 80 metra frá ströndinni í Ipsos. Við hótelið er sundlaug, barnalaug, barnaleiksvæði og sólbekkir með ágætri aðstöðu.

**Verð frá 124.900 kr.***
**og 15.000 Vildarpunktar**
á mann m.v. 2 fullorðna og 1 barn (2-12) í í herbergi með hálfu fæði í 11 nætur 7. júní. Verð á mann m.v. 2 í herbergi 133.950 kr.** og 15.000 Vildarpunktar.
* Verð án Vildarpunkta m.v. 2+1 134.900 kr.
** Verð án Vildarpunkta m.v. 2 143.950 kr.

## Alicante

**Verð frá 25.900 kr.**
Innifalið: flug aðra leiðina til Alicante 19. maí.

*Afsláttur af 18. júní brottför til Korfu er 10.000 kr. á mann.

**Ótal fleiri gistimöguleikar á VITA.is**

VITA er í eigu Icelandair Group.
ICELANDAIR GROUP

VITA er lífið

VITA | Skútuvogi 13a | Sími 570 4444 | VITA.is

vita

## KJÖRKASSINN



*Horfðir þú á lokakeppni Eurovision á laugardag?*

| | |
|---|---|
| JÁ | 82% |
| NEI | 18% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Hefur þú heimsótt tónlistarhúsið Hörpu?*

Segðu þína skoðun á visir.is

Vísir

Tímaritið Frjáls verslun hefur gert úttekt á framhaldsskólum landsins:

# Menntaskólinn í Reykjavík bestur

**MENNTAMÁL** Menntaskólinn í Reykjavík hefur nokkra yfirburði yfir aðra framhaldsskóla landsins samkvæmt niðurstöðum úttektar sem stærðfræðingurinn Pawel Bartoszek vann fyrir tímaritið Frjálsa verslun. Þetta kemur fram í nýjasta hefti tímaritsins. Menntaskólinn við Hamrahlíð og Verzlunarskóli Íslands koma næstir elsta framhaldsskóla landsins.

Í úttektinni eru skólum gefin stig, frá 0 upp í 100, í sautján flokkum sem byggja á auðfáanlegum og opinberum gögnum. Meðal þess sem horft er til er menntun kennara, aðsókn í skólana, frammistaða í fjölmörgum námstengdum keppnum og þrautum og jafnframt árangur skólanna í Gettu betur, MORFÍS og Söngkeppni og Íþróttavakningu framhaldsskólanna.

Í úttektinni er tekið fram að sambærilegar rannsóknir eigi sér töluverða hefð erlendis og séu þar hugsaðar sem hjálpartæki fyrir fólk þegar velja á skóla.

Á hinn bóginn sé samantektin ekki endilega sanngjörn, segi lítið til um metnaðinn innan skólanna og að aldur skóla virðist til dæmis segja meira um niðurstöðuna heldur en hvar menntaðasta starfsliðið er að finna. **- sh**

**Tíu efstu skólarnir**

| Skóli | Stig |
|---|---|
| 1. Menntaskólinn í Reykjavík | 925 |
| 2. Menntaskólinn við Hamrahlíð | 660 |
| 3. Verzlunarskóli Íslands | 645 |
| 4. Tækniskólinn | 577 |
| 5. Kvennaskólinn í Reykjavík | 491 |
| 6. Menntaskólinn á Akureyri | 388 |
| 7. Fjölbrautaskóli Suðurnesja | 358 |
| 8. Menntaskólinn við Sund | 298 |
| 9. Fjölbrautaskóli Vesturlands | 257 |
| 10. Borgarholtsskóli | 251 |

Nýr kjarasamningur:

# Bankamenn búnir að semja

**KJARAMÁL** Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja og Samtök atvinnulífsins (SA) skrifuðu í hádeginu í gær undir nýjan kjarasamning. Samningurinn er í takti við það sem samið var um milli SA og Alþýðusambands Íslands (ASÍ) á dögunum. Rúmlega fjögur þúsund manns eru í Samtökum starfsmanna fjármálafyrirtækja.

Samningurinn gildir til janúar 2014 að því gefnu að samningur SA og ASÍ taki gildi í júní. Gangi það ekki eftir gildir samningurinn til janúarloka á næsta ári.



**SVÍADROTTNING** Faðir Silvíu hefur verið bendlaður við nasista. NORDICPHOTOS/AFP

Pabbi Svíadrottningar:

# Silvía skoðar nasistatengsl

**SVÍÞJÓÐ** Silvía Svíadrottning hefur ásamt fjölskyldu sinni hafið eigin rannsókn á fortíð föður síns eftir að það var upplýst í sænskum sjónvarpsþætti í vetur að faðir drottningarinnar, Walter Sommerlath, hefði tekið yfir stjórn verksmiðju í Berlín 1939 sem var í eigu gyðinga.

Faðir drottningarinnar gerðist 1934 félagi í deild nasistaflokksins í Brasilíu þar sem hann var þá búsettur. Fjórum árum seinna sneri hann heim til Þýskalands.

Frá 2002 hefur það verið opinbert að faðir drottningarinnar var í flokknum. **- ibs**

Aðgerðum Dana illa tekið:

# Ferðafrelsi skert

**EVRÓPUMÁL** Sænski þingmaðurinn Hans Wallmark, sem er fulltrúi í Norðurlandaráði, segir að boðaðar aðgerðir Dana í landamæraeftirliti geti skert ferðafrelsi á Norðurlöndunum.

Í frétt frá Norðurlandaráði kemur fram að Wallmark segir hert eftirlit „algjörlega óásættanlegt“. Hann hafi engin svör fengið frá dönskum yfirvöldum um hvort norrænu vegabréfasamstarfi verði áfram við haldið.

Aðgerðir Dana gangi „gegn öllu því sem Norðurlandaráð og ESB standa fyrir“ og hugmyndinni um frjálsa för fólks. **- kóþ**

# Strauss-Kahn úrskurðaður í varðhald fram á föstudag

**Forstjóri AGS var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald vegna gruns um að hafa beitt hótelþernu kynferðislegu ofbeldi. Dómsmálið hefur víðtæk áhrif. Evran lækkaði og frönsk stjórnmál eru í miklu uppnámi.**

**NEW YORK** Dominique Strauss-Kahn, forstjóri Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS), sem er ákærður fyrir kynferðislegt ofbeldi gegn hótelþernu í New York, var í gær úrskurðaður í gæsluvarðhald fram á föstudag.

Þá mun Strauss-Kahn koma aftur fyrir dómara vegna málsins, en refsing við umræddum brotum er fimm til 25 ára fangelsi.

Þernan á hótelinu, sem er 32ja ára innflytjandi, bar kennsl á Strauss-Kahn í sakbendingu. Hann var handtekinn á leið úr landi og gekkst síðar undir læknisskoðun þar sem leitað var að vísbendingum sem gætu bendlað hann við glæpinn.

Ákæran hefur dregið dilk á eftir sér því að önnur kona, franskur rithöfundur, hefur stigið fram og sakað Strauss-Kahn um kynferðislega árás fyrir níu árum.

Saksóknari hefur staðfest að yfirvöld séu að rannsaka að minnsta kosti eitt annað mál þar sem um er að ræða svipaðar ásakanir gegn Strauss-Kahn.

Verjendur hans halda fram sakleysi umbjóðanda síns og sögðu í gær að baráttan væri rétt að byrja.

Vörn þeirra felst meðal annars í því að Strauss-Kahn hafi setið að snæðingi annars staðar í New York þegar árásin átti sér stað.

Eiginkona Strauss-Kahns, blaðakonan Anne Sinclair, hefur einnig stigið fram og segist þess fullviss að sakleysi hans muni koma í ljós.

Dómsmálið mun að mati flestra stjórnmálaskýrenda hafa víðtæk áhrif, þar sem Strauss-Kahn var fram að þessu álitinn líklegur frambjóðandi Sósíalistaflokksins í frönsku forsetakosningunum. Var hann jafnvel talinn sigurstranglegur í kjöri gegn Nicolas Sarkozy, sitjandi forseta.

Það hafa einnig vaknað spurningar um áhrif þessa á efnahagslíf heimsins þar sem AGS gegnir lykilhlutverki í neyðaraðstoð Evrópusambandsins við Grikkland og Portúgal. Gengi evrunnar féll meðal annars lítillega vegna óvissunnar sem skapast hefur.

Á meðan Strauss-Kahn situr á bak við lás og slá hefur John Lipsky, varaforstjóri AGS, tekið við stjórnartaumunum þar.

**thorgils@frettabladid.is**




**Í JÁRNUM** Dominique Strauss-Kahn var leiddur til dómara í handjárnum í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/AP



Ótrúlegt verð

# Komin aftur !

## Síðasta sending rauk út !

**Nature's Rest**

Dýna, botn og lappir:

90x200 cm kr. 65.900,-

100x200 cm kr. 69.900,-

120x200 cm kr. 75.900,-

140x200 cm kr. 79.900,-





**Nature's Comfort**

Dýna, botn og lappir:

100x200 cm kr. 85.900,-

120x200 cm kr. 95.900,-

140x200 cm kr. 105.900,-

160x200 cm kr. 119.900,-

180x200 cm kr. 135.900,-

Vönduð heilsurúm með svæðaskiptu pokagormakerfi.





**HANDKLÆÐI ÓTRÚLEGT VERÐ**

30x30 cm kr. 129,-

50x100 cm kr. 690,-

70x140 cm kr. 1.390,-

Baðmottur

50x85 cm kr. 1.290,-

**SVEFNSÓFI M. RÚMFATAGEYMSLU**



75.900,-

120x200 cm

OPIÐ

Virka daga frá kl. 10-18

Lau frá kl. 11-17

Sun frá kl. 13-17

DORMA

– býður góða nótt

Ilmstrá mikið úrval!



Holtagörðum 2. hæð • Sími 512 6800 • www.dorma.is • dorma@dorma.is

**VEISTU SVARIÐ?**



1 Hvernig bílar seljast helst í flokki lúxusbíla?

2 Hvað var nýverið flutt í sprengjuhelda hvelfingu?

3 Hvað heitir höfuðborg Aserbaídsjans?

SVÖR

1. Metanbílar. 2. Bókasafn Veðurstofu Íslands. 3. Bakú.

Yfirsaksóknari hjá stríðsglæpadómstólnum í Haag vill að þrír verði handteknir:

# Vill handtökuskipun á Gaddafí

**HOLLAND, AP** Yfirsaksóknari stríðsglæpadómstólsins í Haag bað í gær dómara dómstólsins um að gefa út handtökuskipun á hendur Moammar Gaddafí, leiðtoga Líbíu. Hann vill einnig að Seif al-Islam Gaddafí, sonur leiðtogans, og Abdullah Al Sanousi, yfirmaður leyniþjónustunnar, verði handteknir.

Þriggja dómara nefnd hefur fengið gögn frá Luis Moreno-Ocampo saksóknara og þarf nú að ákveða hvort þau séu fullnægjandi til að Gaddafí verði sóttur til saka fyrir glæpi gegn mannkyni.



**GADDAFÍ** Á næstunni skýrist hvort gefin verður út handtökuskipun á hendur Gaddafí.

Búið er að yfirheyra rúmlega 50 vitni og skoða myndbönd, myndir og önnur sönnunargögn. Moreno-Ocampo segir gögn sýna fram á að þeir hafi fyrirskipað, skipulagt og tekið þátt í ólöglegum árásum. Hersveitir hafi ráðist á óbreytta borgara á heimilum þeirra, skotið á mótmælendur, hindrað jarðarfarir og notað leyniskyttur til að drepa fólk.

Saksóknarinn segir fjölda háttsettra embættismanna úr stjórn Gaddafís hafa haft samband við réttinn og sagst tilbúnir að veita upplýsingar.

Stjórn Gaddafís hefur þegar sagt að ef handtökuskipun verði gefin út muni hún virða hana að vettugi. **- þeb**

Íslandspóstur með risunum:

# Tilnefndur til verðlauna

**VIÐSKIPTI** Íslandspóstur hefur verið tilnefndur til verðlaunanna World Mail Awards. Þau verða afhent í Brussel í Belgíu í dag.

Í tilkynningu frá Íslandspósti kemur fram að þetta sé í fyrsta sinn sem Ísland sendir inn umsókn til verðlaunanna. Fyrirtækið er tilnefnt í flokki þjónustumála. Í sama flokki eru sömuleiðis tilnefnd Danski pósturinn og sá kanadíski. Þetta er tólfta árið sem verðlaunin verða afhent en líta má á þau sem eins konar óskarsverðlaun póstheimsins. **- jab**


## Ný nálgun við mataraðstoð

**Hjálparstarf kirkjunnar ætlar að hverfa frá matargjöfum í poka og veita í staðinn barnafólki mataraðstoð með inneignarkortum í verslunum.**

Einnig er hægt að hringja í söfnunarsímann **907 2002**, gefa framlag á **framlag.is**, **gjofsemgefur.is** eða á söfnunarreikning **0334-26-886**, kt. 450670-0499.

**Valgreiðsla hefur verið send í heimabanka þinn.** Með því að greiða hana styður þú innanlandsaðstoð Hjálparstarfs kirkjunnar og hjálpar til sjálfshjálpar.

Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

Háaleitisbraut 66, 103 Reykjavík, Sími 528 4400

PIPAR\TBWA • SÍA • 111093


# Norðmenn hóta að beita neitunarvaldi

**Utanríkisráðherra Noregs segir mögulegt að Noregur hafni því að innleiða tilskipun ESB um póstþjónustu. Beitingu neitunarvalds innan EES hefur verið líkt við beitingu kjarnorkusprengju í samskiptum við ESB, segir sérfræðingur.**

**UTANRÍKISMÁL** Norsk stjórnvöld ræða nú í fullri alvöru um að beita neitunarvaldi sínu og hafna því að taka inn í norsk lög tilskipun Evrópusambandsins (ESB) um samkeppni í póstþjónustu.

Aldrei hefur verið látið reyna á neitunarvaldið sem byggt er inn í samninginn um Evrópska efnahagssvæðið (EES), segir Eiríkur Bergmann, dósent í stjórnmálafræði og forstöðumaður Evrópufræðaseturs Háskólans á Bifröst.

„Þetta yrði meiri háttar próf á EES-samninginn og gæti haft mikil áhrif,“ segir Eiríkur. „Hingað til hefur sá skilningur verið ríkjandi að neitunarvaldið sem er innbyggt í samninginn sé óvirkt, verði því beitt rakni samningurinn upp.“

Neitunarvaldinu hefur raunar verið líkt við kjarnorkuvopn, ríkjunum þyki gott að hafa möguleikann, þótt enginn vilji nota hann.

„Nú virðast sem stjórnmálamenn séu tilbúnir til að varpa kjarnorkusprengjunni og sjá hvort hún reynist vera reyksprengja,“ segir Eiríkur.

Tilskipunin sem norsk stjórnvöld vilja ekki leiða í lög felur í sér að samkeppni eigi að ríkja í póstdreifingu. Eiríkur segir þá tilskipun í sjálfu sér smámál fyrir Evrópusambandið, en afleiðingarnar af því að Noregur neiti að lögfesta tilskipunina geti orðið víðtækar.



**ÁHRIF** Beiti Norðmenn neiturnarvaldi innan Evrópska efnahagssvæðisins gæti það haft áhrif á bæði Ísland og Liechtenstein.

Líklegt er að ESA, eftirlitsstofnun EFTA, höfði mál gegn norskum stjórnvöldum fyrir EFTA-dómstólnum þráist Norðmenn við að innleiða tilskipunina.

Neiti Norðmenn að innleiða tilskipunina þrátt fyrir dóm gæti það í versta falli þýtt að samstarfinu innan Evrópska efnahagssvæðisins verði sjálfhætt, segir Eiríkur. Slíkt myndi þó taka mörg ár, og ýmsar leiðir til að gera gott úr málinu áður en til þess kæmi.

Hörð afstaða Norðmanna tengist líklega áhuga þarlendra stjórnvalda á því að endurskoða EES-samninginn, segir Eiríkur. Hingað til hafa Norðmenn gætt þess vel að rugga ekki bátnum innan EES, en nú virðist komin upp breytt staða eftir að Ísland sótti um aðild að Evrópusambandinu.

Auk Noregs og Íslands á Liechtenstein aðild að samningnum um evrópska efnahagssvæðið. Þau áhrif sem ákvörðun norskra stjórnvalda gæti haft fyrir Noreg myndu því einnig ná til Íslands og Liechtenstein. **brjann@frettabladid.is**


# Nei eða já?

**Rafræn atkvæðagreiðsla meðal félagsmanna um nýgerðan kjarasamning VR og SA er hafin og stendur til kl. 12:00, 25. maí.**

**Nánari upplýsingar um samninginn og atkvæðagreiðsluna er að finna á heimasíðu VR, www.vr.is**

**Hvetjum alla félagsmenn til að nýta atkvæðisrétt sinn og kjósa.**

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | S. 510 1700 | F. 510 1717 | WWW.VR.IS

Virðing Réttlæti VR

Fíton/SÍA






**TILBOÐ á 1 lítra Kókómjólk**

**Nýjar og betri umbúðir!**



Upplýsingar og skráning:
544 4500 / www.ntv.is



# Starfsnám styrkir stöðu þína!

## Yfirlit námsbrauta á haustönn 2011

### Sölu-, markaðs og rekstrarnám 432 stundir (2 annir)

Nemendur öðlast þjálfun og hæfni á sviði sölumennsku þar sem rík áhersla er lögð á ábyrgð sölumannsins og hlutverk hans í stefnumótun fyrirtækisins.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja hvort annað þ.e. Sölu- og markaðsnámi og Frumkvöðla og rekstrarnámi. Frábært nám fyrir alla sem starfa eða vilja starfa við sölumennsku og þá sem eru með eða stefna að því að fara út í eigin rekstur.

### Skrifstofu- og rekstrarnám 426 stundir (2 annir)

Námið eykur enn frekar samkeppnishæfni nemenda og býr þá vel undir krefjandi störf á vinnumarkaðnum. Mikil áhersla er lögð á að undirbúa nemendur til starfa við almenn skrifstofustörf og gera þá færari í bókhaldsstörfum. Einstakt tækifæri til að ná sér í þekkingu og færni sem nýtist við rekstur fyrirtækja.

Námið byggir á tveim námskeiðum sem styðja vel hvert annað, þ.e. Skrifstofu- og tölvunámi og Bókaranám framhald.

### Grafísk hönnun 156 stundir

Hér er um að ræða hagnýtt nám fyrir þá sem hafa þörf fyrir tölvutæknina við gerð auglýsinga, kynningarefnis og bæklinga. Kennt er á þau forrit sem aðallega eru notuð við gerð kynningarefnis á stafrænu formi. Markmiðið er að nemendur geti komið frá sér hugmyndum á tölvutæku formi og að frágangur allra verka sé réttur hvort sem það er fyrir prentun eða Internetið.

### Alvöru vefsíðugerð 240 stundir

Með gagnagrunnstengdum vefjum er hægt að minnka alla umsýslu sem og sjálfvirknivæða viðhald og birtingar á gögnum eftir fyrirfram skilgreindum forsendum.

Þegar nemandinn hefur lokið þessu námskeiði á hann að hafa haldgóðan skilning á vefsíðugerð bæði hvað varðar hefðbundnar vefsíður og síðan gagnagrunnstengdar vefsíður. Nemendur hafi vald á meðferð myndefnis fyrir vefinn og framsetningu þess, hafi skilning á virkni hefðbundinna vefsíðna og læri til þess HTML kóðun.

### Skrifstofu- og tölvunám 258 stundir

Almennt skrifstofu- og tölvunám sem hentar sérstaklega vel þeim aðilum sem eru á leið inná vinnumarkaðinn eftir nokkurt hlé. Eins er það mjög gott fyrir þá sem vilja styrkja stöðu sína í starfi. Í náminu er lögð mjög mikil áhersla á að styrkja einstaklinginn og gera hann hæfari til að takast á við krefjandi störf á vinnumarkaðnum.

### Sölu- og markaðsnám 264 stundir

Þetta er líflegt og fjölbreytt nám fyrir þá sem vilja tileinka sér sérþekkingu á sölu- og markaðsmálum. Eins er námið kjörið fyrir þá aðila sem vilja styrkja sig í starfi.

Í náminu er farið í hlutverk sölumannsins, samskipti við viðskiptavininn eru könnuð og farið í grundvallaratriði í gerð kynningarefnis. Einnig er farið yfir helstu atriði markaðsfræðinnar. Náminu lýkur með umfangsmiklu lokaverkefni.

### Frumkvöðla- og rekstrarnám 168 stundir

Námið er sérstaklega hagnýtt og hnitmiðað, bæði fyrir þá sem vilja styrkja eða stofna til eigin reksturs. Námið miðar að því að kenna gerð viðskiptaáætlana og hvernig hægt er að greina á milli arðbærra og óarðbærra hugmynda. Í náminu er mikilli athygli beint að mikilvægi þess að gera raunhæfar áætlanir og hvernig hægt er að styrkja þær með mismunandi rannsóknum og greiningu á markaðnum.

Inntökuskilyrði er almenn kunnátta í verslunarreikningi og í notkun á Excel töflureikni.

### Bókaranám framhald 168 stundir

Frábært námskeið fyrir alla sem hafa almenna þekkingu á bókhaldi.

Að námi loknu eiga nemendur að vera færir að sjá um viðskiptamannakerfi, launakerfi og vera færir um að framkvæma einföld uppgjör á bókhaldi ásamt öllum þeim afstemmingum og lokafærslum sem þarf fyrir skil til endurskoðanda.

OPIN KERFI — Microsoft Certified Partner Learning Solutions — PEARSON VUE Authorized Test Center — PROMETRIC

Atvinnulausir fá 25% styrk frá NTV
af auglýstu staðgreiðsluverði

INNRITUN FYRIR HAUSTÖNN STENDUR YFIR

NÝI TÖLVU- OG VIÐSKIPTASKÓLINN - VIÐURKENNDUR EINKASKÓLI Á FRAMHALDSSKÓLASTIGI - HLÍÐASMÁRA 9 : KÓPAVOGI : SÍMI 544 4500 : WWW.NTV.IS

ntv







**SORPBRENNSLAN FUNI Á ÍSAFIRÐI** Ólína gekkst fyrir greiningu á lagaumhverfi í umhverfismálum eftir að Funamálið kom upp. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Segir úttektina staðfesta brotalamir stjórnsýslunnar:

# Ólína segir allt á sömu bókina lært

**STJÓRNSÝSLA** Ólína Þorvarðardóttir alþingismaður segir að stjórnsýsluúttekt Ríkisendurskoðunar á málefnum sorpbrennsla á Íslandi sýni enn og aftur fram á þá brotalöm sem virðist vera í íslenskri stjórnsýslu og ýmsar skýrslur ríkisendurskoðunar hafa staðfest að undanförnu.



ÓLÍNA ÞORVARÐARDÓTTIR

„Funamálið er enn eitt dæmið um eftirlitsleysi og doða stjórnsýslustofnana, sem kemur fram í því að úrræðum er ekki beitt til þess að hafa áhrif á eftirlitsskylda starfsemi, eða fylgja eftir löglegum skorðum og skilyrðum um starfsemi undirstofnana. Hér virðist einu gilda hvort um er að ræða útvistanir verkefna, þjónustusamninga eða einfaldlega bein stjórnunartengsl milli ráðuneyta og undirstofnana – það ber allt að sama brunni,“ segir Ólína.

Ólína segir málið skýrast af því að löggjöfin sé í sumum tilvikum veik og réttur almennings til þess að verja umhverfi sitt og aðstæður ekki nógu afgerandi.

Þetta kom skýrt fram í greiningu á lagaumhverfi í umhverfismálum sem Ólína hafði forgöngu um á vettvangi umhverfisnefndar Alþingis fyrr á þessu ári. Sú vinna skilaði tillögum um lagabreytingar sem bíða umfjöllunar Alþingis.

**- shá**


ENNEMM / SÍA / NM46485

Við erum með réttu leiðina fyrir þig

Komdu til okkar eða hafðu samband og við aðstoðum þig við að finna hagstæðustu leiðina.

Ódýrari mínútur
Hringdu á 0 kr. í 1 GSM vin hjá Símanum*
Aðeins 11,9 kr. mín. í alla innanlands
590 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

3 vinir og 300 SMS
Hringdu á 0 kr. í 3 vini óháð kerfi* og sendu 300 SMS á alla hina
Eitt mínútuverð í alla innanlands
1.390 kr. mánaðargjald
*600 mín./ 300 SMS á mán. 300 MB á mán. fylgir til áramóta.

6 vinir óháð kerfi
Hringdu á 0 kr. í 6 vini óháð kerfi*
Eitt mínútuverð í alla innanlands
2.190 kr. mánaðargjald – Veldu áskrift eða Frelsi
*Áskrift 1.000 mín./500 SMS á mán. Frelsi 60 mín./60 SMS á dag.

1000 mínútur
Hringdu á 0 kr. í alla GSM og heimasíma á Íslandi*
Frábær leið fyrir þá sem nota GSM símann mikið
7.990 kr. mánaðargjald
*1.000 mín./ 500 SMS á mán.

Ring
Fyrirframgreidd þjónusta – fyrir þá sem vilja afgreiða sig sjálfir
0 kr. innan Ring
990 kr. mánaðargjald
eða
0 kr. innan kerfis Símans
1.990 kr. mánaðargjald*
*1.000 mín./ SMS á mán.

siminn.is

Síminn

Greidd eru mánaðargjöld og upphafsgjöld skv. verðskrá. Ekki eru greidd upphafsgjöld af símtölum í vinanúmer. Nánar á siminn.is

Forseti Alþingis hefur áhyggjur af umræðuhefð á Alþingi:

# Kallar eftir hugarfarsbreytingu þingmanna

**ALÞINGI** Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, forseti Alþingis, hefur áhyggjur af yfirbragði stjórnmálaumræðunnar í landinu og segir þörf á hugarfarsbreytingu.

Í svari við fyrirspurn Fréttablaðsins segist hún telja „orðbragð sem heyrst hefur m.a. frá alþingismönnum, [...] til þess fallið að rýra álit og trúverðugleika þingsins“.

Stjórnmálamenn hafi að hennar mati ekki dregið nægilegan lærdóm af þeirri gagnrýni sem rannsóknarnefnd Alþingis setti fram í skýrslu sinni um umræðuhefðina í íslenskum stjórnmálum.

Í síðustu viku stigu fjórir þingmenn upp í pontu og lýstu yfir áhyggjum sínum af þróun stjórnmálaumræðunnar, í ljósi nýlegra ummæla þingmanna um starfsbræður sína. Meðal annars hvatti Sigurður Kári Kristjánsson, þingmaður Sjálfstæðisflokksins, forseta til að grípa til aðgerða „til að stjórnmálaumræðan, bæði á Alþingi og fyrir utan þingið, komist á örlítið hærra plan“.

Ásta Ragnheiður segist hafa rætt þessi mál nýlega við formenn þingflokkanna og heitið því að taka á þessu máli. Hún bætti þó við: „Þessum ósið verður ekki breytt með reglum, það þarf hugarfarsbreytingu. Siðvæðingu umræðuhefðarinnar.“ - þj



**ÁHYGGJUR AF UMRÆÐUHEFÐ** Forseti Alþingis segir að hugarfarsbreytingu þurfi til að bæta stjórmálaumræðuna hér á landi. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Dæmdur fyrir skattalagabrot:

## Þarf að greiða 14 milljónir

**DÓMSMÁL** Rúmlega fertugur maður hefur verið dæmdur í fjögurra mánaða skilorðsbundið fangelsi og til að greiða rúmar 14 milljónir króna í sekt fyrir skattalagabrot. Dómurinn var kveðinn upp í Héraðsdómi Reykjavíkur.

Maðurinn, sem er ljósmyndari, er dæmdur fyrir að hafa hvorki staðið skil á virðisaukaskattsskýrslum, né staðið ríkissjóði skil á virðisaukaskatti sem innheimtur var í sjálfstæðri starfsemi mannsins.



**VERÐLAUNIN VEITT** Þorvaldur Kristinsson tók við mannréttindaverðlaununum úr hendi Jóns Gnarr borgarstjóra. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Mannréttindaverðlaun veitt:

## Hinsegin dagar hlutu verðlaun

**MANNRÉTTINDI Hinsegin dagar hlutu í gær Mannréttindaverðlaun Reykjavíkurborgar. Jón Gnarr borgarstjóri afhenti Þorvaldi Kristinssyni, forseta Hinsegin daga, verðlaunin í Höfða.**

**Borgarstjóri sagði við afhendingu verðlaunanna að samtökin væru vel að viðurkenningunni komin og að hinsegin dagar ættu stóran þátt í viðhorfsbreytingu sem orðið hafi gagnvart samkynhneigð á Íslandi. Það endurspeglaðist meðal annars í endurbótum á lögum.**

**Mannréttindaverðlaunin eru veitt þeim sem hafa á eftirtektarverðan hátt staðið vörð um mannréttindi tiltekinna hópa.** - þeb

Sprengjuárás í Köben:

## Upplýsingar í bréfi í gervifæti

**DANMÖRK** Tsjetsjeninn Lors Dukajev, sem grunaður er um að hafa ætlað að gera sprengjuárás á ritstjórn Jótlandspóstsins í Danmörku, faldi í gervifæti sínum bréf sem móðir hans smyglaði til hans í gæsluvarðhaldið.

Í kjölfarið bréffundarins var gerð húsleit í íbúð vinkonu Dukajevs í Belgíu. Þar fannst harður diskur með lýsingum á 21 aðferð við að fremja morð úr launsátri ásamt leiðbeiningum um gerð 45 sprengiefna.

Dukajev særðist eftir að hafa handfjatlað sprengiefni á hótelsalerni í september í fyrra. Hann var gripinn í almenningsgarði í Kaupmannahöfn. - ibs







Framkvæmdalán

5,5% óverðtryggðir vextir* og engin lántökugjöld

Framkvæmdalán er hagkvæm leið til endurbóta. Lánið er óverðtryggt skuldabréfalán með breytilegum kjörvöxtum samkvæmt vaxtatöflu bankans hverju sinni. Það býðst einstaklingum með trausta viðskiptasögu og góða greiðslugetu. Framkvæmdalán geta numið allt að 1,5 milljónum gegn veði og allt að 750.000 kr. án veðs.

**Kynntu þér framkvæmdalánin á www.islandsbanki.is eða í næsta útibúi Íslandsbanka.**

*M.v. vaxtatöflu Íslandsbanka 21.04.2011

ALLIR VINNA ALLIRVINNA.IS

**Stjórnvöld hafa framlengt átakið ALLIR VINNA til 1. janúar 2012**

Þú getur fengið endurgreiðslu á virðisaukaskatti og allt að 300.000 kr. skattafrádrátt vegna framkvæmda. Allt um það á www.allirvinna.is.

islandsbanki@islandsbanki.is
www.islandsbanki.is
Sími 440 4000

Íslandsbanki

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Ríkisstjórnin vill færa kvótann úr hagkvæmum veiðum yfir í óhagkvæmar.

## Grautað í pottum

Efni frumvarps sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra til breytinga á fiskveiðistjórnunarlöggjöfinni liggur nú loksins fyrir, þótt enn hafi frumvarpið ekki verið lagt formlega fram á Alþingi. Óhætt er að fullyrða að frumvarpið staðfesti þær áhyggjur sem margir höfðu fyrirfram af því að þar væri hreint glapræði á ferðinni.

Ýmis ákvæði frumvarpsins eru vissulega til bóta. Það á við um greinar, sem kveða á um sameign þjóðarinnar á auðlindinni og að kvótinn sé nýtingarréttur en ekki eignarréttur. Tvöföldun veiðigjaldsins er sömuleiðis eðlileg breyting. Þetta tvennt eru breytingar, sem einar og sér hefðu komið mjög til móts við þá megingagnrýni á fiskveiðistjórnunarkerfið að þar hafi litlum hópi verið afhent auðlind þjóðarinnar án þess að eðlilegt endurgjald kæmi fyrir.

SKOÐUN

Ólafur Þ. Stephensen

olafur@frettabladid.is



Ríkisstjórnin lætur hins vegar ekki þar við sitja. Hún vill takmarka stórlega framsal veiðiheimilda og draga þar með úr hagkvæmni kerfisins. Hún vill banna veðsetningu kvóta og torvelda sjávarútvegsfyrirtækjunum þar með að fá lánafyrirgreiðslu. Hún gerir tillögu um nýtingartíma, sem er í raun alltof stuttur til að hæfilegur stöðugleiki ríki í greininni og fyrirtækin geti ráðizt í stórar fjárfestingar og byggt upp langtímasambönd við viðskiptavini.

Síðast en ekki sízt vill ríkisstjórnin færa um 15 prósent af kvótanum í svokallaða „potta" sem sjávarútvegsráðherrann á að fá að grauta í og úthluta úr í þágu alls konar annarra sjónarmiða en þeirra sem snúa að arðsemi greinarinnar, til dæmis byggðasjónarmiða.

Á mannamáli þýðir þetta að taka á kvótann af útgerðunum sem veiða hann með hagkvæmustum hætti og færa hann yfir í óhagkvæmari veiðar, með tilheyrandi skaða fyrir þjóðarbúið. Með þessu er búið að galopna fyrir geðþóttaákvarðanir með gamla, íslenzka laginu þar sem fremur er sótzt eftir pólitískum vinsældum til skamms tíma en hagkvæmum rekstri til lengri tíma. Um leið er fótunum kippt undan þeirri sérstöðu íslenzks sjávarútvegs að vera rekinn sem raunveruleg undirstöðuatvinnugrein en ekki atvinnubótavinna.

Tveir hagfræðingar, þeir Birgir Þór Runólfsson og Þórólfur Matthíasson, tjá sig um kvótafrumvarpið í Fréttablaðinu í gær og eru báðir mjög gagnrýnir á tillögurnar. Þórólfur telur reyndar að hækkun veiðigjaldsins sé til bóta og skynsamleg við núverandi aðstæður, en gagnrýnir pottahræringinn og takmörkun framsalsins. Birgir Þór segir flestar breytingarnar stuðla að minni hagkvæmni í greininni og skerða samkeppnishæfni íslenzks sjávarútvegs. Hinn stutti nýtingartími eyði hvata útgerðanna til að fara vel með auðlindina.

Nefnd hagfræðinga á að leggja mat á hagræn áhrif tillagna ríkisstjórnarinnar og ljúka þeirri vinnu fyrir mánaðamót. Nú hljóta menn að spyrja: Hvað gerir ríkisstjórnin ef þeir hagfræðingar komast líka að þeirri niðurstöðu að breytingarnar séu efnahagslegt glapræði? Verður horfið frá þeim eða anað áfram í þeirri pólitísku blindni, sem hefur einkennt allt þetta mál?

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds.
Issn 1670-3871

**Verkalýðsfélagið Hlíf**

Reykjavíkurvegi 64 - Sími 510 0800 - Netfang hlif@hlif.is

**Félagsfundur**

Fundur verður haldinn miðvikudaginn18. maí 2011. kl17:30 í Félagsheimili Vlf. Hlífar að Reykjavíkurvegi 64, Hafnarfirði

**Dagskrá:**

1. Kynning á nýjum kjarasamningi á almennum markaði.

2. Önnur mál.

Félagsmenn eru hvattir til að mæta og kynna sér efni nýrra kjarasamninga. Mætum stundvíslega.

Stjórn Vlf. Hlífar

## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Leiðindi

Jóhanna Sigurðardóttir hefur svarað fyrirspurn Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur um það hvaða hagsmunasamtökum hún fundaði með frá ársbyrjun til 31. mars. Listinn gæti líklega ekki verið meira óspennandi. Jóhanna hefur hitt Samtök atvinnulífsins tíu sinnum, ASÍ níu sinnum og svo hin og þessi stéttarfélög og samtök atvinnurekenda nokkrum sinnum – sennilega vegna kjarasamningsmála. Hún hefur líka fundað með Íþróttasambandinu, tveimur hópum vegna vegaframkvæmda, líknarfélagi og fræðslumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis.



### Fiskerí

Guð má vita eftir hverju Þorgerður Katrín var að fiska með fyrirspurninni. En best væri ef þessar upplýsingar birtust bara reglulega á vef forsætisráðuneytisins. Þá gætu þingmenn kannski snúið sér að einhverju áhugaverðara.



### Aðréttur bænda

Sumir innan bændahreyfingarinnar virðast hafa misst af nýlegum pistli Haraldar Benediktssonar, formanns Bændasamtakanna, þar sem hann frábiður sér, fyrir hönd bænda, það sem hann kallar „aðréttur" Evrópusambandsins. Í svari utanríkisráðherra á þingi í síðustu viku kemur í ljós að nokkrir aðilar tengdir landbúnaði hafa sótt um sérfræðiaðstoð sem ESB býður upp á án endurgjalds. Þar á meðal eru svínabændur, garðyrkjubændur og landbúnaðarháskólinn. Nú þarf að skýra hugtakið „aðréttur".

**stigur@frettabladid.is**

**thorgils@frettabladid.is**

## HALLDÓR




# Hlutverk RÚV og ESB-málið

Evrópumál

Andrés Pétursson og Gunnar Hólmsteinn Ársælsson

höfundar eru í stjórn Evrópusamtakanna





Í lok júní hefjast hinar eiginlegu aðildarviðræður Íslands og ESB. Þá er lokið svokallaðri rýnivinnu, en í henni felst að löggjöf Íslands og ESB er borin saman á öllum sviðum. Því má segja að þá hefjist í raun nýr kafli í þessu ferli, sem hófst með umsókn Íslands að ESB í júlí árið 2009.

Mikilvægi upplýsingar og opinnar umræðu um ESB má ekki vanmeta. Ísland er upplýsingasamfélag og fjölmiðlaumhverfið hefur breyst mjög mikið á undanförnum tveimur áratugum. Með almennri notkun á internetinu og þeim upplýsingum sem þar finnast, verður myndin enn margbreytilegri.

Sá fjölmiðill sem hinsvegar hefur það hlutverk samkvæmt lögum að vera ,,fjölmiðill í þágu almennings" (enska: public service), er Ríkisútvarpið. Í öðrum kafla laganna um RÚV eru 13 greinar og fjalla þær um hlutverk þess og skyldur: Þar segir meðal annars í greinum fjögur og fimm: „Að veita almenna fræðslu og gera dagskrárþætti er snerta málefni lands og þjóðar sérstaklega og með þeim hætti tryggja hlutlæga upplýsingagjöf um íslenskt samfélag. Að halda í heiðri lýðræðislegar grundvallarreglur og mannréttindi og frelsi til orðs og skoðana. Gæta skal fyllstu óhlutdrægni í frásögn, túlkun og dagskrárgerð." Nú er hægt að slá því föstu að ESB-málið er mál sem snertir ,,málefni lands og þjóðar sérstaklega" og ásamt EES-samningnum árið 1995 og aðild Íslands að NATO árið 1949, er þetta eitt mikilvægasta málið sem er á „dagskrá" hjá þjóðinni. Vald fjölmiðla til að setja mál á dagskrá er óumdeilt. Almenningur talar um þau mál sem komast í fjölmiðla og eru þar til umfjöllunar. Þessvegna er hlutverk RÚV í ESB-málinu gríðarlega mikilvægt. Að upplýsa almenning um kosti og galla aðildar, framleiða efni um ESB og þess háttar hlýtur því að falla undir hlutverk RÚV sem almannafjölmiðils, fjölmiðils fyrir alla íslensku þjóðina.

Það er okkar von, sem ritum þessa grein að RÚV rækti skyldur sínar við landsmenn í þessu mikilvæga máli og geri það á þann hátt að almenningur geti myndað sér skoðun út frá bestu mögulegu forsendum. Opin, málefnaleg og hreinskilin umræða hlýtur að teljast vera eitt af helstu einkennum lýðræðisins.

ESB-málið verður svo að lokum lagt í dóm þjóðarinnar, þegar aðildarsamningur er tilbúinn. Á grundvelli þeirra upplýsinga sem þá liggja fyrir mun íslenska þjóðin í þjóðaratkvæðagreiðslu segja annaðhvort JÁ eða NEI.

ESB-málið er mikil áskorun fyrir RÚV, hvort stofnunin nái að rækja skyldur sínar samkvæmt þeim lögum sem um hana gilda. Hvetjum við forsvarsmenn RÚV til þess að sjá til þess að svo verði, íslensku lýðræði til framdráttar.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **SÍMI:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is*, Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* og Höskuldur Daði Magnússon (dægurmál) *hdm@frettabladid.is*
**HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **ALLT OG SÉRBLÖÐ:** Roald Eyvindsson *roald@frettabladid.is* og Sólveig Gísladóttir *solveig@frettabladid.is*
**ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Að ræða eða ræða ekki 62. gr. stjórnarskrárinnar

Vernd þjóðkirkjunnar

Hjalti Hugason
prófessor í guðfræði



Í Fréttablaðinu 11. maí s.l. birtist hvatning frá nokkrum trú- og lífsskoðunarfélögum, baráttusamtökum fyrir aðskilnaði ríkis og kirkju og jafnvel baráttusamtökum gegn trú til Stjórnlagaráðs um að „bera fram sérstaka tillögu um afnám 62. greinar stjórnarskrár Íslands og afnema þar með ákvæði um sérstaka vernd þjóðkirkjunnar.“ Telja þessi samtök vænlegast að sértæk tillaga um niðurfellingu greinarinnar verði lögð í dóm kjósenda í þjóðaratkvæðagreiðslu samfara kosningu um nýja stjórnarskrá.

Ljóst er að ákvörðunarvald um niðurfellingu eða breytingu á 62. gr. stjskr. er í höndum þjóðarinnar. Það mál verður því að bera undir þjóðina í almennri atkvæðagreiðslu sbr. 2. mgr. 79. gr. stjskr. hvort sem það verður gert á grundvelli sértækrar tillögu, sem hluti af viðamiklum stjórnarskrárbreytingum eða við kosningar um alveg nýja stjórnarskrá. Með áskoruninni er Stjórnlagaráð hvatt til að velja alveg ákveðna leið í þessu efni, þ.e. að fara bókstaflega að fyrirmælum 79. gr. stjskr. og einangra 62. gr. þannig frá öðrum greinum stjórnarskrárinnar. Svo virðist sem þessi leið sé farin til að koma í veg fyrir sérstaka umræðu um greinina.

Markmið þeirra sem undir hvatninguna rita er að afnema ákvæði um sérstaka vernd Þjóðkirkjunnar og tryggja jafnrétti og fullt trúfrelsi einstaklinga óháð trúar- og lífsskoðunum þeirra. Þetta er í alla staði virðingarvert markmið sem keppa beri að. Meginhugsun þess kemur raunar þegar fram í 63.-65. gr. núgildandi stjórnarskrár. Þá ber þess að gæta að í innlendum og erlendum dómum hefur komið fram að þjóðkirkjuskipan á borð við þá sem fram kemur í 62. gr. stjskr. brjóti ekki í bága við trúfrelsi. Stjórnlagaráði ber þó vissulega að þróa þessa hugsjón áfram inn í 21. öldina. Það er hins vegar ekki víst að það verði best gert án umræðu um 62. gr.

> Sérstaða meirihlutakirkjunnar í landinu verði frekar táknræn en lagalegs eðlis

Nú þegar liggur fyrir Stjórnlagaráði tillaga um að ná sama markmiði og að ofan getur en með uppstokkun á öllu efni sjötta kafla stjskr. og nýjum tengslum hans við mannréttindaákvæði stjskr. Þar er lagt til að öll trú og lífsskoðanir verði lagðar að jöfnu, að staða trú- og lífsskoðunarfélaga verði jöfnuð þannig að ríkið styrki og verndi öll slík félög sem óska skráningar og uppfylla þau skilyrði sem um hana gilda og að sérstaða meirihlutakirkjunnar í landinu verði frekar táknræn en lagalegs eðlis. Á þennan hátt er mögulegt að þróa þá trúfrelsishefð sem hér hefur ráðið för frá 1874 á farsælan hátt inn í fjölhyggju 21. aldarinnar.

Það er vonandi að Stjórnlagaráð reynist þeim vanda vaxið að taka einnig þann hluta stjórnarskrárinnar sem að trú- og kirkjumálum lýtur til málefnalegrar umræðu en hlaupi ekki frá vandanum með þeirri ódýru lausn sem fram kom í fyrrgreindri hvatningu.

Að lokum skal Stjórnlagaráði óskað velfarnaðar í vandasömu starfi.

# Hugleiðing um tjáningarfrelsi

Menning

Áslaug Thorlacius
myndlistarmaður og kennari



Tjáningarfrelsið er undirstaða lýðræðisins en því miður nýtur aðeins brot mannkyns þeirra forréttinda að geta tjáð sig án þess að eiga yfir höfði sér refsingu. Við þurfum ekki að fara út fyrir Evrópu til að finna ljót dæmi. Á aðalfundi Evrópudeildar IAA (heimssamtaka myndlistarmanna) sem ég sat í október s.l. greindi formaður samtaka tyrkneskra myndlistarmanna, Bedri Baykam frá því að í Tyrklandi sitji fjölmargir listamenn í fangelsi fyrir verk sín. Hann lýsti harðvítugri baráttu gegn áformum yfirvalda um að brjóta niður verkið Minnisvarði um mannúð. Að baki liggja pólitískar ástæður en opinbera skýringin er að forseta landsins þyki verkið ósmekklegt. Þó að fundinn sætu eingöngu myndlistarmenn kom glöggt fram að umræðan um tjáningarfrelsið er á mjög misjöfnu stigi eftir löndum. Baykam til mikillar furðu vorum við fulltrúar Norður-Evrópu ekki síður að velta fyrir okkur siðferðinu og því hvort allt skuli vera leyfilegt í nafni tjáningarfrelsis. Frelsi fylgir jú ábyrgð.

Rétt fyrir páska varð Baykam fyrir hnífsstungu þar sem hann var á leiðinni burt af blaðamannafundi um þennan sama minnisvarða. Læknum tókst að bjarga lífi hans en það munaði aðeins hársbreidd að hann léti lífið fyrir málstaðinn. Á sama tíma og listamenn í Tyrklandi leggja líf sitt að veði til að verja tjáningarfrelsið og sæmdarrétt listamanns logar íslenskt menningarlíf stafna á milli í súrrealískri umræðu sem sumir virðast halda að snúist líka um tjáningarfrelsið. Það er misskilningur. Hún snýst um siðferði eða öllu heldur skort á siðferði. Málið er þannig vaxið: Listamennirnir sem stjórna sýningunni Koddu halda því fram að af því að hér ríkir tjáningarfrelsi hafi þeir fullan rétt til að níðast á verkum annarra listamanna ef þau falla ekki að þeirra smekk – svipuð rök og Erdogan Tyrklandsforseti notar. Allir fara á taugum, sennilega af því að fólk er yfirleitt kurteist og forðast að nefna það sem raunverulega er í gangi. Umræðan lendir í algjörum ógöngum. Allt í einu eru höfundalögin ónýt og ákvæði um sæmdarrétt óskýr og úrelt.

Stöldrum nú aðeins við. Einmitt þesskonar lagatæknilegar brellur nota menn til að réttlæta siðleysið sem leiddi til hrunsins mikla. Að allt sé leyfilegt nema það sem nákvæmlega er bannað með lögum. Það sorglega (eða kannski broslega) er að Koddu á einmitt að vera uppgjör við hrunið og þá væntanlega hrokann og siðblinduna sem léku svo stórt hlutverk í aðdraganda þess. Þvílík endemis þvæla. Ég legg til að við hættum þessari hræsni og köllum hlutina sínum réttu nöfnum.

EFNAHAGS- OG VIÐSKIPTARÁÐUNEYTIÐ

**Morgunverðarfundur um verðtryggingu**

**Miðvikudaginn 18. maí kl. 8.30-10.00**
**í Háskólanum í Reykjavík, stofu M1.01 - Bellatrix**

**Dagskrá:**
- Eygló Harðardóttir, alþingismaður og formaður nefndar um verðtrygginguna, kynnir stuttlega niðurstöður nefndarinnar
- Marinó G. Njálsson, framkvæmdastjóri Betri ákvarðana
- Vilhjálmur Þorsteinsson, fjárfestir og fulltrúi Samfylkingar í nefnd um verðtrygginguna
- Pétur H. Blöndal, alþingismaður og fulltrúi Sjálfstæðisflokks í nefnd um verðtrygginguna

Að framsögum loknum verða pallborðsumræður.
Friðrik Már Baldursson, forseti viðskiptadeildar Háskólans í Reykjavík, stýrir fundi.

HÁSKÓLINN Í REYKJAVÍK
SAMAN LÁTUM VIÐ HJÓLIN SNÚAST




ASKJA
ASKJA · Krókhálsi 11 · 110 Reykjavík · Sími 590 2100 · askja.is
Viðurkenndur sölu- og þjónustuaðili Mercedes-Benz á Íslandi

# tímamót

timamot@frettabladid.is



**IDI AMIN**, einræðisherra í Úganda, fæddist þennan dag (1928-2003)

*„Ef við vissum tilganginn með öllu því sem hendir okkur um dagana, væri enginn tilgangur með lífinu.“*

## Merkisatburðir

1724 Mývatnseldar hefjast og standa með hléum í fimm ár.

1841 Tómas Sæmundsson, prestur á Breiðabólsstað og einn Fjölnismanna, deyr 33 ára. Jónas Hallgrímsson orti eftir hann ljóð sem hefst á þessum þekktu hendingum: „Dáinn, horfinn! Harmafregn!“

1904 Guðmundur Björnsson læknir ræðir á bæjarstjórnarfundi um nauðsyn vatnsveitu.

1914 Hundrað ára stjórnarskrárafmæli Noregs minnst með hátíðahöldum í Reykjavík.

1940 Breskir hermenn koma til Akureyrar með varðskipinu Ægi.



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför föðursystur okkar

**Jennýjar Jóhannesdóttur**

frá Egilsstöðum.

Við viljum einnig þakka starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Hvammstanga fyrir góða umönnun.

Erna Snorradóttir
Jóhannes Snorrason
Elín Rósa Snorradóttir
Eggert Snorrason
Hulda Snorradóttir



Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi

**Ellert S. Svavarsson**

frá Ármúla, til heimilis að Hólabraut 8, Hafnarfirði,

verður jarðsunginn frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.00.

Bergþóra Valgeirsdóttir
Svavar Ellertsson
Gunnur Baldursdóttir
Valgeir Ellertsson
Sigríður Ellertsdóttir
Rúnar Gíslason
Hansína Ellertsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Elskulegur faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**Guðmundur Ármann Oddsson**

frá Flateyri,

lést þann 11. maí á Dvalarheimili aldraðra í Bolungarvík. Jarðarförin fer fram frá Ísafjarðarkirkju 21. maí kl. 14.00

Börn, tengdabörn, barnabörn og langafabörn.



Ástkær eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma

**Kristgerður Kristinsdóttir**

Hjallalandi 40, Reykjavík,

lést á heimili sínu sunnudaginn 8. maí.
Útför hennar fer fram frá Bústaðakirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.00.

Sigurjón Guðjónsson
Kristinn Sigurjónsson
Kristín Aðalsteinsdóttir
Inga Sigurjónsdóttir
Ísak V. Jóhannsson
Guðjón F. Sigurjónsson
Bjarni Sigurjónsson
Rebekka Aðalsteinsdóttir
og barnabörn

ÞETTA GERÐIST 17. MAÍ 2009

## Dalía fyrsti kvenforseti Litháens



Litháíska stjórnmálakonan Dalía Grybauskait var kjörin forseti Litháens, fyrst litháískra kvenna, fyrir tveimur árum.

Dalía fæddist 1. mars 1956 í Vilníus, dóttir sölukonu og rafvirkja. Hún tilkynnti forsetaframboð 26. febrúar 2009 og sagðist við það tækifæri ætla að hafa sannleika, gegnsæi og ábyrgð þjóðar sinnar að leiðarljósi, því Litháar þráðu að lifa án ótta og í tiltrú á sjálfa sig, aðra og morgundaginn. Því vildi hún leggja fram reynslu sína, þekkingu og hæfileika til að bæta siðferði í landinu.

Fljótt kom í ljós að Dalía var óvefengjanlegur leiðtogi í forsetakapphlaupinu. Innanríkismál voru henni hugleikin því djúp efnahagsleg lægð blasti við Litháum.

Á kjördag vann Dalía stórsigur, með 68,18 prósentum atkvæða. Alþjóðapressan var fljót að kalla hana „litháísku járnfrúna“ sökum hreinskilni hennar, en einnig vegna svarta beltisins í karate. Auk litháísku talar Dalía ensku, rússnesku, frönsku og pólsku og hefur nefnt Margréti Thatcher og Mahatma Gandhi sem helstu fyrirmyndir sínar. Hún fór fram á að forsetalaun yrðu lækkuð um helming þegar hún tók við embætti.



**FLÖSKUSKEYTI 49** Þetta er flaskan sem fannst við Noregsstrendur á páskadag en í henni má sjá upprúllað málverk.



**ÆVINTÝRI Í FLÖSKU** Soffía Karlsdóttir segir flöskuskeytum fylgja ævintýrablær og þótt ekki komi fjársjóðskort upp úr flöskum Philippe Richard sé þar fögur málverk að finna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

49. FLÖSKUSKEYTI LISTASAFNS REYKJAVÍKUR: FINNST VIÐ NOREGSSTRENDUR

# Sá á fund sem finnur málverk

„Við vorum að dóla okkur á báti úti fyrir eyjunni Oldru þegar við sáum glitta í dularfullan pakka í flæðarmálinu. Engin leið var að sjá hvað leyndist í pakkanum svo við opnuðum hann af varkárni og urðum heldur en ekki undrandi þegar flaska með listaverki og sendibréfi kom í ljós,“ segja fjögur ungmenni frá Björgvin sem fundu 49. flöskuskeyti franska listamannsins Philippe Richard á páskadag við vesturströnd Noregs.

Flaskan sem fannst við Oldru er ein 180 flöskuskeyta sem kastað var í hafið á átján stöðum umhverfis Ísland í leiðangri hafrannsóknarskipsins Bjarna Sæmundssonar fyrir sléttum fjórtán árum, eða frá 16. maí til 9. júní 1997.

Soffía Karlsdóttir, kynningarstjóri Listasafns Reykjavíkur, þekkir vel söguna á bak við frönsk-íslensku flöskuskeytin.

„Philippe Richard kom til Ísafjarðar sem skiptinemi veturinn 1980-81 og hefur síðan sótt landið margsinnis heim. Að loknu listnámi 1994 hafði hann vetursetu í listamiðstöðinni í Straumi, þar sem hann málaði myndir fyrir verkefni sem hann kallaði Mánuðir, ár og snúast einmitt um flöskuskeytin sem gjöf listamannsins til hafsins sem gefur listinni svo margvíslegan efniviðinn,“ segir Soffía og útskýrir að hafið ráðstafi svo gjöfum Richards að vild á mánuðum eða árum, og þannig sé tíminn einnig virkur þáttur í sköpunarverkinu.

Verkefni Richards var tvíþætt. Fyrst safnaði listamaðurinn saman rekavið, málaði á hann mynstur frá suðrænum heimsálfum og stefndi þannig saman ólíkum menningaráhrifum, þar sem rekaviður hafði borist til Íslands frá norðlægum slóðum eins og Rússlandi, Noregi og Kanada.

„Hinn þátturinn fólst í 180 myndverkum á pappír, sem fyrst voru sýnd á Kjarvalsstöðum í ársbyrjun 1996 og síðar í París sama vor. Að sýningum loknum kom Philippe myndunum fyrir í vel merktum flöskum sem síðan sigldu sinn sjó, en þannig var hafinu skilað til baka einstökum listaverkum fyrir allan þann efnivið sem það hafði áður lagt listamanninum til,“ segir Soffía.

Á sama hátt og það tók rekaviðinn mislangan tíma að berast til Íslands fyrir vindum og hafstraumum munu flöskuskeytin verða mislengi að berast til endanlegs áfangastaðar og þar verður til lokaþáttur verkefnisins, sem er: Sá á fund sem finnur.

„Fyrsta flöskuskeytið fann Kristján Franklín á Snæfellsnesi 23. júní 1997, en síðan hafa þau fundist eitt af öðru með mislöngu millibili við Íslandsstrendur, en einnig fjölmörg við Noreg, Bretland og Hjaltlandseyjar. Sá sem finnur flöskuskeytið eignast merkilegt listaverk eftir Philippe Richard, eða þá listaverk sem hafið færði honum í fjörunni og listamaðurinn hafði skilað hafinu til baka.“

thordis@frettabladid.is



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi

**Sigfús Svavarsson**

Þúfubarði 8, Hafnarfirði,

lést föstudaginn 13. maí. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju þriðjudaginn 24. maí kl. 13.00.

Nikulína Einarsdóttir
Halldóra Sigfúsdóttir
Guðmundur Ólafur Hauksson
Friðrikka Sigfúsdóttir
Sigurbjörn Sigfússon
Hjálmfríður Guðrúnardóttir
barnabörn og barnabarnabörn



Móðir okkar,

**Gunnfríður Ása Ólafsdóttir (Lóló)**

Hrafnistu Reykjavík, áður Lindarbraut 2, Seltjarnarnesi,

er látin. Útför hennar verður gerð frá Dómkirkjunni í Reykjavík fimmtudaginn 19. maí kl. 3.

Ólafía Ingibjörg Gísladóttir
Auðun Pétur Gíslason
Viggó Kristinn Gíslason
og aðrir vandamenn

FLUGURNAR FÆRÐU HÉR Flugan.is

# VORTILBOÐ

## VEIÐIBLAÐIÐ – EINTAKIÐ ÞITT
## GEYMDU BLAÐIÐ

SPORTBÚÐIN
VEIÐIHORNIÐ
VEIDIMADURINN.IS



DAM
Dam Taslan nælonvöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
6.995,-

DAM
DAM neopren-vöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
13.995,-

SCIERRA
CC3 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
29.900,-

SCIERRA
CC4 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
49.900,-

SCIERRA
CC6 öndunar-vöðlur og skór.
PAKKATILBOÐ AÐEINS
59.900,-



SIMMS
Freestone öndunarvöðlur og skór.
PAKKAVERÐ AÐEINS
49.900,-

RON THOMPSON
Hydrowave öndunarvöðlur og skór.
PAKKAVERÐ AÐEINS
24.900,-

MAD
MAD neopren-vöðlur í felulitum.
VORTILBOÐ AÐEINS
16.995,-

RON THOMPSON
Ron Tompson neoprenvöðlur.
VORTILBOÐ AÐEINS
11.995,-

RON THOMPSON
Ron Thompson nælonvöðlur í barnastærðum.
Fyrir börn!
VERÐ AÐEINS
6.995,-

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 5 - SÍMI 517 8050

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410

VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU
Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS

MUNIÐ VINSÆLU GJAFABRÉFIN OKKAR!



**Námsbraut í ljósmóðurfræði** efnir til málstofu í Eirbergi föstudaginn 20. maí. Þar verður minnst þeirra tímamóta að 250 ár eru frá því að farið var að mennta ljósmæður á Íslandi. Útskriftarnemar munu einnig kynna lokaverkefni sín til embættisprófs.




**Sölufulltrúi: Jóna María Hafsteinsdóttir** jmh@365.is 512 5473


**Anna Margrét Einarsdóttir leggur mikla stund á hreyfingu en fær mest út úr fimleikum.**

# Fer hæglega í splitt og spíkat



Íþrótta- og lýðheilsufræðingurinn Anna Margrét Einarsdóttir tók upp á því fyrir nokkrum árum að ganga í hópinn GGG sem stendur fyrir gamalt, gott Gerplufólk og sér ekki eftir því.

„Þarna er mikið lagt upp úr þreki og styrk og við leikum okkur á öllum áhöldum. Þau eru orðin svo háþróuð að flest erum við farin að geta meira en þegar við vorum ung,“ segir Anna Margrét og rennir sér án nokkurra vandkvæða niður í splitt. Hún segir það eins og að ganga í barndóm að fara í fimleika. „Ég hlakka til hverrar einustu æfingar.“

Anna Margrét hreyfir sig ekki síður í vinnunni sem hún segir forréttindi. „Ég er lífsstílsþjálfari og kenni fólki að hlaupa og breyta um lifnaðarhætti. Ég geng eða hleyp með því úti í náttúrunni og fæ ansi mikla hreyfingu út úr því sjálf. Útiveran er líka frábær og fyllir mig af orku.“ Anna Margrét kennir auk þess íþróttir og sund hjá Hjallastefnunni og tekur virkan þátt með börnunum. Þar fyrir utan syndir hún og fer í ræktina. „Öll þessi hreyfing gerir það að verkum að ég get borðað eins mikið og ég vil sem er góður bónus“ . Anna Margrét heldur úti heimasíðunni www.ummig.is með vinkonu sinni Höllu Heimisdóttur. Síðan er hluti af mastersverkefni þeirra í lýðheilsufræðum og svarar flestum spurningum er varða heilsu og líðan.

*vera@frettabladid.is*

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI


**Blöndunartæki**
fyrir heita potta 52 l./mín.
Mjög afkastamikið tæki.
Hringás
**Hringás ehf - Skemmuvegur 10 (blá gata) - 200 Kópavogur - Sími: 567 1330**

GÆÐAFISKUR
ÍSLENSK FÆÐUBÓT
**BITAFISKUR**
-næring fyrir líkama og sál
**Sölustaðir:**
10 -11, Inspired í Flugstöðinni, Samkaup, Nettó, Kaskó, Fjarðarkaup, Skeljungsbúðirnar, Olís, N1, Kaupfélag V- Húnvetninga, Kaupfélag Skagfirðinga,Verslunin Vísir, Bláa lónið, Hreyfing, Krambúðin, Fiskbúðin Freyja, Melabúðin.

Eirberg
**Betra loft**
betri líðan
**Airfree lofthreinsitækið**
- Eyðir frjókornum og svifryki
- Vinnur gegn myglusveppi og ólykt
- Eyðir bakteríum og gæludýraflösu
- Er hljóðlaust og sjálfhreinsandi

Hæð aðeins 27 cm
Í sumar er opið virka daga frá kl. 9 -18
Stórhöfða 25 • Sími 569 3100 • eirberg.is

FRÉTTIR | VIÐSKIPTI | ÍÞRÓTTIR | LÍFIÐ | UMRÆÐAN
**KOMDU Í ÖLL HELSTU PARTÝIN MEÐ OKKUR**
m.visir.is
Fáðu Vísi í símann!
Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf, meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval. Þú færð meira af öllu á Vísi.
**Meiri Vísir.**
vísir

**Stuðnings stöngin**
**LÉTTU ÞÉR LÍFIÐ**
**Yfir 4000 notendur á Íslandi síðan 1999**
Stuðningsstöngin er hjálpar- og öryggistæki sem auðveldar fólki að vera virkt og athafnasamt við daglegt líf án þess að þurfa að reiða sig á aðra. Margir iðjuþjálfara, sjúkraþjálfarar og læknar hafa mælt með stuðningsstöngunum fyrir sína skjólstæðinga.
- Auðveld í uppsetningu.
- Engar skrúfur eða boltar.
- Tjakkast milli lofts og gólfs.
- Hægt að nota við hallandi loft, timbur/gifsloft og mikla lofthæð.
- Margir aukahlutir í boði.
- Falleg og nútímanleg hönnun.
- Passar allstaðar og tekur lítið pláss.
- Viðurkennd af Sjúkratryggingum Íslands, hjálpartækjamiðstöð.

Vilji
vilji.is
*...léttir þér lífið*
*Sími 856 3451 • www.vilji.is*
**Stuðningsstangirnar hafa fengið verðlaun fyrir notagildi, öryggi og hönnun á alþjóðlegum hjálpartækjasýningum í USA.**



**Tannhreinsun barna** er bráðnauðsynleg. Erfitt getur verið að bursta tennur í börnum yngri en þriggja ára. Þá er best að hafa þau vel skorðuð í útafliggjandi stöðu, til dæmis á skiptiborði eða í fangi foreldris.

# Tæp 40 prósent beltislaus

**Á tímabilinu 2000-2009 létust 225 einstaklingar í 190 umferðarslysum. Algengustu dánarmeinin voru lífshættulegir áverkar á höfði og brjóstholi. 68% voru karlmenn og 19% voru undir áhrifum vímuefna.**

Nýlega var birt niðurstaða rannsóknar á dánarmeinum látinna í umferðarslysum árin 2000 til 2009. Rannsóknina gerði Kári E. Þórðarson, þriðja árs læknanemi, undir handleiðslu þriggja aðila, þeirra á meðal Brynjólfs Mogensen yfirlæknis á bráðasviði Landspítalans. „Kári vann úr gögnum rannsóknarnefndar umferðarslysa og kom ýmislegt áhugavert þar fram,“ segir Brynjólfur og tíundar það helsta. „Ekki kom á óvart að karlmenn eru í meirihluta þeirra sem létust eða 68%. Hlutfall karla er langoftast hærra þegar kemur að slysum almennt, en þegar kemur að umferðarslysum er það enn hærra en ella,“ segir hann. Brynjólfur telur sig hafa útskýringu á þessu. „Mitt mat er að konur séu betri ökumenn en karlar. Þær keyra líklega skynsamar miðað við aðstæður.“



Brynjólfur Mogensen

Hlutfall ungs fólks er sláandi. Fjórðungur þeirra sem létust var á aldrinum 16 til 25 ára en helmingur allra var undir 45 ára aldri.

Langflestir látast í dreifbýli eða í 74% tilvika. Þegar hins vegar er litið á þá tölu nánar sést að langflestir í þeim hópi látast innan við 150 km frá höfuðborgarsvæðinu. Rúmur helmingur (52%) deyr um helgar en þegar litið er til árstíma er breytileikinn mikill. Fæst slysin eru þannig í apríl, flest í ágúst. Næstfæst í september og næstflest í október.

En hver er helsta orsök banaslysa? „Framanákeyrslur eru algengasta orsökin en hins vegar eru einnig fjölmörg slys þar sem einungis einn bíll kemur við sögu,“ svarar Brynjólfur. Algengustu dánarmein voru áverkar á höfði og brjóstholi en greindir voru 210 áverkar á höfði og 186 á brjóstholi. Helstu áverkar voru dreifðir heila-, lungna- og ósæðaáverkar.

Inntur eftir bílbeltanotkun segir hann niðurstöðurnar sorglegar. „Hlutfall beltislausra í þessum hópi er 38% sem er skelfilega há tala en í umferðinni almennt er þessi tala 5 til 6%,“ segir Brynjólfur. Hann bætir við að hlutfall þeirra sem voru undir áhrifum vímugjafa hafi verið tæp 19% og flestir þeirra hafi ekki verið með belti.

Jákvætt er að banaslysum í umferðinni fækkaði á þessu tíu ára tímabili. „Við stefnum í rétta átt og fækkunin er mikil ef við tökum tillit til þess að bílum og eknum kílómetrum hefur fjölgað mikið á þessu tímabili. Ég vildi hins vegar óska að þetta gengi hraðar,“ segir Brynjólfur. *solveig@frettabladid.is*



Fjórðungur þeirra sem létust var á aldrinum 16 til 25 ára.


SUMARDAGAR



20% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM

BASLER

Skipholti 29b • S. 551 0770

ÍSLENSKT HUNDANAMMI

gott í þjálfun og í leik

VINSÆL VARA




Fæst í Bónus, Samkaup, 10-11, Fjarðarkaup og Inspired Keflavíkurflugvelli

FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

MEIRI UMRÆÐA

vísir

Jafnvægi fyrir líkama og sál

heilsumeðferð · heilsuvörur · dekur · leikfimi



Tilboð fjölbreytt body-maska meðferð opið laugard. og sunnudag

HEILSUDREKINN

Kínversk heilsulind

Skeifunni 3j · Sími 553 8282 · www.heilsudrekinn.is



Stelpur Konur

Staðurinn - Ræktin

S&S stutt og strangt

Stutt og strangt

Skráning alltaf í gangi! Sími 581 3730

Ný námskeið að hefjast

Frjáls aðgangur að opna kerfinu og tækjasal

Komdu þér í gang!

- 2ja vikna námskeið 5x í viku í tækjasal með persónulegri leiðsögn og aðhaldi
- Tilvalið að mæta með vinkonunum – hámark 5 í hóp
- Leiðbeiningar um mataræði
- Mæling og vigtun í byrjun og enda námskeiðs

Verð aðeins kr. 10.000.

Barnagæsla - Leikland JSB

Velkomin í okkar hóp!

DANSRÆKT JSB leggur línurnar

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is

EFLIR almannatengsl / HNOTSKÓGUR grafísk hönnun




Fyrir bústaðinn og heimilið

Opið: má-fö. 12:30 -18:00, Lokað um helgar.

Dalvegi 16a, Rauðu múrsteinshúsunum Kóp.201

S: 517 7727 nora.is , facebook.com/noraisland

Nóra



Ólafur Kristinn Ólafsson deildarstjóri og Svavar Þórhallsson afgreiðslumaður eru vígalegir í veiðideildinni í Intersport við Bíldshöfða. MYND/ANTON

# Allt sem veiðimenn dreymir um

**Intersport við Bíldshöfða hefur rekið veiðideild allt frá upphafi og þar fæst allt sem nokkur veiðimaður gæti látið sig dreyma um, að sögn Ólafs Kristins Ólafssonar, deildarstjóra veiðideildarinnar.**

„Ég er búinn að vera hér í ellefu ár og á þeim tíma hefur deildin vaxið mikið,“ segir Ólafur. „Við teljum okkur vera í stakk búna til að takast á við allar þarfir hins almenna veiðimanns, hvort heldur er í fluguveiði, skotveiði, sjóstangveiði eða öðrum veiðibúnaði. Við erum meira að segja með net, bæði flugnanet og silunganet. Þannig að ég held það sé óhætt að segja að við þjónum öllum og hinn almenni veiðimaður sem kemur til okkar á ekki að þurfa að leita annað.“

Í skotveiðibúnaði er úrvalið líka fjölbreytt. „Aðalmerkin okkar þar eru Mossberg og Weatherby,“ segir Ólafur. „Og síðan erum við með Berettu, Bruno og fleiri og fleiri. Í skotunum í haglabyssur leggjum við mesta áherslu á Elay og Express og erum með heildsölu fyrir þau merki, þannig að þau fást víða um land.“

Spurður hvort það séu tískusveiflur í veiðibúnaði segist Ólafur ekki geta neitað því. „Jú, það er tíska í þessu eins og öðru. Menn vilja að lúkkið sé jafnfallegt á vöðlunum og jakkanum og litirnir tóni saman. Svo er náttúrulega líka tíska í búnaðinum. Í flugustangveiðinni eru fjögur merki virtust og við erum með tvö af þeim, Gloomis og Scott. Intersport er með umboð fyrir Cortland veiðivörur og þar er 444 flugulínan fremst í flokki. Einnig er gott úrval af flugustöngum og flugustangarsettum frá Cortland. Shimano er hins vegar stærsta merkið hjá okkur í kaststöngum og veiðihjólum. Fyrir þá sem vilja hnýta sínar eigin flugur erum við líka með fjölbreytt úrval af fluguerðarefnum, þar sem allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi. Auk þess erum við með allt sem til þarf í sjóstangveiðina, en áhugi fyrir henni fer hratt vaxandi á Íslandi.“

Intersport sinnir líka yngstu veiðimönnunum og Ólafur segir algengt að foreldrar komi með börnin fyrir fyrstu veiðiferð þeirra og kaupi útbúnað fyrir þau. „Við erum með stangveiðipakka bæði fyrir stráka og stelpur. Það er heilmikið um það að fjölskyldan komi öll saman og birgi sig upp fyrir útileguna og það er mikil spenna hjá yngstu kynslóðinni að eignast sínar fyrstu veiðigræjur. En hjá okkur skiptir engu máli á hvaða aldri viðskiptavinurinn er, við kappkostum að koma til móts við þarfir og drauma allra,“ segir Ólafur.




# Láttu ekki flugnabitin eyðileggja fríið

Effitan flugnafæluúði er með mikla virkni en á sama tíma náttúrulegur og án DEET. Rannsóknir* sýna að Effitan verndar í allt að 8 tíma.

Öruggt fyrir ófrískar konur og börn frá þriggja mánaða. Einungis þarf að passa að bera ekki efnið þar sem hægt er að setja í augu og munn.

Virku innihaldsefnin í Effitan eru ma. kókosolía, Eucalyptus Citriodora (sítrónu júkalyptus) og citronella (grastegund sem er notuð í ilmolíur).

Effitan er 98,88% náttúrulegur og án allra Paraben efna.








alva
NATURKOSMETIK

EITUREFNALAUST

PRENTUN.IS

*Rannsóknir frá Swiss tropical institute í Basel og Dr. Dautel Institut í Berlín.





„Ný föt, sama röddin"

- Við höfum fært verslunina á Langholtsveg 111 í nýtt, stærra og betra húsnæði.

Frasinn hans Bó á því vel við, þar sem okkar markmið eru enn sem fyrr að veita okkar viðskiptavinum faglega og persónulega þjónustu ásamt því að bjóða hágæða vörur.

Laxa- og silungaflugur, flugulínur, hjól, stangir, skór, vöðlur, veiðiföt, hnýtingarefni ofl.

GUIDELINE

RADAR

Veiðiflugur

LANGHOLTSVEGI 111, 104 REYKJAVÍK
SÍMI 527 1060 WWW.VEIDIFLUGUR.IS




Hilmar Hansson og kona hans, Oddný Magnadóttir, opnuðu Veiðiflugur fyrir tveimur árum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Taka norsku merki vel

„Guideline er orðið stærsta veiðimerkið í Skandinavíu í dag. Það er aðallega hannað fyrir lax- og silungsveiði," segir Hilmar Hansson, annar eigenda Veiðiflugna sem sérhæfir sig í sölu á flugum, stöngum og línum. „Guideline er norskt veiðimerki sem íslenskir veiðimenn hafa tekið ótrúlega vel."

Innan Guideline-veiðimerkisins eru að sögn Hilmars flugulínurnar 4Cast og Bullet. „Þetta eru helstu einhendulínurnar okkar. Svo erum við með skothausakerfi fyrir tvíhendur," segir Hilmar og heldur áfram: „Við vigtum allar línur fyrir tvíhendurnar og skerum þær fyrir hverja stöng."

Einnig bjóða Veiðiflugur upp á veiðistangir frá Guideline. „Stöngin Fario hefur verið kosin besta stöngin hjá veiðitímaritinu Trout and Salmon. Svo erum við með LeCie og LPXe stangir," segir Hilmar og bendir á að einnig séu veiðiföt og vöðlur á boðstólum hjá Veiðiflugum.

„Annað aðalsmerki Veiðiflugna eru flugurnar. Við erum með ótrúlega sterkar og vel hnýttar flugur úr smiðju Jóns Inga Ágústssonar sem íslenskir veiðimenn þekkja mjög vel," segir Hilmar en Veiðiflugur bjóða upp á mikið úrval veiðiflugna en flugusendingarnar sumarsins eru komnar.

Að sögn Hilmars hefjast flugukastnámskeið Veiðiflugna fljótlega. „Kennarar eru Klaus Frimor danskur kastsnillingur, Óskar Páll Sveinsson og Hilmar Hansson. Þetta eru nokkur námskeið sem haldin verða á tímabilinu 18. maí til 10. júní og fólk getur skráð sig hjá Veiðiflugum."

# Reynsluboltar í veiðiskap

**Veiðideild Útilífs í Glæsibæ býður framúrskarandi veiðivörur á sanngjörnu verði, en kallinn í búðinni er einn sá gamalreyndasti í bransanum.**



Örn Hjálmarsson í veiðideildinni í Glæsibæ sem er sú stærsta á vegum Útilífs, en þar eru Ross flugustangir helsta stoltið. MYND/ANTON

„Það borgar sig að koma niður rúllustigann því þar leynist gósenland veiðimannsins," segir Örn Hjálmarsson vörustjóri veiðideildar Útilífs í Glæsibæ, sem er ein þrautreyndasta veiðibúð landsins. Sjálfur er Örn mikill reynslubolti í veiðimennsku og með krónísk veiðidellu, en hann hefur verið í bransanum síðan 1986 og veit upp á hár hvað dugar til góðrar veiði í ám og vötnum landsins.

„Okkar aðalsmerki eru bandarísku flugustangirnar frá Ross. Þær komu fyrst á markað fyrir þremur árum, en fram að því hafði Ross framleitt veiðihjól sem eru þekkt á heimsvísu fyrir gæði sín. Hönnuður flugustanganna var Mel heitinn Creeker, mikill Íslandsvinur, heimskunnur veiðisnillingur og einn þekktasti stangarhönnuður Bandaríkjanna, en stangir hans hafa unnið til ótal virtra verðlauna," segir Örn stoltur af Ross-flugustöngunum sem íslenskir veiðimenn hafa tekið fagnandi, enda hágæða stangir á góðu verði.

„Með tilkomu Ross þurfa menn ekki lengur að eiga fulla vasa af peningum til að geta keypt sér flugustöng og hægt að fá frábærar stangir með lífstíðarábyrgð á verðbilinu 24 til 49 þúsund," segir Örn sem einnig býður úrval stangarsetta frá Ross, eins og Youth Kitsettið fyrir krakka niður í tíu ára.

„Það geymir alvöru 7,6 feta flugustöng með hjóli og öllu á 39.000, en einnig býður Ross hágæða fullorðinssett með hjóli, stöng, línu, hólki og kennsludisk í flugukasti fyrir 42.900," segir Örn um flugustangirnar sem hafa slegið í gegn um allan heim og tryggja fólki bestu gæði í veiðiskapnum.

„Hugmyndafræði Mels Creeker var að stangirnar væru hraðar í framkasti en mjúkar í fisknum," upplýsir Örn.

Í veiðibúð Útilífs fæst einnig eftirsóttur veiðiklæðnaður frá gæðamerkinu Taimen.

„Góður veiðijakki er gulls ígildi og jakkar Taimen eru þriggja laga með 20.000 millimetra vatnsþoli og öndun, hannaðir með nýjustu þarfir veiðimannsins í huga," segir Örn sem er með jakka á ótrúlegu tilboðsverði til mánaðamóta, en einnig 3ja og 5-laga Taimen vöðlur.

„Hér fæst allt til alls í veiðiskapinn; gæðaflugur frá Veiðiflugum, mesta spúnaúrval landsins, spikfeitur maðkur og hvaðeina til að skapa sem bestar stundir við veiðiskapinn," segir Örn kátur og fullur veiðihugar í Glæsibæ.


ÚTILÍF




Taimen Master vöðlujakki 3 laga kynningartilboð 39.900 kr.


**Útgefandi:** 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 **Umsjónarmenn auglýsinga:** Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir sigridurdagny@365.is s. 512 5462og Ívar Örn Hansen ivarorn@365.is s. 512 5429.

VEIÐIPORTIÐ
Grandagarði 3, 101 Reykjavík, Sími 552 9940
Opnunartímar mán.–fös. kl. 9–18. Laugard. kl. 9–16
**Opið á sunnudögum í júní, júlí og ágúst.**




**Flott fluguveiðisett**
lína 6 eða 7
jaxon 9 feta söng
jaxon large arbore
diskabremsuhjól
jóakims flotlina
undirlína
polaroid gleraugu
derhúfa
taumur og 10 flugur í poka .
**Fullt verð 29.275**
**TILBOÐ 19.900 KR.**



Mistrall Ziro spinn hjól. Langvinsælasta spinn hjólið okkar 6 legur auka spóla og ótrúlega vel ballanserað. Þetta klikkar ekki, 2 ára ábyrgð.
**6.950 kr.**



Gott 3 legu kasthjól með góðri bremsu og aukaspóla.
**Tilboð 2.990 kr.**



Vandað 7 legu kasthjól frá Jaxon mjög hátt gírað auka spóla
**Verð 7.890 kr.**
**Tilboð: 6.900 kr.**



5 Legu kasthjól frá Jaxon fín bremsa og auka spóla.
**4.595 kr.**






**Tilboð 9.900 kr.**
2 Laga jakki með útöndun hettu og góðum vösum.
**Verð 14.950 kr.**



3 LagaTaimen master jakki flísklæddir vasar, stroff á ermum vatnsheldnir rennilásar, 100% vatnsheldni og góð útöndun. Það besta frá Taimen einn með öllu.
**Verð 46.900 kr.**



Taimen River jakket 3 Laga jakki með stillanlegu stroffi á ermum, flísklæddum vösum, vatnsheldnir rennilásar.
**Verð 38.900 kr.**

JAXON MISTRALL YUKON Bushnell SHIMANO ROBINSON



**Í Veiðiporti er reynt að höfða til allrar fjölskyldunnar. Þá hnýtir starfsfólkið margar flugurnar sjálft.** MYND/GVA

# Hafa boðið lægsta verðið

**Veiðiportið að Grandagarði hefur allt frá stofnun haft það að markmiði að bjóða veiðivörur á betra verði, en fyrirtækið var stofnað fyrir nærri átta árum.**

„Upphaflega fórum við af stað með Veiðiportið til að geta boðið fólki ódýrari kost í veiðivörunum en við höfum alltaf reynt að bjóða góðar vörur, í miklu úrvali, á góðu verði," segir Tómas Skúlason eigandi Veiðiportsins.

Sem dæmi um það hvernig Veiðiportið hefur lagt áherslu á lágt verðlag hefur verslunin boðið ódýrustu flugurnar á markaðinum að sögn Tómasar. „Við höfum einbeitt okkur að því að höfða til fjölskyldufólks þar sem við bjóðum vörur fyrir alla aldurshópa en leiðsögumenn og aðrir hafa einnig leitað mikið til okkar, ekki síst vegna flugnanna okkar sem eru án efa á besta verðinu í bænum. Við hnýtum mikið af þeim sjálfir," segir Tómas og bætir við að verðið á flugum hafi lækkað enn frekar hjá þeim í ár.

Aðalmerki Veiðiportsins eru meðal annars Jaxon, en Jaxon er eitt stærsta veiðivörumerki Evrópu, með afar breiða línu af veiðivörum – allt frá sjóstangsveiðistöngum upp í stangir fyrir fluguveiði en merkið inniheldur breitt úrval af ódýrari vöru. „Við höfum einnig selt mikið af íslensku Joakims-veiðivörunum; stangir, hjól og línur. Joakimsvörurnar eru mjög áreiðanlegar og góðar græjur fyrir sanngjarnt verð en þessa dagana erum við sérstaklega hrifnir af nýjum flotlínum frá þeim, sem eru á mjög viðráðanlegu verði." Annað flott merki nefnir Tómas, Taimen, sem er nýtt í versluninni. Merkið er breskt-pólskt og sérhæfir sig í vörum sem tengjast fluguveiði. Taimen er einnig með mjög breiða línu af spennandi fatnaði fyrir menn, konur og börn.

„Þessa dagana er í gangi mjög gott tilboð hjá okkur; Jaxon-flugustangartilboð sem inniheldur allan pakkann; stöng, hjól, línu, taumaefni, derhúfu, 10 flugur og polard-gleraugu á 19.900 krónur. Fólk er þar komið með ágætis byrjunarpakka. Meðan Jaxon er ódýra merkið í stöngunum hjá okkur eru handsmíðuðu amerísku flugustangirnar frá Scott hins vegar dýrari línan, enda stangirnar með lífstíðarábyrgð."

Tómas hvetur fólk til að kíkja við í Grandagarði og skoða úrvalið. Allur pakkinn sé þar fáanlegur á viðráðanlegu verði og hann segist jafnframt hvetja fólk til að gera verðkannanir. „Að lokum má kannski nefna að við höfum verið að koma mönnum upp á að nota hvítmaðk og veiðimenn eru að átta sig á því hversu ofboðslega sterk beita hann getur verið við erfiðar aðstæður, svo sem mikinn hita og þurrk. Hvítmaðkurinn dettur inn í hús hjá okkur um næstu mánaðamót."

# Vinsælir bátar í tösku




Veiðiportið býður upp á uppblásna báta með hörðum botni sem koma í tösku en bátarnir slógu algerlega í gegn í fyrra. Bátarnir eru mjög svo ferðavænir þar sem einfaldlega er hægt að henda þeim í skottið á bílnum.

„Í fyrra vorum við með tilboð í tilefni 20 ára afmæli Jaxon þar sem hægt var að fá rafmagnsmótor frítt með bátunum og við erum að vinna í því að geta boðið eitthvað sams konar nú í ár. Mörg veiðifélög sem og landeigendur hafa nú bannað notkun eldsneytismótora við vötn sín en þessir rafmagnsmótorar eru að skila mönnum góðum róðrarhraða en eru algerlega hljóðlausir og umhverfisvænir," segir Tómas. Bátarnir eru mjög öruggir og stöðugir og samþykktir af Siglingastofnun og CE-vottaðir. „Og að sjálfsögðu bjóðum við upp á beitu, svo sem sári, maðk og hvítmaðk í allt sumar."



**●MARÍUFISKURINN** Fyrsti fiskur sem sjómaður veiddi á ævinni var kallaður Maríufiskur og eru til heimildir um orðið maríufisk allt frá 17. öld. Á Vísindavef Háskóla Íslands segir að fiskinn átti að gefa fátækustu eða elstu konunni í verstöðinni. Ef fiskurinn var góðfiskur, þorskur, ýsa eða lúða, átti veiðimaðurinn að eiga gæfusama framtíð á sjónum. Í kaþólskri trú var fyrsti fiskurinn eins konar heitfiskur og var heitið á Maríu mey til heilla á sjó. Orðið maríulax kemur til sögunnar löngu síðar og er líklega komið frá orðinu maríufiskur.

*Heimild: visindavefur.hi.is*

**●SKOTVEIÐILEYFI OG VEIÐIKORT** Skotvopnaleyfi og veiðikort eru skilyrði þess að stunda megi skotveiðar hér á landi. Til að öðlast þau réttindi þarf að ljúka tveimur námskeiðum: skotvopnanámskeiði og veiðikortanámskeiði. Tilvonandi skotveiðimaður þarf að hafa náð 20 ára aldri og sýna fram á hreint sakavottorð, læknisvottorð og meðmæli tveggja einstaklinga sem eru honum persónulega kunnugir. Þessum gögnum þarf að skila til lögreglu. Námskeiðin eru kennd hjá Umhverfisstofnun og haldin um allt land. Á vefsíðunni www.veidikort.is er að finna upplýsingar um þau og umsóknareyðublöð.



**● ALDREI FLEIRI DÝR Í ÚTRÝMINGARHÆTTU** Tegundir í útrýmingarhættu eru hópur lífvera sem vegna lítils fjölda eða breytinga á búsvæðum eiga á hættu að deyja út. Í mörgum löndum eru lög sem kveða á um sérstaka vernd yfir slíkum tegundum eða búsvæðum þeirra. Tegundir hafa í gegnum tíðina þróast en dáið út. Þeim tegundum sem hafa dáið út hefur þó fjölgað mikið eftir iðnbyltingu og á sú fjölgun sér enga hliðstæðu í þróunarsögunni. Dæmi um dýr við Ísland sem eru í útrýmingarhættu eru sandreyður, steypireyður, langreyður, gítarfiskur og vínlandskarfi.


10 ÁRA 2001-2011 MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

# Yfirburðir Fréttablaðsins á dagblaðamarkaði staðfestir

Við vitum sem er að dagblað á að vera skemmtilegt og upplýsandi. Það á að veita innsýn í líf fólks og varpa ljósi á atburði sem skipta okkur máli. Við hlustum á raddir lesenda og erum lifandi vettvangur fyrir skoðanaskipti.




DV: 10% – Fréttatíminn: 37%

## ALLT LANDIÐ

DV: 11% – Fréttatíminn: 49%

## HÖFUÐBORGARSVÆÐIÐ

Fréttablaðið og Morgunblaðið kemur út sex daga vikunnar, á meðan DV kemur út þrisvar í viku og Fréttatíminn einu sinni.

**Prentmiðlakönnun Capacent Gallup.**
Janúar til mars 2011, meðallestur á tölublað 18–49 ára.




**Allt sem þú þarft...**



FERÐAMÁLA SKÓLINN

STARFSTENGT FERÐAFRÆÐINÁM

# Ævintýralegur starfsvettvangur

**Viltu starfa í frábærri atvinnugrein – eða ertu starfandi í ferðaþjónustu!**

Kynntu þér spennandi nám sem býður upp á mörg tækifæri og möguleika.

**Innritun lýkur 20. maí**

MENNTASKÓLINN Í KÓPAVOGI
HÓTEL- OG MATVÆLASKÓLINN FERÐAMÁLASKÓLINN LEIÐSÖGUSKÓLINN



WWW.MK.IS
Ferðamálaskólinn sími: 594 4020

# BÍLAR & FARATÆKI

Bílabankinn



BMW 320 e90. Árgerð 2005, ekinn 82 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.990.000. Rnr.162767.



TOYOTA Prius hybrid. Árgerð 2006, ekinn 60 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 2.750.000. Rnr.163740.



FIAT Hymer t575gt. Árgerð 2007, ekinn 49 Þ.KM, dísel, 5 gírar. Verð 9.800.000. Rnr.202291.

**Bílabankinn**
**Breiðhöfða, 112 Reykjavík**
**Sími: 588 0700**
**Opið 12-16 laugardaga**
**www.bilabankinn.is**

STÓRA BÍLASALAN



Subaru Legacy Árgerð 05/2010, ekinn 6þ.km, sjálfskiptur. Nánast nýr bíll sem er á staðnum hjá okkur! Verð 4.280.000kr. Raðnúmer 151624. Sjá nánar á www.stora.is



M.Benz G55 AMG Árgerð 10/2005, ekinn 63þ.km, einn með ÖLLU. Hrikalega flottur bíll sem er á staðnum hjá okkur! Verð 9.900.000kr. Raðnúmer 151601. Sjá nánar á www.stora.is.

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndefirlit á plani**
**http://www.stora.is**

SUZUKI



Allir Suzuki utanborðsmótorar á lækkuðu verði og flestar stærðir á lager til afgreiðslu strax.

**Suzuki Umboðið ehf**
**Skeifan 17, 108 Reykjavík**
**Sími: 568 5100**
**http://www.suzuki.is**

Bíla & FerðavagnaMarkaður



**Sérhæfum okkur í sölu á ferðavögnum.**

Óskum eftir öllum gerðum af bílum, ferðavögnum, vélum og tækjum á skrá. Óskum sérstaklega eftir skráningum af öllum stærðum og gerðum af HÚSBÍLUM og HJÓLHÝSUM Visa/Euro. Stórt útipláss. Mikil Eftirspurn.

**Ferðavagnamarkaður**
**Höfðabakka 9, 110 Reykjavík**
**Sími: 445 3367**
**www.ferdavagnamarkadur.is**

NETBÍLAR www.netbilar.is



VW Vento gl. Árgerð 1998, ekinn 135 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 280.000. Rnr.109529.upplýsingar á Netbílar.is s 588 5300



VW Polo comfortline. Árgerð 2000, ekinn 133 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 520.000. Rnr.109485.Upplýsingar hjá Netbílar.is s 588 5300 ATH bíllinn er á staðnum



TOYOTA Corolla touring terra 4wd. Árgerð 1998, ekinn 210 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Tilboðverð 420.000. Rnr.108401. Upplýsingar hjá Netbílar.is s 588 5300 ATH bíllinn er á staðnum



VW Golf gl. Árgerð 1996, ekinn 187 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 240.000. Rnr.109394.Upplýsingar hjá Netbílar.is s 588 5300 ATH bíllinn er á staðnum

**Netbílar.is**
**Hlíðasmára 2, 201 Kópavogur**
**Sími: 588 5300**
**http://www.netbilar.is**

bilauppbod.is

**Þarftu að kaupa eða selja bíl?**

Bilauppbod.is er uppboðsvefur þar sem þú getur keypt eða selt bíl á einfaldan og hagkvæman hátt. Kynntu þér málið. www.bilauppbod.is Sími 522-4610.

**Bílauppboð - Krókur**
**Sími: 522 4610**
**www.bilauppbod.is**
**www.bilauppbod.is**

## Bílar til sölu



Til sölu Toyota Hi-ace árg.'00. 2,7 bensín, ek. 180.000 km. Verð 700 þús. Ný skoðaður. Uppl. í s. 862 3726.




Græn verðlækkun: Jeppar, pallbílar, fólksbílar frá Ford, Jeep, Dodge, Toyota, Chevrolet og flestum öðrum bílaframleiðendum. Nýjir frá verksmiðju METAN & BENSÍN. Umhverfisvæn tollalækkun. Lægri bifreiðagjöld. Tugir þúsunda sparast mánaðarlega í eldsneyti. Fáðu kynningarbækling á islandus.com og reiknaðu dæmið til enda. Grænir leigubílstjórar spara yfir 100þús/kr á mánuði! Hundruð ánægðra viðskiptavina.www.islandus.com - Sími 5522000

Til sölu VW Polo árg.'97. Verð 180. Þús. Uppl. í s. 856 2717.

## 0-250 þús.



**Skoðaður 4x4 190 þús!**

KIA SPORTAGE 4x4 árg.'96,beinskiptur,skoaðaður 2012,verð 350 þús. TILBOÐ 190 þús. stgr! s. 841 8955.



Renault Megane '99. Ek. 200þús.km. 100þús. Uppl. í s. 777 6188.

## 500-999 þús.

Renult Laguna '02 Ekinn 114þ. Heilsársdekk Álfelgur Dráttarkúla Smurbók Skoðaður 2011 Tilboð 585 staðgreitt.

## 1-2 milljónir



F. Mondeo árg. 2004. Ek. 62þ. Verð 1.460þ. 100% fjárm. möguleg. Góður bíll. s. 897 1205.

## Bílar óskast

Vil kaupa bíl á verðbilinu 50-100 þús. Þarf að vera nýlega skoðaður. Uppl. í s. 8929512

**!!! 0-250þús staðgreitt !!!**

Óska eftir að kaupa bíl fyrir allt að 250þús., bílinn má þarfnast lagf. eða skoðunar, helst ekki eldri enn '98, skoða allt. Hringdu í síma 691 9374.

Ódýr bifreið óskast. Vantar bifreið fyrir ca 60-120þ. Má þarfnast aðhl. S. 821 0085.

**Vantar bíl, 0-200 staðgr.**

Vantar bíl á verðinu 0-200. Skoða allt. Jeppa, fólksbíl. Má þarnast lagfæringar. Sími 857 9326.

**Bíll óskast á 25-250þús.**

Má þarfnast lagfæringa. Hringdu S. 615 1810 eða sendu sms.

## Sendibílar

568 5000 NS NÝJA-SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Mótorhjól



Til sölu crossari KX85 árg.'08 vel með farið. Lítið notað, ca.140klst. 3 auka dekk verð 450 þús. Uppl. í s. 841 1757 & 897 1731.

## Vespur

Til sölu rauð Vespa Piaggio 125cc. 2008 árgerð. Keyrð 2300 km 8669218

## Fjórhjól




Eigum til úrval nýrra og notaðra fjórhjóla. VDO Verkstæðið Borgartún 36 S: 588 9747 www.vdo.is

## Reiðhjól



RAFMAGNS REIÐHJÓL
Samgöngutæki framtíðarinnar.
EL-BIKE.IS v/Kópavogshöfn
sími 864 9265
ICEFIN.IS
póstverslun sími 820 7746




**Kría Hjól**

Alhliða hjólaviðgerðir - Sérsmíðum hjól -Gerum upp hjól. Fagþjónusta á góðu verði Kría Hjól - Hólmaslóð 2 s.534 9164. kriacycles.com

## Kerrur



Brenderup 1205S Innanmál: 203x116x35cm, burðargeta 610kg, 13"dekk, verð kr. 180.000 m/VSK. Lyfta.is - 421 4037- Njarðarbraut 1 Reykjanesbæ.

Góð kerra af millistærð til sölu. Verð 65 þús. Upplýsingar í síma 665-9806

## Hjólhýsi



Hjólhýsi til sölu í Þjórsárdal. Nýtt fortjald, pallur, sólarsella, heitt og kalt vatn og geymsluskúr. Uppl. í s. 895 9847.

Hobby 560 ufe exelsior árg. '07 til sölu, tilbúið í ferðalagið. Einn eigandi, ekkert ákvílandi. Uppl. í s. 897 9726 og 892 2262.

## Fellihýsi

Coleman Yuma árg.'03 til sölu m. fortjaldi. V. 950 þús. Uppl. í s. 897 2518.

Fleetwood Bayside '07, 12 fet m útdr. borðkrók. 220 V, sólarsella, markísa. Verð 2,5 m. Uppl. í síma 895 8844.

## Tjaldvagnar

Combi Camp Family 2006 án fortjalds. Mjög vel með farinn. Verð 750 þús. sími: 665-9806

## Vinnuvélar



Komatsu PC35MR-2 árg. 2007, 2290 tímar, Encon rototilt, 3 skóflur, smurkerfi, yfir farinn á Verkstæði. Upplýsingar Gunnþór 694 3700.

## Hjólbarðar

Dekk + felgur nýtt til sölu 255/50 20" athuga öll skipti. Uppl. S.862 7101.

Til sölu góð Michelin dekk á álfelgum stærð 235-70 R16 S: 869 4113.

**!!!TIL SÖLU!!!**

Ný næstum ónotuð Firestone Dekk til sölu P 215/75 R15 Gerð winterforce. Verð 45 þús. Uppl: 772-6238 /Einar b.

## Varahlutir

BILAPARTAR.IS
Notaðir TOYOTA varahlutir
Sími: 587 7659

Kaupum Toyota bíla. Opið virka daga 9-18. Við erum þjónustuaðilar fyrir Úrvinnslusjóð. Eigum bíla til sölu. Bílapartar, Grænamýri 3, Mosfellsbæ.




**Bílapartasala**

Höfum opnað varahlutasölu með notaða varahluti í nýlega bíla www.netpartar.is

**VW, Skoda, Audi, Pajero - varahlutir**
**S: 534 1045**

Varahlutir í VW, Skoda og Audi bíla. Kaupum bíla til niðurrifs. Sérhæfum okkur einnig í viðgerðum á sömu tegundum. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj.

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. '03 og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**Partahúsið - S. 555 6666**

VW Bora, Golf, Passat, Caddy, Audi A4. Hyundai Getz H1, Starex, Santa Fe, I30. Honda Jazz, CRV. Fókus, M.Benz margar gerðir. Fiat Punto. Suzuki Swift. Chevrolet Lacette. MMC Galant, Pajero. Citroen Berlingo. Daihatsu Terios. Peugot 206. Man 26530 árg.'05. Musso og margt fleira. Kaupum bíla til niðurrifs. S. 555 6666 & 666 6555. Hvaleyrarbraut 20 Hafnarfirði.

Partasalan SU-MI Smiðjuvegi 11. Sonata 97, Impreza 99 og Skoda felicia 99, Peugeot 306 99, 206 og 406 ST. Nissan Almera 97, Ford 250 99, Megane 01. Opel Vectra '98 Kaupi bíla til niðurrifs. Sími 661 5270.

**Bílhlutir, Kaplahrauni 14, S. 555 4940.**

Sérhæfum okkur í Volkswagen, Skoda og Daihatsu. Eigum einnig varahluti í fleiri tegundir bíla. Kaupum bíla til niðurrifs.

## Viðgerðir



**Reiðhjóla og sláttuvélaþjónustan - enginn biðtími !**

Tek við öllum gerðum af reiðhjólum og sláttuvélum. Einnig aðrar smávéla viðgerðir. Vagnhöfða 6, S. 821 0040.

Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020

# ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**Faglærðir Píparar**

Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, gólfbónun, teppahreinsun, gluggaþvottur & Alhliða garðaþjónusta. www.hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

**ódýr Garðsláttur**
**Garðaþjónusta Hlyns**
- Garðsláttur
- Klippingar
- Vönduð vinnubrögð
- Fellum tré

**Uppl. gefur Hlynur S. 863 3492**

**Garðaumsjón:**

Felli tré, grisja og snyrti. Sláttur, úðun og fl. Halldór garðyrkjum. Sími 698 1215.

Garðsláttur á GÓÐU verði. FAGMENNSKA og persónuleg þjónusta. ENGI ehf. Sími 615-1605.

## Til sölu

*Alltaf logn*
**á svölunum**

Með vandaðri glerlokun verða svalirnar þínar að sannkölluðum sælureit

Skelin er söluaðili svalalokunarkerfa frá þýska fyrirtækinu Solarlux Gmbh.

Allar póstalausar svalalokanir frá Solarlux eru gæðavottaðar. Þær eru gerðar úr hertu gleri og rafhúðuðum álprófíl. Frágangur er sérlega vandaður og snyrtilegur.



Eftir breytinguna getur þú notið útiveru í skjóli á svölunum allan ársins hring.

SKELIN

Smiðjuvegi 72
200 Kópavogi
Sími 578 6300
skelin@skelinehf.is
www.skelinehf.is

SOLARLUX




SAGE

## SAGE ER VINSÆLASTA FLUGUSTÖNGIN. ÞAÐ ER EKKI TILVILJUN.

Það er ekki tilviljun að Sage flugustangirnar eru þær vinsælustu í úrvalsflokki flugustanga. Að margra mati eru flugustangirnar frá Sage þær bestu á markaðnum. Því mótmælum við ekki. Allar Sage flugustangir eru hannaðar og þróaðar af fluguveiðimönnum og framleiddar í Seattle í Bandaríkjunum. Að kasta fyrir fisk og veiða með Sage er einstök upplifun. Allir fluguveiðimenn verða að eiga að minnsta kosti eina Sage stöng.

***Allar Sage stangir eru með lífstíðar ábyrgð frá framleiðanda!***

### SAGE FLIGHT FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta hröð stög. Vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir. Aðeins 69.900 fyrir þenann frábæra pakka.

### SAGE VANTAGE FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta miðhröð stöng, vandað Sage hjól með diskabremsu. Góð Rio flotlína ásamt undirlínu og taumi. Hólkur fylgir. Aðeins 59.900 fyrir þennann frábæra pakka.

### SAGE VXP FLUGUSTÖNG
Nýjasta stöngin frá Sage. Allar umsagnir og umfjöllun um þessa stöng er á einn veg. Frábær stöng enda var gamla góða XP stöngin sem margir þekkja lögð til grundvallar þegar Sage VXP var hönnuð.

*Allar Sage flugustangir eru framleiddar í Bandaríkjunum*










### REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI
Tveggja hluta miðhröð stöng ásamt góðu hjóli með flotlínu, undirlínu og taumi. Góð Rio flotlína. Hólkur fylgir. Aðeins 24.900

### REDINGTON CROSSWATER FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta miðhröð stöng ásamt góðu hjóli með flotlínu, undirlínu og taumi. Góð Rio flotlína. Hólkur fylgir. Aðeins 29.900

### ZPEY ZERO FLUGUVEIÐIPAKKI
Fjögurra hluta kraftmikil stöng. Zpey handfang fylgir. Gott hjól með öflugri bremsu. Zpey flotlína, baklína og taumur. Hólkur fylgir. Verð frá 79.900.










### DAM KASTVEIÐIPAKKI
DAM PTS kaststöng og DAM Quick SLR hjól. Fullt verð 20.990. Tilboðsverð aðeins 14.995 og DAM letingi í kaupbæti.

### DAM KASTVEIÐIPAKKI
DAM Devilstick kaststög og DAM HPN hjól. Fullt verð 17.990. Tilboðsverð aðeins 12.995 og DAM letingi í kaupbæti.

### RON THOMPSON + OKUMA KASTVEIÐIPAKKI
Ron Thompson Tyran kaststöng og Okuma Safina hjól. Fullt verð 16.990. Tilboðsverð aðeins 11.895 og DAM letingi í kaupbæti.










### RON THOMPSON + OKUMA KASTVEIÐIPAKKI
Ron Thompson Steelhead kaststöng og Okuma Electron hjól. Fullt verð 12.990. Tilboðsverð aðeins 8.995 og DAM letingi í kaupbæti. Girni fylgir.

### HNÍFASETT Í VEIÐIFERÐINA
3 hnífar, stál og bretti í tösku.

### REYKOFN
Stór og góður reykofn. Hvort heldur sem er fugl eða fiskur þá er einfalt að töfra fram veislurétti úr villibráð með reykofninum. Þú færð einnig reyksagið hér en margir veitingastaðir í miðbæ Reykjavíkur nota einmitt reyksag frá okkur.

**FLESTAR VÖRURNAR FÁST Í SPORTBÚÐINNI. ALLAR VÖRURNAR FÁST Í VEIÐIHORNINU.**

SPORTBÚÐIN
KRÓKHÁLS 5 - SÍMI 517 8050

VEIÐIBÚÐ ALLRA LANDSMANNA Á NETINU
Veiðimaðurinn 1940
VEIDIMADURINN.IS

VEIÐIHORNIÐ
SÍÐUMÚLI 8 - SÍMI 568 8410



*Veiðikortið aðeins 5.000 krónur þegar veiðibúnaðurinn er keyptur í Veiðihorninu*

**www.leiguherbergi.is**

**1-2 manna herb.Funahöfða 17a -19 Rvk og Dalshraun 13 Hfj M/ baði. eldh., þurrkara og þvottavél. 824 4535.**

**Room for rent 1-2 person,. Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj Whith Bath, kitch, washing room incl. Uppl/info í S. 824 4535. www.leiguherbergi.is**

Herbergi til leigu í 111, með aðgang að eldhúsi og baðherbergi.

ROOM f/RENT w/FURNITURE IN 108 RVK NEAR KRINGLA AND IN 111/109 BREIÐHOLT 8973611

Herbergi/stúdíó rúmlega 20fm á Háskólasvæðinu. S. 866 4754.

Herbergi til leigu í Álftamýri fyrir reglusaman einstakling. Uppl. í s. 865 9637.

Hótelíbúðir fullbúnar húsgögnum í langtíma eða skammtíma leigu í Hafnarfirði. uppl. í s: 899 7004.

2ja herb. 50fm íbúð til leigu við Reykjavíkurveg í Hafnarfirði. Uppl. s. 899 7004.

3. herb. 100 fm íbúð með öllum búnaði til leigu. Frá 1. júní til 30. sept. Lágmarksleiga ein vika í senn. Uppl. í s. 863 8711 & 824 2697.

## Geymsluhúsnæði

**www.geymslaeitt.is**
Sér geymslur frá 4 til 17 m2. Lágt verð. Opið 8-22. Búslóðir, lagerar, bókhald, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S: 564-6500

**geymslur.com**
Geymslur frá 3990.- kr á mán. Í Garðabæ (hjá Ikea) og Reykjavík (Fiskislóð) Upphitað, vaktað & öryggismyndavélar. S. 555 3464.

**www.buslodageymsla.is**
Búslóðageymsla Olivers 100 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 20 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting

Gisting í 2-3 manna stúdíóíbúð í gistiheimili við Dugguvog. Verð frá 8.000 per nótt. S. 824 6692.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

Starfskraftur óskast í sveit, ekki yngra en 15 ára. Þarf ekki að vera vanur. Uppl. í síma 865 8104.

Vilt þú vinna mikið og hafa mikil laun. Uppl. Einar 7732100 http://lrisland.is/einar

**Veitingahúsið Hornið**
Óskar eftir að ráða pizzubakara og aðstoð í eldhús í fullt starf. Umsókn sendist á hornid@hornid.is

Velferðarsvið Öryggismiðstöðvarinnar óskar eftir fólki í störf við heima- og félagsþjónustu sem fyrst. Um hlutastörf er að ræða. Tilvalið fyrir sjúkraliða- og hjúkrunarnema með skóla. Morgun- og kvöldvinna. Íslenskukunnátta or hreint sakavottorð skilyrði. Vinsamlega sendið umsókn á oryggi@oryggi.is. Nánari upplýsingar í síma 570 2400.

## Fasteignir


**FRÍTT & SKULD-BINDINGALAUST VERÐMAT FYRIR SÖLU.**

Láttu Gunnar Valsson selja fyrir þig.
Hringdu núna - s: **699 3702**



Gunnar Valsson
gunnar@landmark.is
s: 699-3702

LANDMARK
FASTEIGNASALA
Magnús Einarsson lgf.



**FASTEIGNA-MARKAÐURINN**

ÓÐINSGÖTU 4, SÍMI 570 4500, OPIÐ VIRKA DAGA KL. 9–17.
Netfang: fastmark@fastmark.is - www.fastmark.is
Jón Guðmundsson, sölustj. og lögg. fast.sali. Guðmundur Th. Jónsson, lögg. fast.sali.

**Klapparstígur 5a**
**Útsýnisíbúð á efstu hæð**

**OPIÐ HÚS Í DAG FRÁ KL. 17.30-18.00**




Glæsileg 2ja – 3ja herb. „penthouse" íbúð á 5. hæð. hæð ásamt sér stæði í bílgeymslu. Íbúðin er öll mjög björt og opin og lofthæð mikil á efri hæð. Vandaðar innréttingar og parket á gólfum. Gott útsýni er úr stofu og eldhúsi í átt að Hörpu og höfninni. Litlar suðursvalir út af stofu. Sér geymsla í kjallara. Sér stæði í bílageymslu. Húsvörður.

**Tilvalin íbúð fyrir par eða einstakling. Verð 31,9 millj. Sölumaður verður á staðnum- íbúð merkt 0502.**


## Atvinna óskast

Átján ára duglegur hávaxinn og sterkur strákur sem er góður í mannlegum samskiptum óskar eftir vinnu sem fyrst. Hef reynslu af afgreiðslustörfum, matreiðslu og að vinna í sveit. Er menntaskólanemi. Vinsamlegast hafið samband við mig í síma 848 3138 eða senda tölvupóst á teitur5@hotmail.com


FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN
vísir
Meiri Vísir.


## Atvinna

# Heimilisaðstoð

Fjölskylda í hverfi 108 óskar eftir konu í u.þ.b. 50% starf til að aðstoða við rekstur heimilisins (barnagæsla, þvottur, létt þrif, versla o.fl.). Góð laun í boði.

Áhugasamar vinsamlegast sendi umsókn/fyrirspurn á netfangið umsokn108@gmail.com.

## Til sölu

# VINNUPALLAR

Til sölu úr þrotabúi 108 lengdarmetrar af vinnupöllum úr galv. stáli, þ.e. 1,80 x 60 einingar á 7 hæðum.

Einnig 21 lengdarmeter af vinnupöllum úr áli, þ.e. 2,60 x 8 einingar á 8 hæðum.

Pallarnir eru uppsettir á byggingarstað við Vindakór í Kópavogi og þarf kaupandi að fjarlægja þá þaðan sem fyrst.

Óskað er eftir tilboðum sem send verði til undirritaðs að Ránargötu 18, 101 Reykjavík fyrir kl. 16:00 föstudaginn 20. maí 2011.

Benedikt Ólafsson hrl.


**FRÉTTABLAÐIÐ Á NETINU**
Þú getur alltaf lesið Fréttablaðið frítt á Vísi eða fengið sendan daglegan tölvupóst með blaði dagsins. Nánari upplýsingar á: visir.is/dreifing



Allt sem þú þarft...


## Námskeið

NÁMSKEIÐ FYRIR VERÐANDI BYGGINGASTJÓRA - 28. MAÍ

# Ábyrgð byggingastjóra

**Þetta námskeið er nauðsynlegt fyrir alla þá sem ætla sér að starfa sem byggingarstjórar og stýra byggingaframkvæmdum í samræmi við samþykktir, lög og reglur.**

Fjallað er um byggingarleyfi og önnur samskipti sem byggingarstjóri þarf að eiga við byggingayfirvöld. Farið yfir hlutverk byggingarstjóra við verkframkvæmdir og meðhöndlun uppdrátta, lög, reglugerðir, tryggingar og tryggingaslit. Kynnt gildi og framkvæmd úttekta, s.s. áfanga-, fokheldis, stöðu- og lokaúttektir.

Á námskeiðinu er kynnt og afhent Byggingarstjóramappa, en hún er vísir að gæðakerfi fyrir byggingarstjóra. Í nýjum mannvirkjalögum er gert ráð fyrir því að byggingarstjórar hafi gæðakerfi vegna starfa sinna. Námskeiðið er haldið í samvinnu við Mannvirkjastofnun og byggingarfulltrúa Reykjavíkur.

Kennarar verða Magnús Sædal byggingarfulltrúi og Gunnar Pétursson lögfræðingur.

**Kennt verður í húsnæði IÐUNNAR fræðsluseturs að Skúlatúni 2 í Reykjavík, laugardaginn 28. maí frá kl. 9.00 – 16.00.**

**Skráning á www.idan.is og í síma 590 6400**

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
Sími 590 6400 - www.idan.is

## Tilkynningar

MATVÍS

Fundir til að kynna kjarasamninga MATVÍS og SA á almennum markaði.

**MATVÍS heldur eftirfarandi fundi til kynningar á nýjum kjarasamningum.**

**Reykjavík þriðjudaginn 17. maí kl. 20:00**
Stórhöfða 31. 1. hæð (gengið inn að neðanverðu).

**Akureyri miðvikudaginn 18. maí kl. 16:00**
Strikið Norðursalur.

# Greiðsluáskorun

**Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinna gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:**

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 16. maí 2011, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 5. maí 2011 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreidar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 16. maí 2011, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, launaskatti, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, viðbótar- og aukaálagningu söluskatts vegna fyrri tímabila, skráningargjaldi vegna lögskráningar sjómanna, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, fisksjúkdómagjaldi, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt verðbótum á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, sérstakur tekjuskattur manna, eignarskattur, sérstakur eignarskattur, fjármagnstekjuskattur, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, tryggingagjald, búnaðargjald, iðnlánasjóðs- og iðnaðarmálagjald, markaðsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra og skattur af verslunar- og skrifstofuhúsnæði, ofgreiddar barnabætur, ofgreiddar vaxtabætur og útvarpsgjald.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 19.100 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.000 kr. og stimpilgjald 1,5% af heildarskuldinni, auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Eru gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.
Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og þungaskatt mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verði út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 17. maí 2011

Tollstjóri
Sýslumaðurinn í Kópavogi
Sýslumaðurinn í Hafnarfirði
Sýslumaðurinn í Keflavík
Sýslumaðurinn á Akranesi
Sýslumaðurinn í Borgarnesi
Sýslumaðurinn í Stykkishólmi
Sýslumaðurinn í Búðardal
Sýslumaðurinn á Ísafirði
Sýslumaðurinn í Bolungarvík
Sýslumaðurinn á Patreksfirði
Sýslumaðurinn á Hólmavík
Sýslumaðurinn á Siglufirði
Sýslumaðurinn á Sauðárkróki
Sýslumaðurinn á Blönduósi
Sýslumaðurinn á Akureyri
Sýslumaðurinn á Húsavík
Sýslumaðurinn á Seyðisfirði
Sýslumaðurinn á Eskifirði
Sýslumaðurinn á Höfn
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Selfossi
Sýslumaðurinn í Vík
Sýslumaðurinn á Hvolsvelli



*Ástkær móðir, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Aðalheiður Jóna Guðmundsdóttir**

Gulaþingi 9, Kópavogi,

andaðist á hjúkrunarheimilinu Eir laugardaginn 14. maí.

**Anna Júlíana Sveinsdóttir** **Rafn A. Sigurðsson**
**Einar Sveinsson**
**Margrét Heinreksdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Frændi okkar*

**Kristinn Guðmundur Árnason**

sýningarmaður frá Bolungarvík,
Þverholti 30, Reykjavík,

lést hinn 7. maí s.l. Samkvæmt ósk hins látna fór útför hans fram í kyrrþey. Alúðarþakkir fyrir góða umönnun á Líknardeild Landspítalans, Kópavogi og til góðra vina hins látna.

**Guðrún Þorsteinsdóttir**
**Salóme Halldóra Magnúsdóttir**



*Hjartans þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát móður okkar, tengdamóður og ömmu*

**Guðrúnar Ólafsdóttur**

frá Syðra-Velli, Flóa,
síðast til heimilis að Lönguhlíð 3.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki á deild V-2, Dvalarheimilinu Grund við Hringbraut, fyrir þeirra frábæru umönnun og aðstoð.

**Guðmundur Pálsson** **Kirsten Pálsson**
**Margrét Pálsdóttir** **Kristinn Tryggvason**
**Ingibjörg Pálsdóttir**
**Guðlaug Pálsdóttir** **Sveinn Tómasson**
**barnabörn, langömmubörn og langalangömmubörn.**



*Innilegar þakkir færum við öllum þeim sem sýndu okkur samúð og hlýhug við andlát og útför föður okkar og stjúpföður, tengdaföður, afa og langafa*

**Stefáns Sigurdórssonar**

Hæðargarði 29.

Sérstakar þakkir færum við starfsfólki Hjartadeildar Landspítalands við Hringbraut fyrir frábæra umönnun.

**Svavar G. Stefánsson** **Dagrún Sigurðardóttir**
**Sigurdór Stefánsson** **Guðný J. Steinþórsdóttir**
**Jón Á. Stefánsson** **Sigrún Högnadóttir**
**Helga Stefánsdóttir**
**Finnbogi Sævar Guðmundsson** **Sigríður Steinþórsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn.**



*Elskuleg eiginkona mín, móðir, tengdamóðir og amma*

**Sigríður Elín Elíasdóttir (kölluð Didda)**

Steinaseli 5,

lést á hjúkrunarheimilinu Sóltúni föstudaginn 13. maí.

**Guðmundur Sigurðsson**
**Elías Guðmundsson** **Petra Von Der Berg**
**Ágúst Guðmundsson**
**Ólafur Guðmundsson** **Katla Dögg Sváfnisdóttir**
**og barnabörn**



*Okkar ástkæra*

**Ingibjörg Sigvaldadóttir**

frá Svanshóli,

lést á Heilbrigðisstofnuninni Hólmavík sunnudaginn 15. maí. Jarðarförin auglýst síðar.

**Sigurrós Gunnarsdóttir**
**Ingimundur Ingimundarson** **Ragnheiður E. Jónsdóttir**
**Pétur Ingimundarson** **Margrét Ingadóttir**
**Svanur Ingimundarson** **Anna Inga Grímsdóttir**
**Ólafur Ingimundarson** **Hallfríður Sigurðardóttir**
**barnabörn og barnabarnabörn**



*Ástkær eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Páll Marteinsson**

Brekkugötu 36, Akureyri,

lést laugardaginn 7. maí. Útför hans fer fram frá Akureyrarkirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 13.30. Blóm og kransar vinsamlegast afþakkaðir en þeim sem vildu minnast hans er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Ásdís Sigríður Þorsteinsdóttir**
**Sæmundur Örn Pálsson** **Þóra Ellertsdóttir**
**Þorsteinn Pétur Pálsson** **Bergþóra Björk Búadóttir**
**Kristinn Sigurður Pálsson** **Sólveig Alfreðsdóttir**
**Marta Þuríður Pálsdóttir**
**afa- og langafabörn.**



*Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Margrét Ketilsdóttir**

Hjallalundi 15b, Akureyri,

verður jarðsungin frá Akureyrarkirkju föstudaginn 20. maí kl. 13.30. Blóm og kransar afþakkaðir, en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Heimahlynningu á Akureyri.

**Sigurður Hólm Freysson** **Halla Sigurþórsdóttir**
**Þórhildur Freysdóttir**
**Ketill Hólm Freysson** **Elín Una Friðfinnsdóttir**
**Gestur Valdimar Hólm Freysson** **Björk Viðarsdóttir**
**Birkir Hólm Finndal Freysson** **Kristín Pálsdóttir**
**Borghildur Freysdóttir** **Árni Arnsteinsson**
**Hólmfríður Freysdóttir** **Máni Guðmundsson**
**ömmu- og langömmubörn.**



*Móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma*

**Guðrún Kjarval**

verður jarðsungin frá Dómkirkjunni miðvikudaginn 18. maí kl. 15.

**Hrafnhildur Tove Kjarval** **Robin Løkken**
**Jóhannes S. Kjarval** **Gerður Helgadóttir**
**Kolbrún S. Kjarval**
**Ingimundur S. Kjarval** **Temma Bell**
**María S. Kjarval** **Nielserik Hald**
**barnabörn og barnabarnabörn**

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**



**GOSPELKÓR JÓNS VÍDALÍN** Tómas Oddur segir að svo gaman sé í kórnum að aldurshámark var hækkað í þrjátíu ár úr 25.
MYND/ÚR EINKASAFNI

# Syngja um lífið

Gospelkór Jóns Vídalín heldur vortónleika sína á miðvikudag klukkan átta. Formaður kórsins, Tómas Oddur Eiríksson, segir fjölbreytta tónlist verða á dagskránni. „Við syngjum meðal annars lög eftir Celine Dion, Justin Bieber og Óskar Einarsson, Við syngjum um lög um ástina, kærleikann, lífið og tilveruna," segir Tómas Oddur.

Tómas Oddur segir að kórinn hafi verið stofnaður fyrir fimm árum og sé samtarfsverkefni Fjölbrautaskólans í Garðabæ og Vídalínskirkju. „Meðlimir eru bæði núverandi og fyrrverandi nemendur í FG á aldursbilinu 16-25 ára. Þeir eru í framhaldsskóla, háskóla og úti á vinnumarkaðnum. Það er svo gaman í kórnum að hverri önn byrjar einhver nýr," segir Tómas Oddur og bætir við að margir nánir vinir hans séu í kórnum. Að sögn Tómasar Odds syngur kórinn einu sinni í mánuði í léttmessu í Vídalínskirkju.

Með kórnum spilar hljómsveit sem samanstendur af Brynjólfi Snorrasyni, Jóhanni Ásmundssyni, Jóhannesi Þorleikssyni, Kjartani Baldurssyni og Smára Alfreðssyni. Kórstjóri er Ingvar Alfreðsson.

- mmf

## AFMÆLI



**BIRGIR ÖRN STEINARSSON** tónlistarmaður er 35 ára



**ÞORGILS ÓTTAR MATHIESEN** viðskiptafræðingur er 49 ára



*Elskulegur sonur okkar, bróðir, frændi og mágur*

**Eyþór Stefánsson**

Stekkjargötu 3, Neskaupstað,

er lést þriðjudaginn 10. maí, verður jarðsunginn frá Norðfjarðarkirkju miðvikudaginn 18. maí kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á að láta líknarstofnanir njóta þess.

**Hallbjörg Eyþórsdóttir** **Stefán Pálmason**
**Pálmi Þór Stefánsson** **Guðrún Björg Víkingsdóttir**
**Ingibjörg Stefánsdóttir** **Ólafur Sveinbjörnsson**
**og fjölskyldur**



*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi, langafi og langalangafi*

**Zóphónías Pálsson**

fyrrverandi skipulagsstjóri ríkisins,

lést á heimili sínu sunnudaginn 15. maí og verður jarðsunginn frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 19. maí kl. 15.00.

**Páll Zóphóníasson** **Áslaug Hermannsdóttir**
**Hjalti Zóphóníason** **Sigrún Haraldsdóttir**
**Bjarki Zóphóníasson** **Ulrike Baierl**
**Margrét Zóphóníasdóttir**
**barnabörn, barnabarnabörn og barnabarnabarnabarn.**

# Tölvukerfin eiga heima hjá **EJS**

***EJS hýsir og rekur netþjóna og tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum:***

***Sveitarfélagið Vogar***

Öll starfsemi sveitarfélagsins, hvort sem um er að ræða grunnskólann eða íþróttamiðstöðina, stólar á tölvukerfi hjá EJS.

***Bílabúð Benna***

Bílabúð Benna treystir á öruggt aðgengi að ökutækjaskrá allra bifreiða á Íslandi í gegnum Upplýsingaheima EJS.

***Bændasamtökin***

Bændasamtökin beita sér fyrir málefnum bænda og þurfa ekki að hafa áhyggjur af tölvumálum á meðan.

***Lækning***

Trúnaðarupplýsingar eru í öruggu skjóli bak við traustan eldvegg EJS.



Sérfræðingar okkar sjá um að hýsa, reka og þjónusta tölvukerfi fyrirtækja af öllum stærðum og gerðum.

Þau fyrirtæki sem hafa flutt tölvukerfin til EJS hafa minnkað umstang, aukið öryggi og dregið verulega úr kostnaði.

***Kannaðu hvort það borgi sig ekki að flytja tölvukerfið til EJS.***

www.ejs.is | Grensásvegi 10, 108 Reykjavík | Sími 563 3000 | Tryggvabraut 10, 600 Akureyri | Sími 463 3000

EJS | HLUTI AF SKÝRR

## krossgáta



**LÁRÉTT**
**2.** skott, **6.** mannþyrping, **8.** meðal, **9.** lærir, **11.** tveir eins, **12.** umfang, **14.** íshroði, **16.** öfug röð, **17.** kk nafn, **18.** flan, **20.** klaki, **21.** íþróttafélag.

**LÓÐRÉTT**
**1.** kaups, **3.** fæddi, **4.** ölvun, **5.** styrkur, **7.** námskeið, **10.** smáskilaboð, **13.** púka, **15.** köttur, **16.** heyskaparamboð, **19.** átt.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** rófa, **6.** ös, **8.** lyf, **9.** les, **11.** ll, **12.** ummál, **14.** ísrek, **16.** on, **17.** ari, **18.** ras, **20.** ís, **21.** fram.

**LÓÐRÉTT: 1.** sölu, **3.** ól, **4.** fyllerí, **5.** afl, **7.** seminar, **10.** sms, **13.** ára, **15.** kisa, **16.** orf, **19.** sa.



# Hinn hreini tónn

**BAKÞANKAR**
**sr. Sigurðar Árna Þórðarsonar**



Vídalín og Laxness voru í Hörpu um helgina. Oft hef ég ekið framhjá þessum glerkletti, hugsað um sögu byggingarinnar og glímt við andstæðar kenndir hrifningar og harms. Ég gekk svo með elskunni minni yfir fallega trébrú og á Hörputorg. Fólksmergðin var eins og á þjóðhátíð. Litir og form glerhnullunganna heilluðu. Forskálinn, almenningurinn, kom á óvart vegna stærðar. Ég varð fyrir svipaðri reynslu og þegar ég var barn og horfði upp í stuðlahvelfingu Þjóðleikhússins og sallahvelfinguna í anddyri HÍ. Himnar í húsum eru góðir – þegar þeir heppnast. Glerkubbar Hörpu voru fullnægjandi sjónarspil – en hvelfingin kom á óvart.

**HÚSIÐ ER** slíkt ofurgímald, að mennirnir verða litlir. En þegar við erum í stöðu og sporum barnsins magnast gjarnan skynjunargetan. Það var líka hrífandi að hitta allt þetta fólk, sem þorði að tjá miklar tilfinningar, gat haldið hátíð þrátt fyrir köflótta tilurð hússins. Biðin í röðum varð þar með ánægjuleg. Norðurljósasalurinn gaf meira en ég hafði væntst og verður skemmtileg umgjörð mannlífs og viðburða. Kammersveit Reykjavíkur sannfærði um, að salurinn hljómar vel, en líka að sveitin er frábær.

**SVO VAR** hápunkturinn, tónninn í Eldborg, stóra rauða, ómgímaldi Hörpu. Synfó spilaði Maximús og Boleró og við höfðum aldrei heyrt bassa og selló hljóma svona undursamlega. Loksins hinn hreini tónn. Takk metnaðarfulla framkvæmda- og hugsjónafólk. Takk, takk – þessi byggingargjörningur skilaði þá ekki aðeins grafhvelfingu heldur ómundri.

**ÞÁ VITJUÐU** Vídalín og Laxness mín. Garðar Hólm, söngvari Brekkukotsannáls, var meistari blekkinga. En hann var líka boðberi hins hreina tóns. Í ómaflóði Hörpu skildi ég, að Garðar Hólm hafði verið meðal okkar, vélað og tryllt. En nú er hann farinn. Hann, nei þeir – þeir sungu ekki, en skildu eftir hinn hreina tón. Svo var það Vídalín. Húsið er ekki smáfrítt heldur stórskorið. Veggir Hörpu eru svartir og tákn um sorglegan hroða mennskunnar. Viðlag Vídalíns tjáir, að menn eru gráðugir, heimskir og hégómlegir – ekki aðeins stundum heldur alltaf. Kengurinn er fasti.

**HARPA** birtist mér sem tvenna, hús óms en líka harms. Þetta er hús hroða en líka hins hreina tóns. Það kallar á uppgjör við Garðar Hólm í okkur og samfélagi okkar. En það brýnir líka, að við vinnum að því sem er gott, satt og fagurt í mannlífinu. Í glerhöll ómanna voru Vídalín og Laxness mættir og héldu á speglum.

## myndasögur

**Pondus** — Eftir Frode Overli



**Gelgjan** — Eftir Jerry Scott & Jim Borgman



**Handan við hornið** — Eftir Tony Lopes



**Barnalán** — Eftir Kirkman/Scott





58·12345

# ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ DOMINO'S

# MIÐSTÆRÐ Á 1.000 KR.

# MEÐ 3 ÁLEGGSTEGUNDUM.

EF ÞÚ SÆKIR

dominos.is




stefánsson & stefánsson

midi.is
Miðasala og nánari upplýsingar
LAUGARÁS BÍÓ
www.laugarasbio.is
-bara lúxus sími 553 2075




Þriðjudagur er tilboðsdagur.




| LAUGARÁSBÍÓ | Sýningartímar |
|---|---|
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 3D - ISL TAL | 5 |
| GNÓMÍÓ OG JÚLÍA 2D - ISL TAL | 6 |
| PRIEST | 8 og 10 |
| FAST & FURIOUS 5 | 7 og 10 |
| THOR 3D | 7.30 og 10 |
| HOPP - ISL TAL | 5 |

SAMBÍÓIN




SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA

| | | |
|---|---|---|
| DRIVE ANGRY 3D ótextuð | kl. 5:40 - 8 - 10:20 (Powerkl.10:20) | 16 |
| DÝRA FJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| FAST FIVE Luxus VIP | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | VIP |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |
| CHALET GIRL | kl. 5:50 | L |
| UNKNOWN | kl. 8 | 16 |
| SOURCE CODE | kl. 10:20 | 12 |

SAMBÍÓIN AKUREYRI

| | | |
|---|---|---|
| ANIMALS UNITED 3D M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| DRIVE ANGRY 3D | kl. 8 - 10:20 | 16 |
| DREKABANARNIR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |
| ARTHUR | kl. 8 - 10:20 | 7 |

ÞRIÐJUDAGSBÍÓ Í DAG

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL

| | | |
|---|---|---|
| ANIMALS UNITED 3D | kl. 5.30 | L |
| DRIVE ANGRY 3D TEXTALAUS | kl. 8 - 10.30 | 16 |
| THOR 3D | kl. 5.20 - 8 - 10.30 | 12 |
| SOMETHING BORROWED | kl. 5.30 - 8 - 10.20 | L |
| LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10.30 | 12 |
| RIO 3D M/ ísl. Tali | kl. 5.30 | L |

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI

| | | |
|---|---|---|
| PAUL | kl. 5:50 - 8 - 10:20 | 12 |
| DÝRAFJÖR 3D M/ ísl. Tali | kl. 5:50 | L |
| FAST FIVE | kl. 8 - 10:40 | 12 |
| THE LINCOLN LAWYER | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| RED RIDING HOOD | kl. 5:50 | 12 |

SAMBÍÓIN SELFOSS

| | | |
|---|---|---|
| FAST FIVE | kl. 5:20 - 8 - 10:40 | 12 |
| PAUL | kl. 8 - 10:20 | 12 |
| DÝRA FJÖR M/ ísl. Tali | kl. 6 | L |

SMÁRABÍÓ HÁSKÓLABÍÓ
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ




| SMÁRABÍÓ | GLERAUGU SELD SÉR | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| PRIEST 3D | KL. 6 - 8 - 10 | 16 |
| PRIEST 3D Í LÚXUS | KL. 6 - 8 | 16 |
| PAUL | KL. 5.40 - 8 - 10.20 | 12 |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 4 - 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 8- 10.40 | 12 |
| FAST FIVE Í LÚXUS | KL. 10 | 12 |
| THOR 3D | KL. 8 - 10.30 | 12 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.40 | L |
| RIO 2D ÍSLENSKT TAL | KL. 3.30 | L |

| HÁSKÓLABÍÓ | NÁNAR Á MIÐI.IS | AUKAKRÓNUR 5% |
|---|---|---|
| WATER FOR ELEPHANTS | KL. 5.30 - 8 - 10.30 | L |
| GNÓMEÓ OG JÚLÍA 3D | KL. 6 | L |
| FAST FIVE | KL. 5.20 - 9 | 12 |
| HÆVNEN | KL. 8 - 10.20 | 12 |
| HANNA | KL. 8 - 10.20 | 16 |
| RIO 3D ÍSLENSKT TAL | KL. 6 | L |

| BORGARBÍÓ | | NÁNAR Á MIÐI.IS |
|---|---|---|
| FAST FIVE | KL. 5.40 - 8 - 10.25 | 12 |
| PRIEST 3D | KL. 8 - 10 | 16 |
| GNÓMEÓ & JÚLÍA 3D | KL. 5.40 | L |

NÁNARI UPPLÝSINGAR OG MIÐASALA Á midi.is
facebook/smarabio • facebook/haskolabio
ÞRIÐJUDAGSTILBOÐ GILDA EKKI Í BORGARBÍÓI




MYND/BÁRA KRISTINSDÓTTIR

# Hljómmikið rokk í Hörpu

Tónlist ★★★★★

**Opnunartónleikar Hörpu**

Ýmsir flytjendur

Hin eiginlegu opnunartónleikar í Hörpu voru hálfgert maraþon. Þeir byrjuðu klukkan sex og stóðu til tíu, reyndar með tveimur löngum hléum. Á efnisskránni var allt mögulegt, frá lítilli veikradda hörpu yfir í ærandi rokktónlist, með viðkomu í kórsöng, píanóeinleik, óperuatriðum og fleiru.

Litla, veikradda harpan var fyrst. Katie Buckley úr Sinfóníunni spilaði nýja útsetningu á Kvæðinu um fuglana eftir Atla Heimi Sveinsson. Ég sat á 24. bekk niðri, fremur aftarlega. Samt heyrðist ágætlega í hljóðfærinu. Flutningurinn kom prýðilega út.

Kvæði um fuglana var greinilega vinsælasta lagið á dagskránni, því það var flutt alls þrisvar sinnum. Börn úr Kársnesskóla sungu það einkar fallega undir stjórn Þórunnar Björnsdóttur, og ekki var síðra þegar Raddir Íslands sungu það (ásamt þremur öðrum lögum). Raddir Íslands er kór sem var settur sérstaklega saman fyrir þessa tónleika. Meginuppistaða kórsins var Hamrahlíðakórinn og Kór Menntaskólans við Hamrahlíð, en í honum var líka ungt fólk víðs vegar af landinu. Þorgerður Ingólfsdóttir stjórnaði, og var söngurinn tær og tilfinningaríkur og naut sín prýðilega.

Ég er afar ánægður með það hve söngraddir berast vel í Eldborginni, þótt heil sinfóníuhljómsveit spili með. Á dagskránni var m.a. kvartett úr óperunni Don Carlo eftir Verdi, og voru einsöngvarar þau Sigrún Hjálmtýsdóttir, Sigríður Aðalsteinsdóttir, Ágúst Ólafsson og Bjarni Thor Kristinsson. Kvartettinn hljómaði hreint ágætlega, a.m.k. heyrði ég vel í öllum söngvurunum þrátt fyrir að hljómsveitin spilaði af miklum krafti undir stjórn Petri Sakari.

Tvö verk eftir Daníel Bjarnason, Fanfare og Millispil, voru líka frábær. Í hinu fyrrnefnda spilaði málmblásturssveitin Wonderbrass (ásamt slagverksleikara) á svölunum beint fyrir ofan sviðið og gerði það glæsilega. Í hinu verkinu hafði hópurinn dreift sér um salinn, og lúðrablásturinn umvafði áheyrendur. Það var verulega áhrifaríkt.

Einn af hápunktum tónleikanna var þegar Sinfónían frumflutti Í sjöunda himni eftir Hauk Tómasson. Tónlistin byrjaði á fremur kuldalegum, en seiðmögnuðum hljómum, sem uxu upp í glaðlegan, kraftmikinn hápunkt. Án efa var það með því flottara sem Haukur hefur samið.

Gaman var líka að öðru íslensku verki, kafla úr saxófónkonsert eftir Veigar Margeirsson. Þar var einleikari Sigurður Flosason. Saxófónleikurinn var magnaður í hljómburðinum í Eldborg. Og annar einleikur, fiðla Sigrúnar Eðvaldsdóttur í Sígaunaljóði Sarasates, kom sérlega vel út.

Hér er ekki pláss til að nefna hvert einasta atriði þessara miklu tónleika. Ég verð þó að fjalla um rafmögnuðu tónlistina, sem var síðust fyrir seinna hléið. Gusgus spilaði tvö lög, Dikta sömuleiðis og svo söng Páll Óskar Það geta ekki allir verið gordjöss ásamt Memfismafíunni. Það verður að segjast eins og er að rokkið hljómaði alveg frábærlega í salnum! Bassinn var einstaklega hljómmikill og breiður, og tónarnir fyrir ofan tærir og fallegir.

Í seinna hléinu skipti ég um stað og fór upp á efstu svalirnar. Þar hlustaði ég á lokakaflann úr níundu sinfóníu Beethovens. Í það heila var flutningurinn glæsilegur og hljómburðurinn var stórfenglegur! Það er ljóst að Harpa lofar virkilega góðu.

**Jónas Sen**

**Niðurstaða:** Opnunartónleikarnir í Hörpu voru í senn fjölbreyttir, vandaðir og skemmtilegir.


Gallerí Fold · þekkt fyrir trausta þjónustu

· Stórviðburður ·
Síðasta uppboð vetrarins

Listmunauppboð

þriðjudaginn 17. maí, kl. 18
í Galleríi Fold, á Rauðarárstíg

Á uppboðinu verður gott úrval verka samtímalistamanna
svo og fjöldi frábærra verka gömlu meistaranna.



Karl Kvaran

LISTMUNASALA fold

Verkin verða sýnd í dag þriðjud. kl. 10–17
Hægt er að skoða uppboðsskrána á myndlist.is

Rauðarárstígur 14 · sími 551 0400 · www.myndlist.is

BÍÓ PARADÍS BAR & CAFÉ

| | |
|---|---|
| UPPSKERUHÁTÍÐ KVIKMYNDASKÓLA ÍSLANDS | 13:00 - 22:00 |
| BANFF – ALÞJÓÐLEGA FJALLAMYNDAHÁTÍÐIN | 20:00 - 22:30 |
| HUR MÅNGA LINGON FINNS DET I VÄRLDEN? | 18:00 |
| ROUTE IRISH | 17:50 |
| KURTEIST FÓLK | 18:00 |




BARA GÓÐAR MYNDIR www.bioparadis.is
MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVIKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS


BORÐ OG
2 STÓLAR
16.990,-
SPARIÐ
7.995
CAMILLA stóll og MERKUR borð
Nett og gott garðsett úr svarthúðuðu járni.
Mosaiklögð borðplata. Borð: Ø70 sm.
Stólar eru samleggjanlegir. Stóll 5.995,-
Borð 12.995,-
SUMARIÐ ER KOMIÐ
Í RÚMFATALAGERINN!
SESSUBOX
5.995,-
SUMARSÆNG
2.995,-
BAHAMAS
sumarsængur
Mjúkar og léttar
sumarsængur fylltar
með sílikonholtrefjum.
Áklæði úr 100%
bómull. Fást í nokk-
rum fallegum litum
og munstrum. Stærð:
135 x 200 sm.
BEDDING
1 PAR
1.295,-
Sessubox
Gott sessubox úr
plasti. Stærð: 119 x
45 x 58 sm.
KUBB
VÍKINGASPIL
2.495,-
NÝTT
10 PÖR FULLT
VERÐ: 1.695,-
1.295,-
Plastklossar
Flottir plastklossar með Phylon sóla. Fást í nokkrum
stærðum. Litir: Svartir, bláir og fjólubláir.
KUBB
víkingaspil
Frábær skemmtun fyrir
alla fjölskylduna!
RÚMFATA
LAGERINN
HERBERGIÐ • BAÐIÐ • HEIMILIÐ
www.rumfatalagerinn.is
24%
AFSLÁTTUR
NÝTT
Ökklasokkar 10 pör
Góðir ökklasokkar á dömur. 10 pör saman í
pakka í nokkrum litum.
Tilboðin gilda 17.05 - 18.05 - Birt með fyrirvara um prentvillur.

# sport

sport@frettabladid.is



**EINAR JÓNSSON** mun þjálfa bæði karla- og kvennalið Framara í N1-deildunum í handbolta næsta vetur og er þetta einsdæmi í sögu íslensks handbolta samkvæmt upplýsingum sem komu fram á blaðamannafundi Framara í gær. Magnús Jónsson mun aðstoða Einar með karlaliðið og Guðríður Guðjónsdóttir verður áfram aðstoðarþjálfari kvennaliðsins.

**FH 1-1 Víkingur**

Kaplakriki, áhorf.: 1.050 — Gunnar Jarl Jónsson (7)

*0-1 Egill Atlason (28.)*
*1-1 Hannes Þ. Sigurðsson (74.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 13–10 (3–5) |
| Varin skot | Gunnleifur 4 – Magnús 2 |
| Horn | 8–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 17–12 |
| Rangstöður | 3–0 |

| FH 4–3–3 | | VÍKING. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Gunnleifur Gunnleifs. | 6 | Magnús Þormar | 6 |
| Björn Daníel Sverris. | 4 | Hörður Bjarnason | 6 |
| Freyr Bjarnason | 3 | Egill Atlason | 7 |
| (46., Tommy Nielsen | 6) | (55., Milos Milojevic | 6) |
| Pétur Viðarsson | 5 | Mark Rutgers | 7 |
| Ásgeir Gunnar Ásg. | 4 | Walter Hjaltested | 6 |
| Hólmar Örn Rúnars. | 4 | ***Halldór Smári Sig.** | **7** |
| Hákon Atli Hallfreðs. | 3 | Denis Abdulahi | 5 |
| (82., Atli Guðnason | -) | Sigurður Egill Láruss. | 5 |
| Matthías Vilhjálmss. | 4 | Baldur Ingimar Aðals. | 6 |
| Atli Viðar Björnsson | 3 | (68., Kjartan Dige | 4) |
| (46., Gunnar Kristk. | 6) | Kemar Roofe | 4 |
| Hannes Þ. Sigurðss. | 6 | (57., Marteinn Briem | 5) |
| Ólafur Páll Snorrason | 3 | Helgi Sigurðsson | 7 |

**Maður leiksins*

**Grindavík 0-2 Keflavík**

Grindavíkurvöllur, áhorf.: 987 — Kristinn Jakobsson (6)

*0-1 Andri Steinn Birgisson (43.)*
*0-2 Guðmundur Steinarsson (63.)*

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 7–6 (4–5) |
| Varin skot | Óskar 3 – Ómar 4 |
| Horn | 5–5 |
| Aukaspyrnur fengnar | 9–11 |
| Rangstöður | 3–2 |

| GRIND. 4–3–3 | | KEFLAV. 4–5–1 | |
|---|---|---|---|
| Óskar Pétursson | 4 | Ómar Jóhannsson | 7 |
| Alexander Magnúss. | 5 | Guðjón Árni Anton. | – |
| (79., Óli Baldur Bjarn. | -) | (´19 Brynjar Örn | 5) |
| Ólafur Örn Bjarnason | 6 | Haraldur Freyr Guðm. | 6 |
| Jamie McCunnie | 6 | Adam Larsson | 5 |
| Ray Anthony Jónsson | 4 | Goran Jovanovski | 4 |
| Jóhann Helgason | 5 | Hilmar Geir Eiðsson | 6 |
| Orri Freyr Hjaltalín | 6 | Andri Steinn Birgiss. | 6 |
| Scott Ramsay | 3 | Einar Orri Einarsson | 5 |
| (88. Michail Pospisil | -) | Jóhann Birnir Guðm. | 5 |
| Paul McShane | 5 | (46., Magnús Þórir | 5) |
| Yacine Si Salem | 7 | Magnús Sverrir Þorst. | 6 |
| (72., Magnús Björgv. | -) | ***Guðmundur Stein.** | **7** |
| Robert Winters | 6 | (73., Grétar Ólafur Hj. | -) |

**Maður leiksins*

**STAÐAN Í PEPSI-DEILD KARLA**

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| **KR** | **4** | **3** | **1** | **0** | **9-4** | **10** |
| Keflavík | 4 | 2 | 2 | 0 | 8-4 | 8 |
| **Stjarnan** | **4** | **2** | **1** | **1** | **8-6** | **7** |
| Fylkir | 4 | 2 | 1 | 1 | 6-5 | 7 |
| **ÍBV** | **4** | **2** | **1** | **1** | **4-3** | **7** |
| Valur | 4 | 2 | 0 | 2 | 4-3 | 6 |
| **FH** | **4** | **1** | **2** | **1** | **6-4** | **5** |
| Víkingur | 4 | 1 | 2 | 1 | 3-3 | 5 |
| **Breiðablik** | **4** | **1** | **1** | **2** | **6-9** | **4** |
| Grindavík | 4 | 1 | 0 | 3 | 4-8 | 3 |
| **Þór** | **4** | **1** | **0** | **3** | **2-6** | **3** |
| Fram | 4 | 0 | 1 | 3 | 2-7 | 1 |

# KR á skriði en FH hikstar áfram

**KR-ingar eru með tveggja stiga forskot á Keflvíkinga á toppi Pepsi-deildar karla eftir 3-1 sigur á Þór í gær. FH-ingar náðu aðeins jafntefli á móti hinum nýliðunum í Víkingi og eru því lentir fimm stigum á eftir Vesturbæingum. Guðmundur Steinarsson jafnaði markamet pabba síns í sigri Keflavíkur í Grindavík.**

**FÓTBOLTI** KR-ingar eru á toppi Pepsi-deildar karla með tíu stig af tólf mögulegum. Þeir unnu 3-1 sigur á baráttuglöðum Þórsurum sem létu ekki draumabyrjun heimamanna slá sig út af laginu.

KR komst í 2-0 strax í upphafi og voru norðanmenn einfaldlega úti á túni fyrstu 20 mínútur leiksins. En þeir komu sér aftur inn í leikinn og reyndu hvað þeir gátu til að jafna leikinn.

„Þeir báru enga virðingu fyrir okkur,“ sagði Rúnar Kristinsson, þjálfari KR. „Það var gaman að mæta þeim því þeir komu framarlega á völlinn og pressuðu á okkur.“

KR-ingar stjórnuðu samt leiknum, ef frá er talinn upphafskafli síðari hálfleiks. Viktor Bjarki Arnarsson skoraði svo loksins þriðja mark KR á 74. mínútu og gerði út um leikinn.

„Það var búið að liggja í loftinu lengi. Við hefðum getað skorað fyrr en markið var kærkomið og róaði menn aðeins.“

KR var með yfirburða miðjuspil í fyrri hálfleik en það dró líka vel af því í seinni hálfleik. Þórsarar sýndu baráttu og styrk en lærðu þá lexíu í dag að þannig verða þeir að spila strax frá upphafsflautinu.



**KOMINN Á BLAÐ** Guðjón Baldvinsson skoraði sitt fyrsta deildarmark í sumar í gær og hér reynir hann skot. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

### Dapurt hjá FH

Nýliðar Víkings voru hreinlega óheppnir að taka ekki öll stigin gegn FH í Kaplakrika. Baráttuglaðir Víkingar komu FH-ingum í opna skjöldu með grimmum leik þar sem þeir pressuðu FH hátt.

Hausinn á FH-ingum var ekki rétt stilltur í gær en leikmenn voru ekki tilbúnir að leggja mikið á sig og vinnuframlagið eftir því – lélegt. FH mátti þakka fyrir stigið því Víkingar fengu betri færi og voru heilt yfir sterkari aðilinn. Það er alveg ljóst að FH-ingar verða að fara í rækilega naflaskoðun ætli þeir sér eitthvað í sumar.

„Fyrri hálfleikurinn er eitthvað það lélegasta sem FH hefur sýnt undir minni stjórn. Leikmenn ætluðu að taka þetta með vinstri,“ sagði Heimir Guðjónsson, þjálfari FH, en hann var þungur á brún eftir leikinn.

„Byrjunin er áhyggjuefni fyrir okkur. Aðalvandamálið er hugarfarslegs eðlis. Menn eru að mæta til leiks með kolrangt hugarfar. Það vantar líka að menn vinni saman.“

### Guðmundur jafnaði markamet pabba síns

Keflavík vann mikilvægan sigur á nágrönnum sínum í Grindavík í gærkvöld, 2-0, í köldum en skemmtilegum Suðurnesjaslag. Þó að Grindvíkingar hefðu verið beittari framan af þá voru það Keflvíkingar sem náðu forystunni rétt fyrir leikhlé þegar Guðmundur Steinarsson spilaði Andra Stein Birgisson í gegnum vörn Grindavíkur. „Það var stórkostlegt að ná að ná að halda hreinu í fyrsta sinn í sumar. Ómar átti það inni hjá okkur að halda hreinu í einum leik,“ sagði Guðmundur eftir leikinn.

„Baráttan og vinnusemin frá fremsta manni og að varamannabekk var frábær. Það skóp þennan sigur. Við vorum yfir í baráttunni. Við unnum fleiri einvígi á vellinum,“ sagði Guðmundur en markið sem hann skoraði sjálfur í seinni hálfleik hafði mikla merkingu fyrir hann sjálfan fyrir utan að gera út um leikinn. „Ég náði að jafna pabba minn sem markahæsti leikmaður félagsins og það var ánægjulegt.“ **- esá, hbg, gmi**





**EGILL ATLASON** Fagnar hér marki sínu ásamt félögum sínum í Víkingsliðinu.

**KR 3-1 ÞÓR**

*1-0 Bjarni Guðjónsson (8.), 2-0 Guðjón Baldvinsson (9.), 2-1 Sveinn Elías Jónsson (22.), 3-1 Viktor Bjarki Arnarsson (74.)*

Vodafone-völlurinn, áhorf.: 1.412

Dómari: Erlendur Eiríksson (7)

**TÖLFRÆÐIN**

| | |
|---|---|
| Skot (á mark) | 19–5 (12–2) |
| Varin skot | Hannes 1 – Rajkovic 9 |
| Horn | 10–7 |
| Aukaspyrnur fengnar | 18–17 |
| Rangstöður | 0–0 |

**KR 4–3–3** Hannes Þór Halldórsson 6 - Magnús Már Lúðvíksson 7 (88., Dofri Snorrason -), Skúli Jón Friðgeirsson 7, Grétar Sigfinnur Sigurðarson 6, Guðmundur Reynir Gunnarsson 5 - Bjarni Guðjónsson 7, ***Viktor Bjarki Arnarsson 8** (78., Gunnar Örn Jónsson -), Ásgeir Örn Ólafsson 6 - Óskar Örn Hauksson 7, Kjartan Henry Finnbogason 5 (58., Baldur Sigurðsson 6), Guðjón Baldvinsson 6.

**Þór 4–3–3** Srdjan Rajkovic 6 - Baldvin Ólafsson 4, Atli Jens Albertsson 8, Þorsteinn Ingason 5, Ingi Freyr Hilmarson 6 - Janez Vrenko 7, Ármann Pétur Ævarsson 3 ((67., David Disztl 5), Gunnar Már Guðmundsson 6 - Sveinn Elías Jónsson 5 (84., Ottó Hólm Reynisson -), Atli Sigurjónsson 7, Jóhann Helgi Hannesson 4 (71., Sigurður Marínó Kristjánsson -).




Pantaðu fría landslagsráðgjöf í dag!

Inga Rut Gylfadóttir og Björk Guðmundsdóttir, landslagsarkitektar FILA, hjálpa þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn þér að kostnaðarlausu.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhellu 2, 221 Hafnarfjörður | Hrísmýri 8, 800 Selfoss | Malarhöfða 10, 110 Reykjavík | sími 4 400 400, www.steypustodin.is


Ford Focus
í dag
nýr
Komdu í Brimborg í dag
Græn skref í Reykjavík
P
90 mín.
Visthæfur bíll
Ford
Nýtt tákn um gæði
Kauptu bíl sem notar aðeins
3,7 lítra
á hundraðið frá Blönduósi
Komdu í Brimborg í dag. Skoðaðu nýjan Focus. Kostar aðeins frá 3.350 þús. kr!
Lestu meira á ford.is
Focus
Nýr Focus getur bakkað sjálfur í bílastæði fyrir þig.
Færð líka frítt í stæði.
Nýtt - spyrðu um framlengda verksmiðjuábyrgð í allt að 5 ár.
Komdu í Brimborg í dag!
Venjulegt íslenskt fjölskyldufyrirtæki í 47 ár
brimborg
Öruggur staður til að vera á
Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | ford.is

## > Liam Neeson

„Það er ótrúlegt að horfa á barnsandlit og sjá hluta af þínu eigin skinni og sál. Þá rennur það upp fyrir manni að maður er hluti af þróun mannkynsins.

***Liam Neeson leikur fyrri leyniþjónustumann sem þarf að nota alla sína þekkingu og reynslu til þess að bjarga dóttur sinni úr klóm mannræningja í spennumyndinni Taken sem er á Stöð 2 Bíó kl. 20 í kvöld.***



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KRISTJANA ARNARSDÓTTIR SPÁIR Í EUROVISION

# *Veðjaði á vitlaust land í drykkjuleiknum*

Ég var eflaust ekki sú eina sem fylgdist grannt með Eurovision á laugardagskvöldið. Ég er forfallið Eurovision-nörd og var því að sjálfsögðu búin að kynna mér flest þeirra laga sem kepptu á úrslitakvöldinu. Uppáhaldslagið mitt var með strákabandinu Blue frá Bretlandi og taldi ég það gríðarlega sigurstranglegt.

Vinkonuhópurinn ákvað að hittast og horfa saman á keppnina, með viðeigandi Eurovision-drykkjuleik. Sá leikur var alls ekki flókinn, hver okkar átti að velja land og taka sopa þegar „okkar land“ fékk stig í símakosningunni. Við nenntum þó ekki að bíða fram að henni og hófum því leikinn á því að drekka þegar söngvari lyfti höndum yfir höfuð sér í miðjum söng, einhver úr atriðinu daðraði við myndavélina, söngvari frá Austur-



Evrópu var með aflitað hár, kynnarnir skiptu um kjóla og svo framvegis. Við höfðum allar valið okkur land þegar komið var að úrslitum símakosningarinnar. Ég hélt að sjálfsögðu með Blue og valdi því að drekka þegar Bretland fékk stig. Eftir að hafa hlustað á öll lögin ákvað ein okkar, sem ætlaði sér ekki að drekka of duglega, að velja lag frá Austur-Evrópu, þar sem henni fannst lagið hörmulegt og taldi því ekki líklegt að lagið myndi hala inn stig og hún þyrfti þar af leiðandi ekki að drekka of mikið. Þetta átti algjörlega eftir að snúast í höndunum á henni. Við gleymdum semsagt alveg að taka pólitísku hliðina inn í drykkjuleikinn. Að sjálfsögðu áttum við að velja lag frá Austur-Evrópu, enda ávísun á ofurölvun.

## RÚV

**15.55 Þýski boltinn** (e)
**16.55 Íslenski boltinn** (e)
**17.50 Táknmálsfréttir**
**18.00 Tóti og Patti** (6:52)
**18.11 Þakbúarnir** (5:52)
**18.23 Skúli skelfir** (40:52)
**18.34 Kobbi gegn kisa** (25:26)
**19.00 Fréttir**
**19.30 Veðurfréttir**
**19.35 Kastljós**
**20.10 Vormenn Íslands** Hitað upp fyrir Evrópumót landsliða leikmanna yngri en 21 árs sem fram fer í Danmörku í júní.
**20.40 Að duga eða drepast** (26:31) (Make It or Break It) Bandarísk þáttaröð um ungar fimleikadömur sem dreymir um að komast í fremstu röð.
**21.25 Biðsalur eða betri stofa** Hvernig er að verða gamall á Íslandi? Í þættinum kynnumst við því hvernig er að búa á hjúkrunarheimili, en nýjar rannsóknir sýna að aðbúnaðurinn þar er afar mismunandi.
**22.00 Tíufréttir**
**22.10 Veðurfréttir**
**22.15 Rannsókn málsins - Draugalest** (2:2) (Trial and Retribution: Ghost Train) Bresk spennumynd frá 2008 í tveimur hlutum. Stúlka fellur úr parísarhjóli og lætur lífið og talið er að það hafi verið slys.
**23.05 Aðþrengdar eiginkonur** (e)
**23.50 Kastljós** (e)
**00.20 Fréttir** (e)
**00.30 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**08.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**10.00 Full of It**
**12.00 Lína Langsokkur**
**14.00 Tenacious D: in The Pick of Destiny**
**16.00 Full of It**
**18.00 Lína Langsokkur**
**20.00 Taken**
**22.00 The Lodger**
**00.00 Walk Hard: The Dewey Cox Story**
**02.00 School of Life**
**04.00 The Lodger**
**06.00 The Last Time**

## STÖÐ 2

**07.00 Barnatími Stöðvar 2**
**08.15 Oprah**
**08.55 Í fínu formi**
**09.10 Bold and the Beautiful**
**09.30 The Doctors**
**10.15 The New Adventures of Old Christine** (18:22)
**10.35 Wonder Years** (11:17)
**11.00 American Dad** (3:20)
**11.20 The Office** (3:6)
**11.50 Burn Notice** (7:16)
**12.35 Nágrannar**
**13.00 So You Think You Can Dance**
**15.10 Sjáðu**
**15.40 Barnatími Stöðvar 2**
**17.05 Bold and the Beautiful**
**17.30 Nágrannar**
**17.55 The Simpsons** (7:25)
**18.23 Veður**
**18.30 Fréttir Stöðvar 2**
**18.47 Íþróttir**
**18.54 Ísland í dag**
**19.11 Veður**
**19.20 Two and a Half Men** (10:24)
**19.45 Modern Family** (10:24)
**20.10 The Big Bang Theory** (7:23)
**20.35 How I Met Your Mother** (8:24)
**21.00 Bones** (8:23) Sjötta serían þar sem fylgst er með störfum Dr. Temperance Bones Brennan réttarmeinafræðings sem kölluð er til ráðgjafar í allra flóknustu morðmálum.
**21.45 Hung** (5:10) Gamansamur þáttur með dramatísku ívafi frá HBO og fjallar um Ray Drecker sem er skólaliðsþjálfari á fimmtugsaldri.
**22.15 Eastbound and Down** (5:6)
**22.45 Daily Show: Global Edition**
**23.10 Gossip Girl** (13:22)
**23.55 Grey's Anatomy** (19:22)
**00.40 Ghost Whisperer** (9:22)
**01.25 The Ex List** (4:13)
**02.10 NCIS: Los Angeles** (3:24)
**02.50 Eleventh Hour** (3:18)
**03.30 30 Days Until I'm Famous**
**05.00 American Dad** (3:20)
**05.20 How I Met Your Mother** (8:24)
**05.45 Fréttir og Ísland í dag**

## SPORT *besta sætið*

**07.00 Pepsi mörkin**
**08.10 Pepsi mörkin**
**17.00 KR - Þór** Útsending frá leik KR og Þórs í Pepsi-deild karla í knattspyrnu.
**18.50 Pepsi mörkin** Hörður Magnússon, Hjörvar Hafliðason og Magnús Gylfason gera upp leikina í Pepsi-deild karla. Öll mörkin og umdeildu atvikin eru skoðuð og farið yfir það sem vel er gert og það sem betur mátti fara hjá leikmönnum, dómurum og þjálfurum.
**20.00 Fréttaþáttur Meistaradeildar Evrópu** Skyggnst á bak við tjöldin hjá liðunum sem leika í Meistaradeild Evrópu. Hitað upp fyrir úrslitaleikinn og um leið hinir ýmsu leikir krufðir til mergjar.
**20.30 European Poker Tour 6** Sýnt frá European Poker Tour þar sem mætast allir bestu spilarar heims.
**21.20 Ensku bikarmörkin** Sýndar svipmyndir og öll mörkin úr leikjum helgarinnar í ensku bikarkeppninni (FA Cup).
**21.50 Spænsku mörkin** Sýnt frá öllum leikjunum, öllum mörkunum og öllum helstu tilþrifunum úr leikjum helgarinnar í spænska boltanum.
**22.40 NBA 2010/2011 - Playoff Games** Útsending frá leik í úrslitakeppni NBA.

## SPORT 2 *enski boltinn*

**07.00 Swansea - Nott. Forest**
**14.10 Blackburn - Man. Utd.**
**15.55 Liverpool - Tottenham** Útsending frá leik Liverpool og Tottenham.
**17.40 Premier League Review** Flottur þáttur um ensku úrvalsdeildina þar sem leikir helgarinnar verða skoðaðir og krufðir til mergjar.
**18.35 Man. City - Stoke** Bein útsending frá leik Manchester City og Stoke City í ensku úrvalsdeildinni.
**20.45 Cardiff - Reading** Útsending frá leik Cardiff og Reading í undanúrslitum um sæti í ensku úrvalsdeildinni. Þetta er seinni leikur liðanna. Leikurinn er í beinni á Stöð 2 Sport 3 kl. 18.40 í dag.
**22.30 Ensku mörkin** Sýnt frá síðustu leikjum í neðri deildum enska boltans. Glæsileg mörk og mögnuð tilþrif.
**23.00 Man. City - Stoke**
**00.45 Cardiff - Reading**

## SKJÁREINN

**07.20 Spjallið með Sölva** (13:16)
**08.00 Dr. Phil** (178:181)
**08.45 Rachael Ray** (178:195)
**09.30 Pepsi MAX tónlist**
**16.20 90210** (19:22)
**17.05 Rachael Ray** (179:195)
**17.50 Dr. Phil** (179:181)
**18.35 America's Funniest Home Videos** (43:50)
**19.00 High School Reunion** (1:8)
**19.45 Whose Line is it Anyway?** (7:39)
**20.10 Survivor** (1:16)
**21.00 WAGS, Kids & World Cup Dreams** (2:5) Fimm kærustur þekktra knattspyrnumanna halda til Suður-Afríku í aðdraganda heimsmeistarakeppninnar sem haldin var á síðasta ári.
**21.50 The Good Wife** (17:23) Þáttaröð með stórleikkonunni Juliönnu Margulies sem slegið hefur rækilega í gegn.
**22.40 Penn & Teller** (10:10) Galdrakarlarnir brögðóttu Penn og Teller afhjúpa svikahrappa og svindlara í þessum bráðskemmtilegu þáttum.
**23.10 CSI** (18:22) Bandarískir sakamálaþættir um störf rannsóknardeildar lögreglunnar í Las Vegas.
**00.00 CSI: New York** (5:23) Bandarísk sakamálasería um Mac Taylor og félaga hans í rannsóknardeild lögreglunnar í New York.
**00.45 The Good Wife** (17:23)
**01.30 Pepsi MAX tónlist**
**06.00 Pepsi MAX tónlist**

## SKJÁRGOLF

**07.00 The Players Championship** (1:4)
**11.10 Golfing World** (85:240)
**18.00 Golfing World** (87:240)
**18.50 PGA Tour - Highlights** (18:45)
**19.45 World Golf Championship 2011** (4:4)
**22.00 Golfing World** (87:240)
**22.50 PGA Tour - Highlights** (12:45)
**23.45 ESPN America**
**00.00 Golfing World** (87:240)
**00.50 The Players Championship** (2:4)
**06.00 ESPN America**

## EXTRA

**19.30 The Doctors**
**20.15 Grey's Anatomy** (3:24) Fimmta sería þessa vinsælasta dramaþáttar í heimi. Meredith og Derek komast að því að það að viðhalda hinu fullkomna sambandi er mun erfiðara en þau áttu von á.
**21.00 Fréttir Stöðvar 2**
**21.25 Ísland í dag**
**21.55 Glee** (18:22) Önnur gamanþáttaröðin um metnaðarfulla menntaskólanemana sem halda áfram að keppast við að vinna söngkeppnir á landsvísu þrátt fyrir mikil mótlæti frá klappstýrukennaranum Sue.
**22.55 The Event** (20:22) Hörkuspennandi þættir um venjulegan, ungan mann sem hafður er fyrir rangri sök. Ásamt kærustu sinni lendir hann á flótta og áður en þau vita af eru þau orðin flækt í meiri háttar samsæri gegn forseta Bandaríkjanna.
**23.40 Nikita** (9:22) Ný og hörkuspennandi þáttaröð frá Warner Bros um leyniþjónustuna Division sem rænir til sín ungmenni sem áttu erfiða æsku.
**00.25 Saving Grace** (9:14)
**01.10 Grey's Anatomy** (3:24)
**01.55 The Doctors**
**02.35 Sjáðu**
**03.00 Fréttir Stöðvar 2**
**03.50 Tónlistarmyndbönd frá Nova TV**

## N4

**18.15 Að norðan** Með Hildu Jönu Gísladóttur.
**19.00 Fróðleiksmolinn**

## ÍNN

**20.00 Hrafnaþing** Jafet Ólafsson og Yngvi Örn Kristinsson tala um nýja kjarasamninga og fleira.
**21.00 Græðlingur** Gurrý heimsækir Grasagarðinn í Laugardal.
**21.30 Svartar tungur** Þeim semur ótrúlega þessum körlum.
**Dagskrá ÍNN er endurtekin um helgar og allan sólarhringinn.**

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## ÚTVARP FM

| | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|
| FM 88,5 XA-Radíó | FM 90,9 Gullbylgjan | FM 93,5 Rás 1 | FM 96,3 FM Suðurland | FM 97,7 X-ið | FM 99,4 Útvarp Saga | FM 102,9 Lindin |
| FM 90,1 Rás 2 | FM 91,9 Kaninn | FM 95,7FM957 | FM 96,7 Létt Bylgjan | FM 98,9 Bylgjan | FM 102,2 Útvarp Latibær | FM 105,5 Útvarp Boðun |

24. maí er síðasti dagurinn sem þú hefur til að hafa áhrif á niðurstöður í atkvæðagreiðslunni um kjarasamningana

Sýnum ábyrga afstöðu

Greiðum atkvæði um kjarasamningana

FLÓABANDALAGIÐ EFLING STÉTTARFÉLAG V.L.F. HLÍF VSFK

ATH! Atkvæði í póst skilist í síðasta lagi 20. maí

## Í KVÖLD



**STÖÐ 2 KL. 21.00**
**Bones**
Brunnið lík finnst í flutningabíl. Brennan og Booth rekja slóðina til framhaldsskóla þar sem eiginkona fórnarlambsins vinnur og finna vísbendingar um forboðið samband milli kennara og nemanda.

## RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.39** Morgunútvarp hefst **06.40** Veðurfregnir **06.50** Bæn **07.00** Fréttir **07.03** Vítt og breitt **07.30** Fréttayfirlit **08.00** Morgunfréttir **08.05** Morgunstund með KK **08.30** Fréttayfirlit **09.00** Fréttir **09.05** Okkar á milli **09.45** Morgunleikfimi **10.00** Fréttir **10.03** Veðurfregnir **10.13** Eyðieyjan **11.00** Fréttir **11.03** Samfélagið í nærmynd **12.00** Hádegisútvarpið **12.20** Hádegisfréttir **12.45** Veðurfregnir **12.50** Dánarfregnir og auglýsingar **13.00** Stjórnarskrá að eigin vali **14.00** Fréttir **14.03** Sker **15.00** Fréttir **15.03** Útvarpssagan: Náðarkraftur **15.25** Málstofan **16.00** Síðdegisfréttir **16.05** Víðsjá **17.00** Fréttir **18.00** Kvöldfréttir **18.20** Auglýsingar **18.21** Spegillinn **18.50** Veðurfregnir **18.53** Dánarfregnir **19.00** Endurómur úr Evrópu **20.00** Leynifélagið **20.30** Í heyranda hljóði **21.20** Tríó **22.00** Fréttir **22.05** Veðurfregnir **22.10** Orð kvöldsins **22.20** Fimm fjórðu **23.05** Matur er fyrir öllu **00.00** Fréttir **00.05** Næturútvarp Rásar 1

## BBC entertainment

**08.20** Dalziel and Pascoe **09.15** Dalziel and Pascoe **10.05** EastEnders **10.35** Fawlty Towers **11.05** ,Allo ,Allo! **11.40** ,Allo ,Allo! **12.10** Keeping Up Appearances **12.40** Fawlty Towers **13.10** ,Allo ,Allo! **13.45** ,Allo ,Allo! **14.15** The Weakest Link **15.05** The Weakest Link **15.50** Fawlty Towers **16.25** ,Allo ,Allo! **16.55** ,Allo ,Allo! **17.30** Inspector Lynley Mysteries **18.20** Inspector Lynley Mysteries **19.05** Top Gear **20.00** The Graham Norton Show **20.45** The Office **21.15** Little Britain **21.45** Coupling **22.15** Jack Dee Live at the Apollo

## DR 1

**11.30** Ønskehaven **12.00** Det Søde Sommerliv **13.00** DR Update - nyheder og vejr **13.10** Aftenshowet **14.00** Timmy-tid **14.10** Chiro **14.15** Den fortryllede karrusel **14.30** Lille Nørd **15.00** Landsbyhospitalet **15.50** DR Update - nyheder og vejr **16.00** Hvad er det værd? **16.30** TV Avisen med Sport **17.05** Aftenshowet **18.00** Hammerslag **18.30** Sømanden & Juristen - historier fra et hospice **19.00** TV Avisen **19.25** Kontant **19.50** SportNyt **20.00** Wallander. Skyggerne **21.05** Kysset af spritten **21.35** I morgen skal det være

## NRK 1

**12.00** Hurra for Andersens **13.25** Filmavisen **13.35** Pappa kom hem **14.50** A-ha - for aller siste gang **16.00** Mesternes mester **17.00** Dagsrevyen **17.30** Gratulerer med dagen! **18.55** Skulle det dukke opp flere lik er det bare å ringe **20.35** Korpskamerater **20.50** Extra-trekning **21.00** Kveldsnytt **21.15** En hushjelp til besvær **22.55** Påpp og Råkk **23.20** Svisj gull **01.00** Norsk på norsk jukeboks **04.30** Morgennytt

## SVT 1

**11.05** Söder om landsvägen **12.40** Världens kläder **13.10** Gomorron Sverige **14.00** Rapport **14.05** Hollywoodredaktionen **14.30** Året med norska kungafamiljen **15.30** Sverige idag **15.55** Sportnytt **16.00** Rapport med A-ekonomi **16.10** Regionala nyheter **16.15** Genom Ryssland på 30 dagar **17.00** Kulturnyheterna **17.15** Regionala nyheter **17.30** Rapport med A-ekonomi **18.00** Huset fullt av hundar **19.00** Soldater i månsken **20.00** Dox **21.30** Två kockar i samma soppa **22.20** Brottet och straffet




Opið Hús

Í dag er opið hús í
Menntaskólanum Hraðbraut
frá kl. 16.00 - 18.30.

Allir eru velkomnir.

MENNTASKÓLINN HRAÐBRAUT
TVEIMUR ÁRUM Á UNDAN

Faxafeni 10 · 108 Reykjavík · Sími: 565-9500 · www.hradbraut.is



## MORGUNMATURINN



*„Ristað speltbrauð og pestó, hafragrautur, banani og tíu bollar af kaffi.“*

Sigurður Ásgeir Árnason, söngvari Ultra Mega Technobandsins Stefáns.

# Útvarpsstarfið leyndur draumur

„Þetta er alveg hrikalega spennandi tækifæri og ég er með fiðrildi í maganum,“ segir Margrét Björnsdóttir, glænýr liðsmaður útvarpsstöðvarinnar FM957, en hún stjórnar þættinum Fjögur til sex á hverjum virkum degi ásamt Brynjari Má Valdimarssyni útvarpsmanni.

„Brynjar hringdi í mig fyrir helgi og sagði að þeir væri að leita að skemmtilegri stelpu í útvarpið og að mitt nafn hefði komið oft upp í þeim umræðum. Við hittumst svo um helgina og ég var ráðin,“ segir Margrét sem komst í fréttirnar fyrr í vetur þegar hún vann keppnina fyndnasti nemandi Verslunarskóla Íslands og fékk í kjölfarið að koma fram með uppistandshópnum Mið-Íslandi.

Margrét viðurkennir að útvarpsstarfið hafi lengi verið leyndur draumur „Mig hefur alltaf langað til að komast í útvarpið því ég hef mjög mikinn áhuga á tónlist en ég er samt ekki kannski þessi týpíski FM957 hlustandi því ég er meira fyrir rokk en popp en lofa að spila mikið tónlistina úr Steindanum okkar, ég hreinlega elska þættina og lögin eru frábær,“ segir Margrét sem er þekkt fyrir að vera með ansi grófan húmor en það þarf hún að passa í útvarpi. „Úff, já ég get sko ekki sagt hvað sem er og verð að passa að verða ekki of gróf. Þátturinn er á besta útvarpstímanum og margir að hlusta,“ en samhliða útvarpsstarfinu stendur hún vaktina í tískuvöruversluninni Rokk&Rósum og í afgreiðslunni á 101 hótel. „Það verður brjálað að gera hjá mér í sumar en ég er vön því og hlakka mikið til.“ Fyrsti þátturinn fer í loftið á föstudaginn. **-áp**



**ÆTLAR AÐ SPILA STEINDANN** Margrét Björnsdóttir uppistandari er með fiðrildi í maganum fyrir fyrsta þáttinn á föstudaginn. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Sjónvarpsþátturinn Latibær verður sýndur á bandarísku sjónvarpsstöðinni Sprout frá og með september næstkomandi. Þetta eru góð tíðindi fyrir Magnús Scheving og hans fólk í Latabæ sem vinnur stöðugt að útbreiðslu þáttarins. Á meðal annarra barnaþátta sem eru sýndir á Sprout eru hinir vinsælu Sesame Street og Barney & Friends. Fimmtíu milljónir heimila hafa aðgang að stöðinni í Bandaríkjunum og er hún sú fyrsta sinnar tegundar sem sýnir barnaefni allan sólarhringinn fyrir börn á leikskólaaldri. **- fb**




**Streita og svefntruflanir**

**Hvað er til ráða?**

**Námskeið föstudaginn 18. maí kl. 17.00 - 20.00**



Erla Gerður Sveinsdóttir, yfirlæknir HNLFÍ og Heilsuborgar



Magna Friður Birnir, hjúkrunarforstjóri HNLFÍ



Sigrún Ása Þórðardóttir, sálfræðingur og verkefnastjóri HNLFÍ og Heilsuborgar

**Verð 5.800 kr.**

**Skráning á mottaka@heilsuborg.is eða í síma 560 1010**

HEILSUBORG

Faxafeni 14 www.heilsuborg.is



Söfnunarsjóður lífeyrisréttinda

**Ársfundur 2011**

Ársfundur Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda verður haldinn þriðjudaginn 17. maí 2011 kl. 16.00, að Borgartúni 29, 4. hæð.

**Dagskrá**

1. Flutt skýrsla stjórnar
2. Gerð grein fyrir ársreikningi
3. Tryggingafræðileg úttekt
4. Fjárfestingarstefna sjóðsins kynnt
5. Önnur mál

Allir sjóðfélagar, jafnt greiðandi sem lífeyrisþegar, eiga rétt til fundarsetu á ársfundinum. Sjóðfélagar eru hvattir til að mæta á fundinn.

Reykjavík 19. 04. 2011

**Stjórn Söfnunarsjóðs lífeyrisréttinda**


BALTASAR KORMÁKUR: STÓR VERKEFNI TAKA LANGAN TÍMA

# WORKING TITLE KAUPIR VÍKINGAMYND BALTASARS

Breska framleiðslufyrirtækið Working Title Films hefur keypt kvikmyndaréttinn að víkingamynd Baltasars Kormáks en gengið var frá samningum þess efnis nýverið. Samkvæmt nýjum samningum mun Baltasar leikstýra myndinni og vera einn af meðframleiðendum. Working Title á réttinn til tveggja ára og er stefnt að því að gera myndina innan þess tíma. „Ég er búinn að vinna lengi að þessu,“ segir Baltasar í samtali við Fréttablaðið. Working Title Films er feikilega virt framleiðslufyrirtæki, gerir kvikmyndir oft með Universal en leiðir Baltasars og fyrirtækisins lágu fyrst saman í gegnum Contraband, sem er endurgerð á Reykjavík-Rotterdam.

Það vakti mikla athygli þegar Fréttablaðið greindi frá því í október árið 2008 að Baltasar hygðist gera hér stærstu kvikmynd Íslandssögunnar, 60 milljón dollara víkingamynd. Framleiðendur frá bandaríska framleiðslufyrirtækinu 26 Films komu hingað og skoðuðu aðstæður og allt leit vel út, byggja átti víkingaþorp og láta það veðrast fyrir tökur. En svo fóru á kreik sögusagnir um að myndin yrði ekki að veruleika en Baltasar vísar því algerlega á bug. „Það sem gerðist var að framleiðendurnir á bak við 26 Films hættu að vinna saman. Ég fór með handritið til Working Title og þeir voru mjög spenntir.“ En þá kom sjálfur Mel Gibson og setti stórt strik í reikninginn. Hollywood-stjarnan tilkynnti að hún hygðist gera víkingamynd með Leonardo DiCaprio í aðalhlutverki. „Og þá fraus verkefnið eiginlega, menn voru ekki tilbúnir að fara í framleiðslu á öðru svona keimlíku efni.“ Hreyfing komst á málið þegar Gibson klúðraði sínum málum með undarlegri hegðun í einkalífinu og þegar tökum á Contraband lauk fóru samningaviðræður á fullt aftur. Þeim lauk svo fyrir skemmstu. „Svona stórt verkefni tekur alltaf sinn tíma.“

Baltasar er hóflega bjartsýnn enda farinn að þekkja kvikmyndabransann vel; ekki er sopið kálið þótt í ausuna sé komið. „Vonandi kemst þetta af stað, framleiðendurnir koma á miðvikudag til að skoða tökustaði. Þetta getur haft góð áhrif á atvinnulífið; áttatíu prósent af tökunum færu fram hér á landi og það væru alvöru peningar sem kæmu inn í landið.“

**freyrgigja@frettabladid.is**





**TIL BRETLANDS**

Framleiðslufyrirtækið Working Title Films hefur keypt réttinn að víkingamynd Baltasars Kormáks. Hann verður leikstjóri og meðframleiðandi. Samningaviðræður við fyrirtækið voru hins vegar settar í biðstöðu 2009 þegar Mel Gibson tilkynnti að hann hygðist einnig gera víkingamynd.

FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON BRINK

# Keppir um að hanna bol fyrir sænska tískurisann H&M

Auður Ýr Elísarbetardóttir er þátttakandi í hönnunarsamkeppni á vegum tískurisans H&M í Bandaríkjunum og var lengi í baráttunni um efsta sætið.

Auður Ýr flutti út til San Francisco til þess að leggja stund á nám í myndskreytingum. Hún heyrði af samkeppninni í gegnum skólann sinn. „Samkeppnin var auglýst í gegnum skólann sem ég er að fara í í haust og ég ákvað að taka þátt því þetta yrði frábær kynning fyrir mig ef ég mundi vinna,“ útskýrir Auður Ýr. Hún hefur búið í Bandaríkjunum síðan í september ásamt eiginmanni sínum Marinó Sigurðssyni, en til gamans má geta þess að hann og tvíburabróðir hans léku Bamm Bamm í kvikmyndinni um Flintstones.

Auður Ýr sat lengi í öðru sæti keppninnar, sem er vinsældakosning, en undanfarið hafa aðrir keppendur tekið fram úr henni og nú er hún í áttunda sæti. Sigurmyndin verður prentuð á stuttermaboli sem seldir verða um öll Bandaríkin en að auki hlýtur sigurvegarinn peningaverðlaun og fataúttekt í verslunum H&M að andvirði 60.000 krónur. „Verkið verður einnig sýnt í gluggum verslunarinnar þannig þetta eru mjög vegleg verðlaun. Svo væri ekki leiðinlegt að fá úttektina heldur og geta keypt sér föt án þess að fá samviskubit,“ segir Auður og hlær.

Það eru ekki aðeins Bandaríkjamenn sem geta tekið þátt í netkosningunni og því geta Íslendingar lagt Auði lið í keppninni með því að heimsækja slóðina www.yourarthere.com/entry/perla. **- sm**





**HÖRÐ KEPPNI** Auður Ýr Elísabetardóttir tekur þátt í hönnunarsamkeppni á vegum tískurisans H&M. Hún var lengi í baráttunni um efstu sætin. Myndin sem Auður Ýr sendi í keppnina er af ungri konu með perlufesti.


ÚRVALIÐ ER
í Flísa- & Baðmarkaðnum
EN: 1111:1998
CE
NAPOLI hitastýrt sturtusett
26.900
CERAVID baðkar 170x75 cm
18.900
6 mm Hert öryggisgler
MILAN sturtuhorn
90x90 cm eða 80x80 cm með botni.
Vatnslás og botnventill fylgja.
22.900
ROMA innrétting og spegill
37.900
6 mm Hert öryggisgler
Sturtuklefi 80x80x195cm
með botni, vatnslás og botnventli
39.900
Einnig fánlegur í 90x90x195cm
Fæst einnig í rúnnaðri útfærslu
EURO handklæðaofn kúptur
króm 50x80 cm
13.490
EN: 1111:1998
NAPOLI hitastýrð blöndunar-
tæki f. baðkar
CE
12.995
Þýskar og spænskar innréttingar
LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM
VitrA
QUALITY
Sunrise
NAPOLI hitastýrð blöndunartæki
fyrir sturtu
10.900
CE
EN: 1111:1998
CALIFORNIA innrétting
og spegill
39.900
hár skápur 29.900
(fáanlegt í hvítu og Wengue)
6 mm Hert öryggisgler
FC 504 Sturtuhorn 90x90 cm
32.900
ADELL sturtusett
2.595
6 mm Hert öryggisgler
FC 512 Sturtuhorn m. botni 145x80 cm
59.900
Flísa&Bað
MARKAÐURINN
Bæjarlind 6, Kópavogi, sími 517 6067. Opið mán. - fös. 10-18, laugard. 11-16.

# FRÉTTABLAÐIÐ

VIÐ SEGJUM FRÉTTIR | SMÁAUGLÝSINGASÍMINN OG SKIPTIBORÐ: 512 5000 | VÍSIR

Ritstjórn: 512 5313, Fax: 512 5301, ritstjorn@frettabladid.is Auglýsingadeild: auglysingar@frettabladid.is PRENTUN: Ísafoldarprentsmiðja

Póst húsið

DREIFING: dreifing@posthusid.is
EF BLAÐIÐ BERST EKKI: 512 5060



FRÉTTIR VIÐSKIPTI ÍÞRÓTTIR LÍFIÐ UMRÆÐAN

vísir

Meiri Vísir.


## FRÉTTIR AF FÓLKI

### Þurfa að fá sér vinnu

Tónlistarhúsið Harpa fer misvel í landsmenn. Bubbi Morthens vakti athygli á því í pistli sínum á Pressunni í gær að tónlistarmönnum væri bannað að selja diska, boli eða annan varning nema í gegnum söluaðila og skerði það tekjur tónlistarmannanna. **Björgvin Halldórsson** birti pistil Bubba á Facebook-síðu sinni. Stefán Hilmarsson tók undir með Bubba í athugasemd við pistilinn. Björgvin virðist sama sinnis er hann skrifar: „Við verðum að fara að fá okkur vinnu held ég.“



### Grínisti hittir grínista

Kanadíski grínistinn **Jon Lajoie** mætti til landsins í síðustu viku og kom fram í Háskólabíói á fimmtudagskvöld. Lajoie hefur notið gríðarlega vinsælda á netinu og sló raunar fyrst í gegn með myndböndum sínum á vefsíðunni Youtube. Grínistinn **Steindi Jr.** hefur sömu sögu að segja, en þúsundir deila myndböndum hans á Facebook í hverri viku. Lajoie og Steindi hittust einmitt um helgina, en þeir voru kynntir á Danska barnum þar sem þeir sátu að sumbli. Þeir spjölluðu í stutta stund um gott grín, eins og við var að búast, áður en leiðir þeirra skildu. - jab, afb



## Mest lesið vísir

1. Le Bon líkti Vinum Sjonna við Kiefer Sutherland
2. Tilraun til manndráps: Hringdi sjálfur eftir aðstoð
3. Óhugnanlegar rúnir krotaðar á alla veggi
4. Ljósmyndari dæmdur til þess að greiða 14 milljónir
5. Byko mátti skrá niður kennitölu





HVER ER SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS?

MARKAÐURINN KEMUR ÚT Á MORGUN!



Allt sem þú þarft



